UMFÍ

ÁRSSKÝRSLA 2026

46. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR
ÍSAFIRÐI 10. OKTÓBER 2026.









EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS 4
SAMBANDSAÐILAR UMFÍ 6

STEFNUMÓTUN

STEFNA UMFÍ 10

SVÆÐISSTÖÐVAR

SVÆÐISSTÖÐVAR ÍÞRÓTTAHÉRAÐA 16
HVATASJÓÐUR 28

SKÓLABÚÐIR

SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM 34

MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ 38
LANDSMÓT UMFÍ 50+ 44
DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR 48

FRÆÐSLA OG FORVARNIR

INNLEND SAMVINNA 52
UNGMENNARÁÐ UMFÍ 55
VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF 58
ALÞJÓÐLEG SAMVINNA 61

MIÐLUN OG SAMSKIPTI

STARFSSKÝRSLUKERFI ÍSÍ OG UMFÍ 68
ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF 72
MÁLSVARI HREYFINGARINNAR 75
MIÐLÆG ÞJÓNUSTA 79
FUNDIR OG SAMSKIPTI 81
SAMSTARFSAÐILAR 87

REKSTUR

GETSPÁ – GETRAUNIR 92
LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA 94
LOTTÓÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ 96
STUÐNINGUR STJÓRNVALDA 98
SJÓÐIR 100
ÞRASTASKÓGUR 102

MANNAUÐUR

STJÓRN OG NEFNDIR 2025–2027 106
STARFSFÓLK 108
VIÐURKENNINGAR 110
VERÐLAUN 112

ÁRSREIKNINGUR 2025

Áritun óháðs endurskoðanda 116
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra 118
Rekstrarreikningur ársins 2025 120
Yfirlit um rekstur 2025 121
Efnahagsreikningur 31. desember 2025 122
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025 124
Skýringar 125
ÁRSYFIRLIT SVÆÐISSTÖÐVA ÍÞRÓTTAHÉRAÐA 2025 136

LÖG UMFÍ

LÖG UMFÍ 140

ÁVARP FORMANNS

Árið 2025 markaði tímamót í sögu UMFÍ. Nú starfa öll íþróttahéruð landsins saman innan hreyfingarinnar og þar með hefur skapast sterkari grunnur en nokkru sinni fyrr til að efla starf UMFÍ um allt land. Áfangi sem margir töldu á sínum tíma óraunhæfan er orðinn að veruleika. Nú tekur við nýtt og ekki síður mikilvægt verkefni: að sýna hvað við gerum við þennan sameiginlega slagkraft.

STERKARI SAMAN Á ÁFANGASTAÐ

Þótt þessum mikilvæga áfanga hafi verið náð er verkefninu hvergi nærri lokið. Nú tekur við sá kafli sem skiptir mestu máli: að nýta þann styrk sem orðið hefur til og tryggja að aðildin skili raunverulegum ávinningi fyrir félögin, sjálfboðaliðana og allt það fólk sem tekur þátt í starfi hreyfingarinnar.

Þegar 54. Sambandsþing UMFÍ var sett í Stykkishólmi í fyrra hafði hreyfingin náð stærsta áfanga í sögu sinni. Öll íþróttahéruð landsins höfðu þá fengið samþykkta aðild að samtökunum. Sú vegferð tók áratugi og markaði tímamót fyrir UMFÍ og starf þess um land allt. En eitt lærist á langri göngu: vegferð er eitt, áfangastaðurinn annað.

Við erum rétt lögð af stað og jafnframt að slípa okkur saman.

Á þinginu í Stykkishólmi kom þessi nýja staða meðal annars fram í umræðum um skiptingu lottótekna. Skoðanir voru skiptar og sjónarmið ólík, enda um mikilvægt mál að ræða. Þingið samþykkti sáttaleið sem gaf hreyfingunni svigrúm til frekari umræðu á milli þinga. Með því var brugðist við áhrifum reglugerðarbreytinga á minni íþróttahéruð.

Skoðanir geta verið skiptar og stundum farið hátt í umræðunni. En við verðum að nálgast öll mál af virðingu og yfirvegun. Ákvarðanir þurfa að byggjast á staðreyndum og faglegri greiningu en á sama tíma taka mið af heildarhagsmunum þeirra sem hreyfingin þjónar. Aðeins þannig búum við til varanlegar lausnir við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Það er einmitt hlutverk UMFÍ, að skapa rými fyrir slíkt samtal og stuðla að því að ólík sjónarmið leiði til betri niðurstöðu fyrir starfsemina í heild.

Mikil endurnýjun varð á stjórn UMFÍ á síðasta sambandsþingi. Ég þakka þeim sem létu af störfum fyrir ómetanlegt framlag þeirra í gegnum árin. Um leið fagna ég nýju stjórnarfólki sem hefur komið til starfa af krafti, metnaði og miklum áhuga á framtíð hreyfingarinnar. Fjölbreytt reynsla og ný sjónarhorn skipta miklu máli á tímum breytinga.

Á tímabilinu höfum við einnig unnið að sameiginlegri stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ. Ég tel að sú vinna geti haft varanleg áhrif á framtíð íslensks íþrótta- og félagsstarfs. Hún snýst ekki aðeins um markmið heldur einnig um það hvernig íþróttahreyfingin vinnur saman, nýtir fjármuni og tryggir að rödd grasrótarinnar heyrist.

Stefnumótunin hefur verið unnin í samráði við fólk um allt land. Aðstæður eru mismunandi og áskoranir ólíkar. Þess vegna er mikilvægt að framtíðarsýnin byggi á breiðri þátttöku þeirra sem standa næst starfinu.

Á árinu höfum við jafnframt lagt áherslu á að efla tengsl hreyfingarinnar, bæði innan hennar og út á við. Sú vinna er árangur sameiginlegs átaks margra sem starfa fyrir UMFÍ og aðildarfélög þess um allt land. Sveðisfulltrúar íþróttahéraðanna hafa reynst mikilvæg viðbót og átt sinn þátt í að styrkja samstarf, upplýsingamiðlun og tengsl innan hreyfingarinnar.

Við höfum einnig sótt innblástur út fyrir landsteina. Heimsókn forsvarsfólks DGI í Danmörku gaf okkur dýrmæta innsýn í það hvernig sterk fjöldahreyfing getur sameinað þátttöku, lýðheilsu og félagsleg verðmæti. Heimsóknin minnti okkur jafnframt á að íþróttir snúast ekki eingöngu um keppni heldur einnig um þátttöku, samvinnu, sköpun og gleði.

Starf UMFÍ hefur að venju verið fjölbreytt og öflugt. Verkefni á borð við Skólabúðirnar að Reykjum, Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+, Drulluhlaupið og ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa sýna vel breiddina í starfseminni. Í samstarfi við ÍSÍ og fleiri höfum við einnig komið að fjölmörgum verkefnum sem styrkja enn frekar íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna.

Sérstaklega er ánægjulegt að sjá þann árangur sem náðst hefur í verkefninu Allir með. Verkefnið hefur aukið þátttöku fólks með fjölbreyttar áskoranir og hjálpað íþróttafélögum um allt land að opna dyr sínar fyrir fleiri þátttakendum. Þar birtist skýrt það samfélagslega hlutverk sem hreyfingin gegnir.

Þegar ég lít yfir árið er það þó ekki fjöldi verkefna sem stendur mest upp úr heldur fólkið sjálft. Sjálfboðaliðar, leiðtogar, þjálfarar, foreldrar og þátttakendur eru kjarninn í starfi hreyfingarinnar. Án þeirra væri engin hreyfing.

Fram undan eru áfram stór og mikilvæg verkefni. Stærsta áskorunin er þó að mínu mati ekki skipulag, reglugerðir eða fjárveitingar heldur að standa saman. Saga UMFÍ sýnir að stærstu sigrarnir hafa unnist þegar fólk hefur hlustað hvert á annað, sýnt ólíkum sjónarmiðum virðingu og fundið sameiginlega leið fram á við.

Eins og forseti Íslands, verndari ungmennafélagshreyfingarinnar, hefur ítrekað bent á er samtalið eitt mikilvægasta verkfærið sem við eigum. Með því byggjum við traust, finnum lausnir og styrkjum samfélagið sem við störfum í.

Það er sú vegferð sem bíður okkar núna.

UMFÍ stendur í dag á sterkum grunni sem kynslóðir ungmennafélagsfólks hafa byggt upp með óeigingjörnu starfi í gegnum áratugina. Með því að rækta þá arfleifð og efla samstöðu innan hreyfingarinnar hefur styrkur UMFÍ aukist enn frekar. Hreyfingin stendur því sterkari en nokkru sinni fyrr. Nú þurfum við að nýta þann kraft til að efla einstaklinga, félagsstarf og samfélög um allt land.

Við gerum það ekki hvert í sínu horni heldur með sameiginlegan áfangastað í huga.


Þannig nýtum við styrk hreyfingarinnar og vinnum saman, samfélaginu til heilla.

Með ungmennafélagskveðju,

Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ







SAMBANDSAÐILAR UMFÍ

UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar eru 26 talsins sem skiptast í 25 íþróttahéruð og eitt ungmennafélag með beina aðild.

Öll íþróttafélög landsins eru aðildarfélög UMFÍ í gegnum íþróttahéruð – það eru héraðssambönd, íþróttabandalög og ungmennasambönd um allt land.

Fyrsta heila starfsárið með allri íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni innanborðs er nú að baki. Með breytingunni fá sjónarmið og áherslur allra landshluta farveg innan sameiginlegs skipulags UMFÍ, sem styrkir samstöðu og samvinnu innan hreyfingarinnar.

Á blaðsíðu **69** *í ársskýrslunni má sjá yfirlit yfir sambandsaðila, iðkendur, iðkanir og félaga ásamt fleiri upplýsingum.*

HÉRAÐSSAMBAND BOLUNGARVÍKUR
HSB

HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU
HSH

HÉRAÐSSAMBAND STRANDAMANNA
HSS

HÉRAÐSSAMBAND VESTFIRÐINGA
HSV

HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA
HSÞ

HÉRAÐSSAMBANDIÐ HRAFNA-FLÓKI
HHF

HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
HSK

ÍÞRÓTTABANDALAG AKRANESS
ÍA

ÍÞRÓTTABANDALAG AKUREYRAR
ÍBA

ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR
ÍBH

ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJANESBÆJAR
ÍRB

ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR
ÍBR

ÍÞRÓTTABANDALAG SUÐURNESJA
ÍS

ÍÞRÓTTABANDALAG VESTMANNAEYJA
ÍBV

UNGMENNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND AUSTURLANDS
UÍA

UNGMENNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND FJALLABYGGÐAR
UÍF

UNGMENNASAMBAND AUSTUR-HÚNVETNINGA
USAH

UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR
UMSB

UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG N-BREIÐFIRÐINGA
UDN

UNGMENNASAMBAND EYJAFJARÐAR
UMSE

UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS
UMSK

UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
UMSS

UNGMENNASAMBAND VESTUR-HÚNVETNINGA
USVH

UNGMENNASAMBAND VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU
USVS

UNGMENNASAMBANDIÐ ÚLFLJÓTUR
USÚ

UNGMENNAFÉLAGIÐ VESTURHLÍÐ
V



STEFNUMÓTUN

STEFNA UMFÍ

Árið 2021 kom út stefna UMFÍ sem bar yfirskriftina Horft til framtíðar. Stefnunni fylgdi starfsáætlun til ársins 2024. Á sambandsráðsfundi UMFÍ 2024 var samþykkt að framlengja stefnuna og unnið er út frá þeirri nálgun í starfinu. Á sambandsþingi UMFÍ 2025 var í framhaldinu samþykkt tillaga um að fara, í samráði við ÍSÍ, af stað í heildstæða stefnumótun fyrir íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna.



STEFNUHÚS

Stefnuhús UMFÍ sýnir á myndrænan hátt hlutverk, gildi, framtíðarsýn og stefnuþættina sem stefna UMFÍ hvílir á. Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþrótta-, félags- og æskulýðsstarfi.

SKIPURIT

Starfsemi þjónustumiðstöðva UMFÍ tekur mið af því skipuriti sem tók gildi í janúar 2023. Markmið þess er að skýra ábyrgð og hlutverk starfsfólks UMFÍ.

VINNULAG STJÓRNAR OG NEFNDA

Starf stjórnar UMFÍ tekur mið af samþykktri starfsáætlun. Stjórn skipar í nefndir. Nú eru tólf nefndir að störfum hjá UMFÍ. Til viðbótar hafa verið tilnefndir starfshópar um sértæk málefni eða viðburði. Hver nefnd er skipuð fulltrúum úr stjórn UMFÍ. Einstaklingar frá sambandsaðilum UMFÍ eru jafnframt í hverri nefnd. Fulltrúar UMFÍ sitja í nefndum, vinnuhópum og stjórnum hjá bæði tengdum aðilum og stjórnvöldum.

Hver nefnd UMFÍ fær erindisbréf sem lýsir verkefni nefndarinnar, ábyrgðarsviði og tengingu viðkomandi nefndar við stefnu UMFÍ. Einnig eru í erindisbréfinu tímasett viðmið sem tengjast aðgerðaráætlun ársins.

Á fundum stjórnar UMFÍ er farið yfir stöðu nefndarstarfs, tímaviðmiðin og stöðu verkefna.

SAMEIGINLEG STEFNUMÓTUN ÍSÍ OG UMFÍ

ÍSÍ og UMFÍ eiga í vaxandi samstarfi sem kallar á stefnumótun. Í samningi við Mennta- og barnamálaráðuneyti er einnig kveðið á um að ÍSÍ og UMFÍ leggi fram tillögur sem miða að því að styrkja forsendur og innviði íþróttastarfs í landinu. Á þingum ÍSÍ og UMFÍ árið 2025 var samþykkt að fara af stað með sameiginlega stefnumótun fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Í þessu felast tímamót og um leið einstakt tækifæri, þar sem íþróttahreyfingin í heild gengur nú sameiginlega til verks í því stóra og mikilvæga verkefni sem felst í stefnumótuninni.

Heildarstefnumótun gerir hreyfingunni kleift að bregðast við áskorunum sem fram undan eru með skýrari verkaskiptingu, aukinni samvinnu og betri nýtingu fjármagns og mannauðs. Með því að horfa til heildarinnar verður einnig tryggt að sjónarmið allra hluta hreyfingarinnar, sambandsaðila og aðildarfélaga, komi fram og verði hluti af framtíðarsýninni. Slík stefnumótun mun jafnframt styrkja stöðu hreyfingarinnar gagnvart stjórnvöldum. Þegar liggur fyrir skýr framtíðarsýn, forgangsröðun og afstaða til hlutverka ríkis og sveitarfélaga í starfseminni, er unnt að eiga markvissari samtal við stjórnvöld um stuðning, fjármögnun og ábyrgð. Með þessari vinnu er lagður grunnur að því að íþrótta- og ungmennafélagahreyfingin geti starfað áfram af festu, skilað meiri árangri og þjónað samfélaginu á skipulegan og sjálfbæran hátt til framtíðar.

STÝRIHÓPUR OG RÁÐGJÖF

Í stýrihópi stefnumótunarinnar sitja fulltrúar tilnefndir af stjórnum ÍSÍ og UMFÍ. Þau eru:

- Kári Mímisson, formaður, ÍSÍ.
- Willum Þór Þórsson, ÍSÍ.
- Halla Margrét Jónsdóttir, UMFÍ.
- Helgi Sigurður Haraldsson, UMFÍ.

Samstarfssamningur var gerður við ráðgjafafyrirtækið Expectus um að leiða stefnumótunarvinnuna. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá Expectus, stýrir þeirri vinnu.

TÍMALÍNA OG VERKÞÆTTIR

Ferlið í stefnumótunarvinnunni samanstendur af ólíkum vinnufundum og vinnustofum, greiningum, samtölum og markvissri gagnaöflun. Vinnan hófst formlega í nóvember 2025 og er áætlað að henni ljúki með kynningu á nýrri stefnu á íþróttaþingi 2027.

Unnið er útfrá eftirfarandi verkþáttum:

Fasi 1

Kallað eftir sjónarmiðum varðandi ferlið framundan og atriðum sem eru mikilvæg útfrá formgerð verkefnisins og innihaldi. Eftir fasa 1 og upphafsfundi verður unnin áætlun um næstu skref, verkþætti og frekara samráð.

Fasi 2

Vinnufundir tengdir hlutverki hreyfingarinnar og áskorunum sem hreyfingin stendur frammi fyrir. Nánari útfærsla er unnin eftir leiðbeiningum sem koma fram í fasa 1. Byggt á greiningum og samtölum við hagaðila. Í þessum fasa er mikil greiningarvinna byggð á fundum, samtölum og fyrirliggjandi gögnum. Frummótun hugmynda um breytingar og þróun.

Fasi 3

Vinnufundur og kynning á frumdrögum. Vinna með áherslur á útfærslu og leiðir, hagnýt viðfangsefni.

Fasi 4

Kynning á nýrri stefnu á íþróttaþingi vorið 2027. Útfærslur, samtöl við hagaðila, aðlaganir og undirbúningur á innleiðingu. Nákvæmari útfærsla á verkþáttum og verkliðum verður unnin þegar niðurstaða úr fasa 1 liggur fyrir.

Eftirfarandi vinnufundir hafa farið fram með sambandsaðilum ÍSÍ og UMFÍ:

VIÐBURÐIR / VINNUFUNDIR	DAGSETNING
Startfundur á formannafundi ÍSÍ.	21. nóvember 2025
Markmiðasetning (grasrót), Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Teams.	11. febrúar 2026
Markmiðasetning (afrek), Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Teams.	11. febrúar 2026
Markmiðasetning (samfélag), Íþróttamiðstöð í Laugardal og á Teams.	12. febrúar 2026
Fjarfundur.	2. mars 2026
Austurland: Egilsstaðir.	5. mars 2026
Austurland: Egilsstaðir - fundur fyrir ungt fólk.	6. mars 2026
Höfuðborgarsvæði: Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.	9. mars 2026
Höfuðborgarsvæði: Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.	11. mars 2026
Suðurnes: Reykjanesbæ.	16. mars 2026
Suðurland: Hella.	17. mars 2026
Norðurland vestra: Sauðárkrókur.	23. mars 2026
Norðurland vestra: Sauðárkrókur - fundur fyrir ungt fólk.	23. mars 2026
Norðurland eystra: Akureyri.	24. mars 2026
Norðurland eystra: Akureyri – fundur fyrir ungt fólk.	24. mars 2026
Vesturland: Borgarnes.	8. apríl 2026
Vesturland: Borgarnes – fundur fyrir ungt fólk.	8. apríl 2026
Vestfirðir: Ísafjörður.	11. apríl 2026
Vestfirðir: Ísafjörður - fundur fyrir ungt fólk.	11. apríl 2026
Höfuðborgarsvæðið: Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.	15. apríl 2026
Höfuðborgarsvæðið: Fundur fyrir ungt fólk.	15. apríl 2026
Suðurland: Selfoss – fundur fyrir ungt fólk.	24. apríl 2026
Suðurnes: Íþróttamiðstöðinni í Laugardal - fundur fyrir ungt fólk.	27. apríl 2026
Fundur með starfsfólki svæðisstöðva íþróttahéraða.	7. maí 2026
Fundur með stjórn ÍSÍ og UMFÍ.	6. júní 2026
Fundur með starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ	9. júní 2026
Fundur með starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ.	10. júní 2026
Fjarfundur með fulltrúum sérsambanda, íþróttahéraða og íþróttafélaga.	1. september 2026
Fjarfundur með starfsfólki svæðissstöðva íþróttahéraða.	3. september 2026
Fundur með fulltrúum sérsambanda, íþróttahéraða og íþróttafélaga.	7. september 2026











SVÆÐISSTÖÐVAR

SVÆÐISSTÖÐVAR ÍÞRÓTTAHÉRAÐA

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ árið 2023 voru samþykktar tillögur um eflingu íþróttastarfs á landsvísu með því að koma á fót svæðisstöðvum íþróttahéraða. Landinu er skipt í 8 svæði og á hverju þeirra eru 2 – 4 íþróttahéruð. Tveir starfsmenn eru á hverri svæðisstöð.

Hlutverk svæðisstöðvanna er að þjónusta með samræmdum hætti íþróttahéruðin í nærumhverfi hvers þeirra. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar í heild og geri hverju íþróttahéraði kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og stuðli með þeim hætti að farsæld barna og allra þeirra sem nýta þjónustu íþróttahreyfingarinnar.

Í samningi ÍSÍ og UMFÍ við stjórnvöld segir að verkefninu sé ætlað að styðja við íþróttahéruð landsins, styðja við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og stefnu ríkisins í íþróttamálum. Þá eru einnig sérstakar áherslur á verkefni sem ætlað er að fjölga börnum og ungmennum með fatlanir í íþróttum, börnum og ungmennum með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn auk þess að ná betur til ungra iðkenda af tekjulægri heimilum.

STARFSÁRIÐ

Á öðru starfsári svæðistöðvanna færðist athyglin frá því að koma verkefninu á fót yfir í samtöl og samstarf innan landshluta og á landsvísu.

Svæðisfulltrúar vinna hver á sínu svæði. Þeir koma sömuleiðis að vinnuhópum og málum þvert á landið. Í ár hefur verið unnið áfram með eftirfarandi mál:

- Fræðslumál.
- Kynningarmál.
- Stjórnsýslu og fjármál.

Hér má sjá dæmi um verkefni þar sem unnið hefur verið að verkefnum þvert á landið:

- Yfirlit um framboð íþrótta fyrir þau sem leita að íþróttastarfi eftir landsvæðum og áhersluflokkum.
- Yfirsýn fyrir íþróttafélög um lögbundin námskeið og sakavottorð sem þjálfarar og aðrir sem vinna með börnum eiga að uppfylla.

Svæðisfulltrúar taka saman skýrslu um framgang verkefna og verkefnastöðu í hverjum mánuði, skýrslu á hálfs árs fresti og ársskýrslu. Þeim er skilað til ÍSÍ, UMFÍ og mennta- og barnamálaráðuneytis.

SAMNINGAR OG FJÁRMÖGNUN

Skrifað var undir samning um verkefnið við stjórnvöld í desember 2024. Það er fjármagnað af ÍSÍ og UMFÍ annars vegar með hlutdeild úr lottógreiðslum íþróttahéraða og hins vegar með fjármagni frá stjórnvöldum. Í samningi við stjórnvöld kemur fram að afstaða til fjármögnunar skuli liggja fyrir í ágúst 2025. ÍSÍ og UMFÍ hafa sent formlegt erindi til ráðuneytisins. Þótt viðbrögð forsvarsfólks ráðuneytisins við því hafi verið mjög jákvæð hefur skriflegt svar við erindinu enn ekki borist.

STARFSFÓLK OG STARFSEMI

Hanna Carla Jóhannsdóttir lét af störfum sem verkefnastjóri svæðisstöðva íþróttahéraðanna haustið 2025. Í ágúst 2026 var Guðlaugur Arnarsson ráðinn verkefnastjóri í hennar stað. Starfsstöð hans er á Akureyri.

AUSTURLAND

Svæðisstöðin þjónustar Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (ÚÍA) og Ungmennasambandið Úlfljót (USÚ). Erla Gunnlaugsdóttir fór í fæðingarorlof vorið 2026. Rebekka Rán Egilsdóttir kom inn í hennar stað. Hún er með starfsaðstöðu á Reyðarfirði. Jóhanna Íris Ingólfsdóttir er með starfsaðstöðu á Höfn í Hornafirði.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Svæðisstöðin þjónustar Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH), Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) og Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK). Ólöf Sara Gregory og Stefán Þór



Borgþórsson komu til starfa sem svæðisfulltrúar höfuðborgarsvæðisins vorið 2026. Þau eru með aðsetur annars vegar hjá ÍBR í Laugardalnum og hins vegar hjá ÍBH í Hafnarfirði.

NORÐURLAND EYSTRA

Svæðisstöðin þjónustar Héraðssamband Þingeyinga (HSÞ), Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA), Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF) og Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE). Þóra Pétursdóttir er svæðisfulltrúi með aðsetur á Akureyri. Kristján Sturluson hætti störfum vorið 2026. Jónas Friðrik Halldórsson var ráðinn í hans stað sumarið 2026. Jónas er með starfsstöð á Húsavík.

NORÐURLAND VESTRA

Svæðisstöðin þjónustar Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS), Ungmennasamband Austur-Húnvetninga (USAH) og Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga (USVH). Halldór Lárusson og Sigríður Inga Viggósdóttir starfa á svæðinu og deila húsnæði með UMFÍ og UMSS á Sauðárkróki.

SUÐURLAND

Svæðisstöðin þjónustar Héraðssambandið Skarphéðin (HSK), Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) og Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS). Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir starfa á svæðinu. Þær eru með aðsetur hjá HSK á Selfossi og í Landeyjum.

SUÐURNES

Svæðisstöðin þjónustar Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB) og (Íþróttabandalag Suðurnesja (ÍS). Petra Ruth Rúnarsdóttir og Sigurður Friðrik Gunnarsson eru svæðisfulltrúar þar. Þau eru bæði staðsett á Ásbrú í Reykjanesbæ.

VESTFIRÐIR


Svæðisstöðin þjónustar Héraðssambandið Hrafna-Flóka (HHF), Héraðssamband Bolungarvíkur (HSB), Héraðssamband Strandamanna (HSS) og Héraðssamband Vestfirðinga (HSV). Birna Hannesdóttir lét af störfum í júní 2026 og Jóna Lind Kristinsdóttir var ráðin í hennar stað í ágúst 2026. Páll Janus Þórðarson og Jóna Lind eru bæði með starfsaðstöðu á Ísafirði.

VESTURLAND

Svæðisstöðin þjónustar Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu (HSH), Íþróttabandalag Akraness (ÍA), Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) og Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB). Álfheiður Sverrisdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir starfa á svæðinu. Gunnhildur fór í fæðingarorlof vorið 2026 og var Emilía Halldórsdóttir ráðin tímabundið í hennar stað.

NOKKUR AF VERKEFNUM SVÆÐISSTÖÐVANNA Á HVERJU STARFSSVÆÐI.

AUSTURLAND



Stefnumótun og stuðningur við UÍA

Vinnufundur í vor með stjórn þar sem farið var yfir niðurstöður frá fundum með formönnum íþróttafélaga á sambandssvæðinu og núverandi stöðu. Starfsauglýsing búin til fyrir sumarstarfsmann til þess að halda utan um farandþjálfun í fjórðungnum. Skipulagt og unnið að sumarhátíð UÍA í samstarfi við stjórn. Svæðisfulltrúar tóku að sér ýmis verkefni. Svæðisfulltrúar gerðu könnun sem send var aðildarfélögum UÍA. Þar var spurt út í ásýnd og þjónustu íþróttahéraðsins. Vinnufundur í lok september vegna stöðu framkvæmdarstjóra UÍA, minni markmið og dagskrá vetrarins. Vinnustofa í október sett á dagskrá. Í vinnustofunni verða gerð drög að stefnu með smærri markmiðum. Vilji er til þess að sjá hvað kemur út úr stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ áður en farið er í heildræna stefnumótun UÍA.

Stefnumótun í Fjarðabyggð – mikil vinna

Fundir með öllum formönnum fjölgreinafélaga á svæðinu. Markmiðið að meta núverandi stöðu og vilja til aukins samstarfs. Allir formenn félaganna voru jákvæðir fyrir auknu samstarfi og samvinnu við sveitarfélagið. Stjórnandi íþróttamála hjá sveitarfélaginu Fjallabyggð (FB) og svæðisfulltrúar sammæltust um þörf aukins samstarfs. Fjarðabyggð ætlar að leggja til framkvæmdarstjóra íþróttafélaganna en vilja aðstoða við skipulag og starfslýsingu. Ákveðið að hefja stefnumótun með félögunum.

Málstofur, kannanir og ráðstefna

Málstofur í samstarfi við UÍA í Múlaþingi og Fjarðabyggð þar sem öllum áhugasömum um málefni íþróttahreyfingarinnar var boðið. Sérstök áhersla lögð á að foreldrar og fulltrúar aðildarfélaga og sveitarfélaga mæti. Borðavinna þar sem fjórum spurningum var varpað upp: 1) Hvað gengur vel í íþróttastarfi barna og ungmenna í dag? 2) Hvaða áskoranir eru í skipulagi, aðgengi eða þátttöku barna og ungmenna? 3) Hvaða hindranir mæta börnum með áskoranir? 4) Hvar liggja sóknarfærin? Í kjölfarið var send út könnun til foreldra barna í grunnskólum í Múlaþingi í samstarfi við Fjölskyldusvið. Sambærileg könnun er í vinnslu í Fjarðabyggð. Í mars var haldin ráðstefna á Egilsstöðum í samstarfi með UÍA og USÚ þar sem fulltrúar frá ÍSÍ og UMFÍ, Valdimar Gunnarsson frá verkefninu *Allir með* og sálfræðineminn og handboltakappinn Ólafur Stefánsson voru með erindi. Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna kynntu niðurstöður úr málstofnunum tveimur og könnuninni sem gerð var í Múlaþingi.







Íþróttaland og stuðningur í Sveitarfélaginu Hornafirði

Mikill undirbúningur með sveitarfélaginu Hornafirði að breyttu fyrirkomulagi íþróttaiðkunar yngstu bekkja í grunnskóla. Verkefnið fór í stað við upphaf skólamisseris og gera börnum í 1. og 2. bekk kleift að æfa fimm íþróttagreinar einu sinni í viku fyrir eitt gjald. Ungmennafélagið Sindri skipulegur æfingarnar og ræður þjálfara. Æfingar eru hluti af lengdri viðveru og á skólatíma. Sveitarfélagið bætti við nýju stöðugildi vegna lengdrar viðveru. Sá einstaklingur vinnur við svokallaðan íþróttastuðning, fylgir börnunum á æfingar og aðstoðar þau börn sem þurfa aukinn stuðning. Markmiðið er að öll börn hafi tækifæri á því að æfa íþróttir og að börnin kynnist öllum íþróttagreinunum sem eru í boði og séu líklegri til þess að æfa fleiri en eina grein lengur. Næsta haust mun verkefnið fara upp í 3. bekk og árið á eftir upp í 4. bekk. Greiningar á sambandssvæði USÚ sýna að stór hluti barna frá 1. bekk eru aðeins í einni íþróttagrein. Verið er að greina ástæður þess.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ



Breiðholtshátíð

Breiðholtshátíð var haldin 5. september. Svæðisfulltrúar tóku þátt í skipulagningu hátíðarinnar ásamt verkefnastjóra Breiðholtsverkefnisins og starfsfólki ÍBR og Reykjavíkurborgar. Markmið hátíðarinnar er meðal annars að gefa íþróttafélögum í Breiðholti tækifæri til að kynna starfsemi sína og fjölga iðkendum. Góð mæting var í ÍR-heimili en þátttaka tengd Leikni var undir væntingum.

Stjörnuleikar

Svæðisfulltrúar tóku þátt í Stjörnuleikum Allir með, sem voru haldnir í byrjun júní á vegum verkefnisins Allir með.

Aðgerðaáætlun gegn ofbeldi

Svæðisfulltrúi tók þátt í starfshópi með Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar vegna aðgerðar nr. 43, sem snýr að því að sporna gegn ofbeldi.

Farsældarverklag og íþróttafélög

Unnið markvisst að farsældarmálum á höfuðborgarsvæðinu. Gott samstarf við svæðisstöð höfuðborgarsvæðisins. Í júní var haldinn fundur með íþróttafélögum í Kópavogi sem skipulagður var af innleiðingastjóra farsældar í Kópavogi. Svæðisfulltrúi Höfuðborgarsvæðisins tók þátt ásamt öðrum hagaðilum. Félög hvött til að tilnefna farsældarfulltrúa og látið vita af vinnustofu sem á að halda fyrir farsældarfulltrúa undir handleiðslu svæðisfulltrúa og fleiri.

Hatursorðræða og neikvæð samskipti barna

20. ágúst var haldinn fundur sem verkefnastjóri forvarna-, lýðheilsu- og félagsauðs hjá Reykjavíkurborg skipulagði. Fulltrúar félaga á höfuðborgarsvæðinu, starfsfólk Reykjavíkurborgar og aðrir hagaðilar tóku þátt, þar á meðal svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna. Tilefni fundarins var aukin neikvæð orðræða og óæskileg samskipti meðal barna. Unnið var verkefni í samstarfi við grunnskóla, íþróttafélagið Víking, foreldra og börn að gerð leiðbeininga um samskipti. Sú vinna undirstrikaði mikilvægi þess að íþróttafélög séu sýnileg og virk innan skólasamfélagsins.

Nýting húsnæðis Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík

ÍFR hefur lýst yfir áhuga á að endurskoða nýtingu húsnæðis félagsins, auka starfsemina, fjölga iðkendum

og efla félagslega þáttinn. Svæðisfulltrúi höfuðborgarsvæðisins vann drög að skýrslu um mögulegar breytingar á starfsemi og nýtingu húsnæðisins.

Samstarf við TBR og Reykjavíkurborg

Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur (TBR). Fulltrúar TBR hafa leitað ráða og samstarfs vegna þessa. Markmiðið er að ná betur til foreldra barnanna. Um 50 börn frá Víetnam æfa hjá félaginu. Þeir hagaðilar sem komið hafa að samtalinu eru sammála um mikilvægt forvarnargildi þess að börn finni íþrótt eða tómstundastarf sem hentar þeim og þar sem þau finna sig.

Ferð með íþróttafélögum

Hafin er skipulagning ferðar með fjölmennustu íþróttafélögum í samstarfi við svæðisfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið er að efla samstarf, samtal og miðla reynslu á milli félaga.


Þátttaka fatlaðra barna í skipulögðu íþróttastarfi

Svæðisfulltrúi höfuðborgarsvæðisins sat í starfshópi sem skipaður var af Reykjavíkurborg undir heitinu „Þátttaka fatlaðra barna í skipulögðu íþróttastarfi“. Í tengslum við vinnu hópsins var send út könnun til allra íþróttafélaga á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að fá yfirsýn yfir hversu mörg fötluð börn stunda íþróttir hjá almennum íþróttafélögum og hvernig betur megi koma til móts við þarfir þeirra. Upplýsingar og niðurstöður úr könnuninni voru nýttar í skýrslu sem Reykjavíkurborg gaf út um þátttöku fatlaðra barna í skipulögðu íþróttastarfi.





NORÐURLAND EYSTRA



Áherslur svæðisins undanfarið hafa verið samstarf skóla og íþróttastarfs með það markmið að bæta aðgengi að íþróttastarfi með sérstakt tillit til áhersluflokkana þriggja, barna með stuðningsþarfir, barna af erlendum uppruna og barna efnaminni fjölskyldna.

Allir með

Áfram hefur verið áhersla á að auka meðvitund um aðgengi barna með stuðningsþarfir að íþróttastarfi. Búið er að framkvæma verkefni á öllum fjórum sambandssvæðum íþróttahéraðanna á Norðurlandi eystra. Styrkur hefur fengist frá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Einnig hafa svæðisfulltrúar tekið þátt í þróun á verkefnum sem þegar hafa fest sig í sessi á svæðinu, eins og Allir með fótbolta, körfubolta og nú júdó og æfingar í pílukasti. Könnun var send foreldrum iðkenda á Akureyri og verða niðurstöðurnar notaðar til að efla starfið enn frekar.

Íþróttafélaginn

Meginmarkmiðið að auka félagslega þátttöku barna með fötlun og aðrar stuðningsþarfir í almennu íþróttastarfi. Stuðningsþörfin er misjöfn og er íþróttafélaginn stuðningsúrræði inni á æfingum sem getur aðstoðað við mætingu, skilning á fyrirmælum, aðstoðað við óvæntar aðstæður eða hvetur til þátttöku. Stuðningsaðilinn/íþróttafélaginn getur verið sýnilegur eða hluti af þjálfarateyminu. Íþróttafélaginn er hluti af þeim verkfærum sem svæðisfulltrúar munu kynna fyrir fulltrúum sveitarfélaga í október sem er liður í eftirfylgni fyrir markaðsátak Allir með.

Samþætt skóla- og íþróttastarf

Sendur hefur verið út spurningarlisti til allra 11 sveitarfélaga á Norðurlandi eystra þar spurt er út í stuðning sveitarfélaga við börn og ungmenni í íþróttastarfi. Til staðar er verkefni sem samþættir skóla, frístunda- og íþróttastarf í Norðurþingi fyrir elstu árganga í leikskóla og yngstu árganga í grunnskóla. Verkefnið byggir á því að öll börn á ákveðnum aldri fara á æfingar á leikskóla og frístundartíma. Stefnt er á að fara í samtal við öll sveitarfélög á Norðurlandi eystra þar sem kynntar verða nokkrar útfærslur á samþættu skóla- og íþróttastarfi.

Farsæld

Vinna í farsældarráði Norðurlands eystra. Framkvæmdaráð hefur sett fram drög að aðgerðaráætlun sem svæðisfulltrúar sendu inn umsögn um. Svæðisfulltrúarnir hafa sett fram ásamt íþróttahéruðunum tíu aðgerðir fyrir svæðið, sem snúa að farsæld og verður hrint í framkvæmd á næstunni.

Ferðakostnaður

Þetta verður alltaf eitt af stóru verkefnum á svæðinu enda mikið hagsmunamál og mikilvægt að leita stöðu að leiðum til að lækka ferðakostnað barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Unnið er að greiningum á stöðunni, greiningum á ferðasjóði ÍSÍ og samtali við sérsambönd til að vekja athygli á ábyrgð þeirra. Skoðuðu eru önnur úrræði, eins og vinna við svæðisbundinn ferðasjóð sem styður sérstaklega við börn og ungmenni af efnaminni heimilum. Væntingar eru um að slíkur sjóður verði að veruleika fyrir árslok.

Tvöfaldur ávinningur

Snýr að því að ungmenni á framhaldsskóla aldri geti hámarkað sig sem bæði náms- og íþróttafólk með stuðningi og auknu samstarfi íþróttafélaga og framhaldsskólanna.
Haldin var kynning og vinnustofa nýlega þar sem íþróttahreyfingin og skólasamfélagið tók þátt og mun sú vinna skila sér í áframhaldandi þróun á verkefninu.



Farþjálfinn


Verkefni sem er ætlað íþróttfélögum og svæðum sem vilja fá til sín þjálfara með þekkingu á ákveðnum íþróttagreinum til skemmri tíma. Markmiðið er að kynna íþróttagrein fyrir nýjum iðkendum, auka fjölbreytni á íþróttagreinum og styðja við öflugt íþróttastarf.

Íþróttaráðgjöf

Verkefni sem hlaut styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála og snýr að því að aðstoða ungmenni á framhaldsskólaaldri af erlendum uppruna að aðlagast samfélaginu í gegnum skipulagt íþróttastarf. Grunnkostnaður við æfingargjöld og búnað er greiddur úr styrktar sjóði sem forstöðumaður íþróttamála á Akureyri heldur utan um. Á fyrstu tveim mánuðum verkefnisins hafa 18 tilvísanir borist í íþróttaráðgjöf og þegar eru nokkur ungmenni komin inn í skipulagt íþróttastarf.



NORÐURLAND VESTRA



Sjálfboðaliðaáfangi í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV)

Svæðisfulltrúar skipulögðu og kenndu sjálfboðaliðaáfanga við FNV á Sauðárkróki á fyrri hluta árs. Markmið áfangans var að kynna sjálfboðaliðastörf innan íþróttahreyfingarinnar og mikilvægi þeirra. Kennsla fór fram í fyrirlestraformi. Í náminu kom fólk úr íþróttahreyfingunni á svæðinu í kennslustund og kynnti störf sín. Nemendur völdu sér íþróttafélag/deild til þess að vera í vettvangsnámi hjá. Áfanginn var samstarfsverkefni Íþróttahéraða á Norðvesturlandi, FNV og svæðisstöðvanna. Vonir standa til að bjóða upp á áfanginn á ný í janúar 2027.

Umsókn í Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar – stuðningur við tekjulág börn (Tindastóll)

Svæðisstöðin aðstoðaði Barna- og unglingaráð Knattspyrnudeildar Tindastóls (BUR) við umsókn um styrk úr Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar. Verkefnið var „Stuðningur við tekjulága“ og snýst um að aðstoða fjölskyldur sem eiga erfitt með að standa undir kostnaði við íþróttaiðkun barna sinna, æfingagjöldum, mótakostnaði, ferðalögum og keppnisbúnaði. BUR þjónustar um 300 iðkendur og nær starfið út fyrir Skagafjörð, meðal annars til iðkenda frá Hvöt á Blönduósi, Fram á Skagaströnd og Kormáki á Hvammstanga.

Allir með í Skagafirði og Húnaþingi vestra

Frá því að svæðisstöðvarnar tóku til starfa hefur verið lögð áhersla á að koma verkefninu Allir með af stað á Norðurlandi vestra. Í júní 2025 var vinnustofa um innleiðingu þess í Skagafirði. Foreldrum barna í sveitarfélaginu, fulltrúum íþróttahreyfingar, sveitarfélags og frá Íþróttasambandi fatlaðra tóku þátt. Í kjölfarið var haldin kynning fyrir alla á íþróttastarfi í Skagafirði.

Göngufótbolti – samstarfsverkefni KSÍ og UMFÍ

KSÍ og UMFÍ sameinuðust árið 2026 í útbreiðslu á göngufótbolta á landsvísu. Fulltrúi frá KSÍ kynnti greinina á Sauðárkóki. Æfingar eru hafnar í samstarfi við Knattspyrnudeild Tindastóls. Áfram er unnið að framgangi verkefnisins á Norðurlandi vestra.


Aðkoma íþróttahreyfingar að sveitarstjórnarkosningum

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga vorið 2026 tóku svæðisfulltrúar að sér að tengja íþróttahreyfinguna við frambjóðendur. Þetta var töluverð vinna. Á ársþingi USVH á Laugarbakka var rætt um samstöðu íþróttahreyfingarinnar í íþróttamálum fyrir kosningar. Í apríl var unnið að undirbúningi fundar íþróttahreyfingarinnar með frambjóðendum. Að ósk UMSS var farið inn á ársþing aðildarfélaga og spurningar lagðar fyrir þinggesti um sameiginleg áherslumál.





SUÐURLAND



Stuðningur við börn með fatlanir

Frá því snemma árs 2024 hefur stýrihópur um stuðning við börn með fatlanir í frístundarstarfi starfað í sveitarfélaginu Árborg. Í starfshópnum sitja foreldri, notandi, fulltrúi velferðarþjónustu, fulltrúi frístundaheimila, frístundaklúbba og fulltrúi úr íþróttahreyfingunni. Hlutverk hópsins er að tengja saman hópa sem vinna með börnum með sér- og stuðningsþarfir, einfalda boðleiðir, gera framboð íþrótta og annað frístundastarf sýnilegra og aðgengilegra og hanna verkferla til að mæta þeim kröfum sem tengjast hópnum. Fljótlega eftir að svæðisskrifstofan á Suðurlandi komst á laggirnar var óskað eftir aðkomu hennar. Hópurinn fundar reglulega og í sumar sendi hann frá sér fordæmisgefandi verklag vegna barna með sér- og stuðningsþarfir, sem fara í lengri keppnisferðir.

Samvinna vegna aðildarfélaga Hestamannafélagsins Ljúfs

Formaður Hestamannafélagsins Ljúfs hefur verið í talsverðum samskiptum við svæðisskrifstofuna á Suðurlandi frá því hún var opnuð. Þrátt fyrir að félagið standi í skilum við HSK og virðist vera með allt sitt á hreinu má segja að innra starfið hafi verið í hnút. Það skýrist af ágreiningi og samskiptavanda, sem hefur leitt til úrsagnar félaga og óskar um að formaður þess víki. Málum hafði árangurslaust verið vísað til samskiptaráðgjafa. Með aðstoð svæðisfulltrúa sem boðaði stjórn Ljúfs á fund með formanni og framkvæmdarstjóra HSK var unnið að því að leita sátta.

Fyrirmyndarhandbækur fyrir ÍBV og HSK

ÍBV og HSK óskuðu eftir því að svæðisfulltrúar tækju að sér vinnu við gerð fyrirmyndarhandbókar fyrir íþróttahéruðin. Töluverð vinna fór í gerð handbókanna og eru stjórnirnar að yfirfara þær. Stefnt er á að þær verði tilbúnar fyrir veturinn 2026. Þess má geta að eftir sameiginlegan fund svæðisfulltrúa og íþróttahéraða var ákveðið að öll íþóttahéruðin myndu gerast fyrirmyndarhéruð. USVS fór fyrst af stað og er nú þegar búið að fá viðurkenninguna.

Lagabreytingar fyrir aðildarfélög

Stjórn ÍBV óskaði eftir því að svæðisfulltrúar færu yfir öll lög aðildarfélaga ÍBV og koma með tillögur að breytingum. Ástæða þessa er að eitt félag starfaði án laga og önnur félög höfðu ekki gert breytingar á lögum sínum í mörg ár. Ósk ÍBV var að þetta myndi leiða til þess að tillögur sama efnis myndu liggja fyrir öll aðildarfélögin fyrir aðalfundi á næsta ári.


Samstarfsverkefni íþróttahéraða

Íþróttahéruðin á Suðurlandi nýttu aukið fjármagn vegna lottógreiðslna í sameiginleg verkefni. Þar á meðal var fræðslu- og samráðsfundur forsvarsfólks íþróttahéraða á Suðurlandi á Hellu í nóvember árið 2025. Fundinn sóttu um 50 manns frá íþróttahéruðum á Suðurlandi, formenn og framkvæmdastjórar innan HSK, ÍBV og USVS.





SUÐURNES



Farsæld barna á Suðurnesjum

Svæðisfulltrúar sitja í framkvæmdahópi farsældarráðs, sem fundar mánaðarlega og vinnur að innleiðingu aðgerða í þágu farsældar barna. Á árinu var haldið vel heppnað Farsældarþing þar sem mikil þverfagleg vinna fór fram með fagfólki af Suðurnesjum. Ráðinn var verkefnastjóri fyrir undirverkefnið „Ávísun á farsæld“, sem fer af stað í Akurskóla í Reykjanesbæ haustið 2026. Svæðisfulltrúar koma að verkefninu ásamt því að prufukeyra móttökuáætlun fyrir börn í íþróttastarfi í samstarfi við Ungmennafélagið Njarðvík.

Könnun um íþrótta- og tómstundaþátttöku grunnskólanemenda

Könnun var lögð fyrir nemendur 1. – 10. bekkjar í öllum grunnskólum á Suðurnesjum í janúar/febrúar árið 2026. Þar var skoðuð þátttaka þeirra í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Niðurstöðurnar voru kynntar fyrir Íþrótta- og tómustundaráði Reykjanesbæjar, skólastjórnendum og samráðshópum í Reykjanesbæ, Vogum og Suðurnesjabæ, sem geta nú nýtt gögnin til að móta aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu starfi á svæðinu.

Greining á sameiningu íþróttahéraða á Suðurnesjum

Svæðisfulltrúum var falið ítarlegt greiningarverkefni um kosti og galla sameiningar Íþróttabandalags Reykjanesbæjar (ÍRB) og Íþróttabandalags Suðurnesjabæjar (ÍS). Tímarammi fyrir þá vinnu er eitt ár. Skýrslu um vinnuna verður skilað til stjórna héraðanna í byrjun árs 2027.

Pallborðsumræður um íþróttamál

Svæðisfulltrúar héldu utan um pallborðsumræður um íþróttamál í Suðurnesjabæ, Reykjanesbæ og Vogum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Viðburðirnir voru samstarfsverkefni með íþróttafélögum og héruðum í hverju sveitarfélagi.

Samfélagsmiðstöðin Hjarta Ásbrúar

Nýtt samstarfsverkefni fór af stað í byrjun sumars í Andrew’s Theater á Ásbrú og heitir Samfélagsmiðstöðin Hjarta Ásbrúar. Tilurð þess byggir á styrk sem ÍRB fékk frá ráðuneytinu til að ráða verkefnastjóra og fólst í því að setja á fót samfélagsmiðstöð fyrir íbúa á Ásbrú. Verkefnið var unnið í samstarfi við Ungmennafélögin Keflavík og Njarðvík, Fjörheima, Farsældarráð, Kadeco og Björtuvík. Í Hjartanu gátu fjölskyldur, börn og ungmenni sótt ýmsa viðburði og námskeið. Þar á meðal voru sumarnámskeið í fótbolta og körfubolta, reglulegir foreldramorgnar og leiklistarnámskeið.





VESTFIRÐIR



Borðtennis í brothættum byggðum. Verkefnið unnið í samstarfi við Borðtennissamband Íslands (BTÍ). Markmiðið að efla aðgengi að skipulögðu íþróttastarfi í smærri byggðarlögum. Í janúar undirbúnar heimsóknir á níu staði á Vestfjörðum og búnaðarþörf þar kortlögð. Í febrúar hafði tekist að finna þjálfara á öllum þátttökustöðum nema í Bolungarvík og Súðavík. Samhliða var unnið að eflingu þjálfara og faglegra innviða með þjálfaranámskeiði á Drangsnesi og opnum húsum á Patreksfirði, Drangsnesi og í Hólmavík. Í mars hófust borðtennisæfingar á Bíldudal, Tálknafirði, Drangsnesi, Flateyri og Súðavík. Í maí heimsótti BTÍ Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Bolungarvík til að styðja við útbreiðsluna. Í kjölfarið var farið í markvissar skráningar í æfingabúðir og haldið Vestfjarðamót. Æfingabúðir og Vestfjarðamót haldin á Patreksfirði 30.–31. maí. Keppendur voru 20. Verkefnið hefur styrkt aðgengi barna og ungmenna að íþróttastarfi, aukið fjölbreytni í íþróttaframboði og styrkt faglega innviði borðtennis á Vestfjörðum.

Stefnumótun íþróttahéraða á Vestfjörðum. Unnið að sameiginlegri stefnumótun íþróttahéraða og aðildarfélaga á Vestfjörðum. Haldnar vinnustofur um stefnumótun með grasrót íþróttahreyfingarinnar, meðal annars með HHF og aðildarfélögum, HSS og aðildarfélögum, og síðar HSV og HSB. Í vinnustofunum var unnið með SVÓT-greiningu og sex lykilþemu í íþróttastarfi á Vestfjörðum.


Síðasta stefnumótunarvinnustofan fór fram 24. mars með HSV og HSB. Þar var rætt um kosti og galla mögulegrar sameiningar HSB og HSV. Fundað var með forsvarsfólki Vesturbyggðar vegna stefnumótunar sveitarfélagsins í íþróttamálum.

Samstarfssamningur HSS og Strandabyggðar. Unnið að gerð formlegs samstarfssamnings milli HSS og Strandabyggðar um íþrótta- og tómstundamál á svæðinu. Í janúar var lagður grunnur að samstarfinu og meginlína samningsins mótuð. Í febrúar hélt vinna áfram við útfærslu og mótun samstarfsins. Sérstök áhersla var lögð á að móta starfslýsingu fyrir 100% stöðugildi tómstundafulltrúa Strandabyggðar og framkvæmdastjóra HSS. Vinnan lagði grunn að skýrari verkaskiptingu, ábyrgð og samstarfi milli samstarfsaðila. Strandabyggð auglýsti stöðuna og hefur nú ráðið íþrótta- og tómstundafulltrúi, sem sinnir einnig starfi framkvæmdarstjóra HSS.





VESTURLAND



Fræðsludagskrá íþróttahéraða

Íþróttahéruð á Vesturlandi stóðu að sameiginlegri fræðsludagskrá skólaárið 2025 – 2026 með aðkomu svæðisfulltrúa. Forsenda þess var 250 þúsund króna styrkur sem íþróttahéruðin öll fengu úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Svæðisfulltrúar og fulltrúar íþróttahéraða mótuðu saman dagskrá en undirbúningur, auglýsingagerð og utanumhald var að mestu í höndum svæðisfulltrúa. Annar þáttur í fræðsludagskránni var rafrænt örnámskeið um góða stjórnarhætti sem Halla Kjartansdóttir, sviðsstjóri hjá ÍSÍ, stóð fyrir. Um 20 þátttakendur voru skráðir á námskeiðið. Í könnun sem svæðisfulltrúar sendu út til þátttakenda eftir námskeiðið kom í ljós mikil ánægja með fyrirkomulagið og ákall um að halda fleiri slíka viðburði. Þriðji þáttur fræðsludagskrárinnar og sá viðamesti voru vinnustofur fyrir foreldra/forráðafólk. Á meðal kennara þar voru Daði Rafnsson, sérfræðingur, doktorsnemi og fagstjóri afrekssviðs Menntaskólans í Kópavogi. Þar var einblínt á hlutverk foreldra/forráðamanna í upplifun barna af íþróttastarfi og hvernig foreldrar geti stutt börn sín og ungmenni svo upplifun þeirra af þátttöku í íþróttum verði sem jákvæðust. Síðasti liður í þessari dagskrá var rafræn iðkendafræðsla með íþróttasálfræðingnum Magnúsi Karli fyrir ungmenni í 7. bekk og eldri. Í henni var áhersla lögð á að gefa ungmennunum hagnýt verkefni til að vinna með stress og efa, halda einbeitingu, takast á við mistök og endurstilla sig undir pressu en eins fengu þátttakendur vinnublað til að vinna eftir áhorfið.

Sjálfboðaliðaáfangi og sjálfboðaliðaval

Svæðisfulltrúar settu upp tilraunaáfanga um sjálfboðaliðastörf í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) vorið 2025 í samstarfi við ÍA. Hann var í boði sem valfag í öllum framhaldsskólum Vesturlands vorið 2026. Lágmarksskráning náðist í Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN) í Grundarfirði. Grunnmarkmiðin með framhaldsskólaáfanganum voru þríþætt: a) Að kynna fyrir ungu fólki skipulag íþróttahreyfingarinnar, kostum þess að starfa sem sjálfboðaliði og fjölbreytni starfa sem í boði eru. B) Að fjölga sjálfboðaliðum tímabundið fyrir íþróttafélög, vonandi í einhverjum tilfellum til framtíðar, og stuðla að aukinni nýliðun í hópi sjálfboðaliða. C) Að koma íþróttahreyfingunni inn í framhaldsskólakerfið á öðrum forsendum en í gegnum afreksstarf. Vorið 2026 var fyrirkomulagi áfangans breytt á milli ára. Nemendur í FSN sóttu inngangserindi um fyrirkomulag áfangans, skipulag íþróttahreyfingarinnar, hlutverk íþróttahéraða og mikilvægi sjálfboðaliða sem svæðisfulltrúar kenndu. Stærsti þáttur áfangans var sá að nemendur áttu að skila 30 klukkustundum í sjálfboðaliðaverkefni innan aðildarfélaga HSH. Áfanganum lauk í maí. Áfanginn hefur vakið áhuga innan íþróttahreyfingarinnar. Sumir nemendur héldu áfram í verkefnum innan félaga eða hófu aftur að iðka íþróttir eftir þátttöku í áfanganum. Stefnt er á að bjóða áfangann aftur í öllum framhaldsskólum Vesturlands vorið 2027. Svæðisfulltrúar komu líka að uppsetningu á valáfanga í Grunnskólanum í Stykkishólmi fyrir skólaárið 2025–2026.

Átak í Borgarbyggð

Svæðisfulltrúar á Vesturlandi lögðu áherslu á Borgarbyggð á árinu en þar var lakasta þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi á starfsvæðinu. Ljóst var að átak þyrfti til að fjölga iðkendum. Svæðisfulltrúar verið í miklum samskiptum við UMSB og nokkur aðildarfélög og deildir svæðisins þar sem þær veittu fjölbreytta ráðgjöf, aðstoðuðu við handbókagerð, umsóknir í sjóði, yfirlestur á fyrirmyndarfélags/fyrirmyndarhéraðs umsóknum og ýmislegt fleira. Miklar mannabreytingar urðu á aðalfundum félaga og deilda vorið 2026 þar sem margir reynsluboltar hurfu úr starfinu. Því var mikil þörf á stuðningi. Einnig urðu miklar mannabreytingar í sveitarstjórn í kosningum 2026.



Pallborð um íþrótta- og lýðheilsumál

Svæðisfulltrúar undirbjuggu og auglýstu í maí opinn íbúafund um málefni íþrótta, heilsueflingar og lýðheilsu í samstarfi við UMSB. Mikil ánægja var með fundinn. Um 40 manns mættu. Tveir fulltrúar frá öllum fjórum framboðum sátu í pallborði. Hann hjálpaði við að koma íþróttum framar í umræðuna í Borgarbyggð.

Framboðsbæklingur

Svæðisfulltrúar settu upp framboðsbækling um íþróttir og tómstundir fyrir börn og ungmenni í Borgarbyggð í samráði við sveitarfélagið Borgarbyggð og UMSB. Kallað var eftir upplýsingum frá félögum og öðrum sem bjóða upp á tómstundir fyrir markhópinn. Einnig gerðu þær enska þýðingu á bæklingnum og komu rafrænum eintökum á heimasíðu Borgarbyggðar. Bæklingurinn var afhentur á skólasetningu grunnskólanna í ágúst og var mikil ánægja var með framtakið af hálfu íbúa.

Vinna með farsældarráði Vesturlands

Gott og mikið samstarf með verkefnastjóra farsældarmála hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Svæðisfulltrúar eiga eitt sæti í Farsældarráði Vesturlands. Ráðið hélt nokkra fundi á tímabilinu og voru svæðisfulltrúar með kynningu um helstu störf sín á einum þeirra. Þar voru kynnt gögn um iðkendatölur, mikilvægi góðs samtarfs milli sveitarfélaga, íþróttahéraða og -félaga ásamt mikilvægi farsællar íþróttaiðkunar barna og ungmenna.

Skyndihjálpanámskeiðaröð fyrir þjálfara á Vesturlandi

Í september skipulögðu svæðisfulltrúar námskeiðaröð í skyndihjálp fyrir þjálfara á Vesturlandi. Fengið var tilboð frá mismunandi aðilum sem bjóða upp á skyndihjálparnámskeið og var ákveðið í sameiningu með íþróttahéruðunum að fá Skyndihjálparskólann í lið með okkur. Hvert námskeið voru fjórir klukkutímar í senn og samanstóð af bóklegri og verklegri fræðslu með áherslu meiðsli við íþróttaiðkun.















HVATASJÓÐUR

Hluti af verkefni svæðisstöðva íþróttahéraða er rekstur hvatasjóðs. Sjóðsstjórn, sem er tilnefnd af ÍSÍ, UMFÍ og mennta- og barnamálaráðuneyti, vinnur samkvæmt reglugerð fyrir sjóðinn.

Í sjóðsstjórn sitja:

- Gunnar Bragason, formaður stjórnar, tilnefndur af ÍSÍ.
- Guðmundur Sigurbergsson, tilnefndur af UMFÍ.
- Óskar Þór Ármannsson, tilnefndur af Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- Ragnheiður Högnadóttir, tilnefnd af UMFÍ.
- Þórey Edda Elísdóttir, tilnefnd af ÍSÍ.

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar veitir fjárhagslegan stuðning við verkefni sem stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum. Áherslur sjóðsins eru á verkefni sem tengjast börnum með fatlanir, börnum frá tekjulægri heimilum og börnum með fjölþættan menningar- og tungumálabakgrunn.

Í ársskýrslu 2025 var fjallað um fyrstu tvær úthlutanir sjóðsins en þriðja úthlutun var í nóvember 2025. Þá barst 71 umsókn í sjóðinn og hlutu 52 umsóknir styrk upp á samtals 27,8 m.kr.

Heildarúthlutun úr Hvatasjóði árið 2025 voru því 86,6 m.kr.

86,6
millj. kr. úthlutað

154
verkefni styrkt


STYRKIR HVATASJÓÐS 2025

Skipt eftir landshlutum	1. úthlutun		2. úthlutun		3. úthlutun		Samtals	
	Fjöldi	Styrkur	Fjöldi	Styrkur	Fjöldi	Styrkur	Fjöldi	Styrkur
Austurland	2	1.500.000	8	5.500.000	3	2.700.000	13	9.700.000
Höfuðborgarsvæðið	7	4.050.000	32	17.990.000	17	9.700.000	56	31.740.000
Norðurland vestra	1	400.000	4	850.000	2	950.000	7	2.200.000
Norðurland eystra	6	3.200.000	4	2.000.000	5	2.400.000	15	7.600.000
Suðurland	2	2.250.000	11	5.500.000	6	1.500.000	19	9.250.000
Suðurnes	3	3.500.000	3	1.750.000	6	3.450.000	12	8.700.000
Vesturland	7	4.250.000	9	4.550.000	8	4.100.000	24	12.900.000
Vestfirðir	2	1.150.000	1	300.000	5	3.000.000	8	4.450.000
Samtals	**30**	**20.300.000**	**72**	**38.490.000**	**52**	**27.800.000**	**154**	**86.590.000**

Skipt eftir áhersluflokkum	1. úthlutun		2. úthlutun		3. úthlutun		Samtals	
	Fjöldi	Styrkur	Fjöldi	Styrkur	Fjöldi	Styrkur	Fjöldi	Styrkur
Tengd börnum af erlendum uppruna	8	6.100.000	10	5.590.000	4	2.350.000	22	14.040.000
Tengd börnum með fötlun	11	7.800.000	26	15.000.000	21	12.800.000	58	35.600.000
Tengd börnum af tekjulægri heimilum	6	3.700.000	5	1.800.000	9	3.850.000	20	9.350.000
Þvert á áhersluflokka verkefna	5	2.700.000	31	16.100.000	18	8.800.000	54	27.600.000
Samtals	**30**	**20.300.000**	**72**	**38.490.000**	**52**	**27.800.000**	**154**	**86.590.000**

STYRKIR TIL LANDSHLUTA 2025

í millj. kr.




STYRKIR HVATASJÓÐS 2026

Skipt eftir landshlutum	1. úthlutun	
	Fjöldi	Styrkur
Austurland	1	1.000.000
Höfuðborgarsvæðið	10	4.400.000
Norðurland vestra	1	1.000.000
Norðurland eystra	4	1.600.000
Suðurland	5	2.450.000
Suðurnes	3	1.250.000
Vesturland	5	2.100.000
Vestfirðir	2	550.000
Samtals	**31**	**14.350.000**

Skipt eftir áhersluflokkum	1. úthlutun	
	Fjöldi	Styrkur
Tengd börnum af erlendum uppruna	2	750.000
Tengd börnum með fötlun	19	8.950.000
Tengd börnum af tekjulægri heimilum	2	1.150.000
Þvert á áhersluflokka verkefna	8	3.500.000
Samtals	**31**	**14.350.000**

STYRKIR TIL LANDSHLUTA 2026


í millj. kr.




2. ÚTHLUTUN 2026

Umsóknarfrestur var 15. september síðastliðinn. Upplýsingar um úthlutun lágu ekki fyrir þegar skýrslan er tekin saman.
























SKÓLABÚÐIR

SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM

UMFÍ hefur starfrækt Skólabúðir á Reykjum í Hrútafirði frá haustinu 2022 og hefur starfsemin vaxið hratt frá þeim tíma. Skólabúðirnar eru í dag eitt stærsta og umfangsmesta verkefni UMFÍ og hafa fest sig í *sessi sem mikilvægur vettvangur fyrir félagsfærni, samveru og persónulegan þroska ungmenna. Mikil ásókn er meðal grunnskóla landsins að komast í Skólabúðirnar og hefur verið fullbókað öll þau ár sem UMFÍ hefur séð um rekstur þeirra.*

Á hverju skólaári dvelja í Skólabúðum UMFÍ á bilinu 3.300–3.600 nemendur í 7. bekk grunnskóla af öllu landinu. Nemendur dvelja á Reykjum frá mánudegi til fimmtudags og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá þar sem áhersla er lögð á samvinnu, samskipti og það að takast á við nýjar áskoranir. Markmiðið felst meðal annars í því að efla sjálfstraust og félagsfærni nemenda og gefa þeim tækifæri til að kynnast eigin styrkleikum og hæfileikum. Samvera og samskipti við jafnaldra eru stór þáttur í dvölinni. Nemendur vinna saman að fjölbreyttum verkefnum, kynnast nýjum hliðum á sjálfum sér og öðrum og fá tækifæri til að efla hæfni sína til samvinnu og þátttöku í hópi. Skólabúðirnar skapa þannig vettvang fyrir jákvæð samskipti, ný kynni og upplifanir sem geta fylgt nemendum lengi.

Skólaárið 2025–2026 sóttu 3.488 nemendur Skólabúðir UMFÍ ásamt umsjónarfólki. Mikil eftirspurn er líkt og undanfarin ár eftir dvöl á Reykjum og er staðan nú að fullbókað er fyrir skólaárið 2026–2027. Í Skólabúðunum eru níu starfsmenn, þar á meðal forstöðumaður, frístundaleiðbeinendur og starfsfólk sem sinnir eldhúsi, ræstingum og öðrum þáttum starfseminnar. Að auki er einn verktaki á staðnum, sem sinnir viðhaldi og ýmsum tilfallandi verkefnum. Starfsmannahópurinn býr yfir mikilli þekkingu og reynslu og stór hluti hans hefur starfað við Skólabúðir UMFÍ frá því starfsemin hófst á Reykjum árið 2022. Sá stöðugleiki hefur reynst mikilvægur fyrir uppbyggingu starfsins og stuðlar að faglegu og jákvæðu umhverfi fyrir nemendur.

Áfram hefur verið í unnið að framkvæmdum á svæðinu. Árið 2025 var hafist handa við að leggja nýtt parket í kennslustofur í Bjarnaborg. Sett voru upp ljós í matsal í Ólafshúsi og íþróttahúsi. Sumarið 2026 hófust svo umfangsmiklar endurbætur á þaki Bjarnaborgar.

Töluvert hefur verið um helgarbókanir hópa á Reykjum. Þetta eru aðallega fjölskylduhópar, viðburðir félagasamtaka, ráðstefnur og fleira af þeim toga. Ljóst er að tækifærin í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum eru mikil og fjölbreytt.

SKÓLAÁRIÐ 2025-2026

Hér má sjá upptalningu á öllum þeim skólum sem áttu nemendur í Skólabúðum UMFÍ á Reykjum skólaárið 2025–2026.

Austurland

Grunnskóli Hornafjarðar.

Höfuðborgarsvæði

Austurbæjarskóli, Álfhólsskóli, Álftamýrarskóli, Álftanesskóli, Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðbæ, Barnskóli Reykjavíkur, Borgaskóli, Breiðagerðisskóli, Breiðholtsskóli, Dalskóli, Engidalsskóli, Engjaskóli, Flataskóli, Foldaskóli, Fossvogsskóli, Grandaskóli, Hamraskóli, Háteigsskóli, Helgafellsskóli, Hofsstaðaskóli, Hólabrekkuskóli, Hraunvallaskóli, Húsaskóli, Hvaleyrarskóli, Hvassaleitisskóli, Hörðuvallaskóli, Ingunnarskóli, Kársnesskóli, Klébergsskóli, Kópavogsskóli, Landakotsskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Lækjarskóli, Melaskóli, Norðlingaskóli, Rimaskóli, Salaskóli, Selásskóli, Seljaskóli, Setbergsskóli, Sjálandsskóli, Skarðshlíðarskóli, Snælandsskóli, Sæmundarskóli, Urriðaholtsskóli, Valhúsaskóli, Vatnsendaskóli, Vesturbæjarskóli, Víðistaðaskóli, Vogaskóli, Öldutúnsskóli

Norðurland eystra

Borgarhólsskóli, Brekkuskóli, Dalvíkurskóli, Giljaskóli, Glerárskóli, Grenivíkurskóli, Grunnskóli Fjallabyggðar, Grunnskólinn á Þórshöfn, Hrafnagilsskóli, Hríseyjarskóli, Lundarskóli, Naustaskóli, Oddeyrarskóli, Síðuskóli, Valsárskóli, Þelamerkurskóli.

Norðurland vestra

Árskóli, Grunnskólinn austan Vatna, Grunnskóli Húnaþings vestra, Húnaskóli, Höfðaskóli, Varmahlíðarskóli.

Suðurland

Bláskógaskóli Laugarvatni, Flóaskóli, Flúðaskóli, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Kerhólsskóli, Kirkjubæjarskóli, Reykholtsskóli, Víkurskóli.

Suðurnes

Gerðaskóli, Háaleitisskóli á Ásbrú, Heiðarskóli, Holtaskóli, Myllubakkaskóli, Njarðvíkurskóli, Sandgerðisskóli, Stapaskóli, Stóru-Vogaskóli.

Vestfirðir

Grunnskóli Bolungarvíkur, Grunnskólinn á Hólmavík, Grunnskóli Önundarfjarðar, Grunnskólinn á Ísafirði, Grunnskólinn á Suðureyri, Grunnskólinn á Þingeyri, Patreksskóli, Reykhólaskóli, Tálknafjarðarskóli.

Vesturland

Brekkubæjarskóli, Auðarskóli, Grundaskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar, Grunnskóli Grundarfjarðar, Grunnskóli Snæfellsbæjar, Grunnskólinn í Borgarnesi, Heiðarskóli.

SKÓLAR	2025-26	2024-25
Höfuðborgarsvæði	54	41
Suðurnes	9	10
Vesturland	8	7
Vestfirðir	9	7
Norðurland vestra	6	4
Norðurland eystra	16	10
Austurland	1	1
Suðurland	8	7
Samtals	**111**	**87**

27,6%

AUKNING Á FJÖLDA SKÓLA MILLI ÁRA

> Ég hugsaði að 12 ára ég væri svo til í að sjá og upplifa þennan stað á nýjan leik og varð þess vegna að deila góðum minningum með öðrum sem hafa farið á Reyki. Ég er uppfull af gleði eftir þessa ferð og tek með mér fullt af leikjum og góð samskipti í veganesti. Ég vil einnig hrósa starfsfólki skóla-búðanna fyrir frábær störf og æðislegt viðmót, allir svo glaðir og kátir. Haldið áfram að vera svona frábær!
>
> Aðalheiður Elín Ingólfsdóttir, kennari við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði.



MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus íþrótta- og fjölskylduhátíð með keppnisgreinum fyrir ungmenni á aldrinum 11 – 18 ára. Mótið var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina, það er dagana 30. júlí – 2. ágúst. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörður. Mótið var þar áður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023.

Undirbúningur Unglingalandsmóts UMFÍ hófst í eiginlegum skilningi fremur seint, eða í byrjun sumars 2026 þegar forsvarsfólk UMSS og sveitarfélagsins skrifaði undir samning um mótahaldið. Í kjölfarið var framkvæmdanefnd skipuð. Í nefndinni sátu fulltrúar UMFÍ, UMSS og sveitarfélagsins. Nefndin fundaði reglulega og skipti með sér verkefnum.

FRAMKVÆMDANEFND

Ómar Bragi Stefánsson var framkvæmdastjóri mótsins en Pálína Ósk Hraundal var ráðin í starf verkefnastjóra mótsins. Þau, ásamt framkvæmdanefnd, stóðu að skipulagningu þess. Starfsfólk UMFÍ kom einnig að undirbúningi og framkvæmd mótsins með ýmsum hætti.

Í framkvæmdanefnd ásamt þeim Ómari og Pálínu voru:

- Sigfús Ólafur Guðmundsson (sveitarfélagið Skagafjörður) – formaður nefndar.
- Helgi Freyr Margeirsson (UMSS) – gjaldkeri.
- Þorvaldur Gröndal (UMSS) – ritari.
- Ísak Óli Traustason (UMSS) – keppnisstjórn.
- Svavar Atli Birgisson (UMSS) – tjaldbúðir og öryggi.
- Gunnar Þór Gestsson (UMSS) – tjaldbúðir og öryggi.
- Kristinn Briem (UMSS) – tjaldbúðir og öryggi.
- María Neves (sveitarfélagið Skagafjörður) – afþreyingarstjórn.
- Thelma Knútsdóttir (UMSS) – sjálfboðaliðar.
- Gunnar Páll Ólafsson (sveitarfélagið Skagafjörður) – svæðisstjórn.

FYRIRKOMULAG MÓTSINS

Skráðir keppendur voru tæplega 1.100 á aldrinum 11 – 18 ára og greinaskráningar um 6.306 talsins. Það jafngildir því að hver keppandi hafi tekið þátt í um 6–7 greinum.

1.096 þátttakendur

um **6.306** skráningar í greinar

Unglingalandsmót UMFÍ hófst á fimmtudegi með keppni í golfi, krakkahreysti og júdó. Að keppni lokinni á þessum fyrsta fór fram danskeppni – frístæl. Mótinu öllu lauk á sunnudagskvöldi með tónleikum, brekkusöng og flugeldasýningu.

UMFÍ og þátttakendur Unglingalandsmótsins notuðu skráningarkerfið Abler. Kerfið hefur reynst vel. Í gegnum árin hafa mótsgestir nýtt það bæði til að skrá þátttakendur og fylgjast með dagskrá móstins.

Abler-kerfið tryggði gott skipulag yfir yfirlit greina og tímasetningar og gerði forsvarsfólki UMFÍ kleift að senda mótsgestum skilaboð í gegnum það. Þetta var annað árið í röð sem alla greinar mótsins voru sýnilegar í dagskrá Abler-appsins.

Aðgangur að tjaldsvæði hefur fylgt miðakaupum og hafa mótsgestir þurft að kaupa aðgang að rafmagni. Nú varð breyting á, mótsgestir keyptu aðgang að tjaldsvæði á Nöfunum og með því fylgdi aðgangur að rafmagni.

KEPPNISGREINAR

Keppt var í eftirfarandi greinum: Badminton, bogfimi, frisbígolf, frjálsar íþróttir, glíma, golf, grasblak, grashandbolti, hestaíþróttir, utanvegahjólreiðar, júdó, knattspyrna, krakkahreysti, kökuskreytingar, körfubolti, motocross, parasport og Special Olympics, pílukast, skák, stafsetning, sund og upplestur.

AFÞREYING OG TÓNLEIKAR

Á mótinu var fjölbreytt afþreyingadagskrá og tónleikar alla dagana.

Dæmi um afþreyingu fyrir alla fjölskylduna: Frístældans, fyrirlestrar með Elísu Viðarsdóttur, Sabínu Steinunni Halldórsdóttur og Halldóri Jóni Sigurðssyni (Donna), frisbígolf fyrir alla fjölskylduna, fjöruhlaup fyrir alla fjölskylduna í sandfjöru, sandkastalagerð, prikhestaviðburður, bæjarganga um gamla bæinn, ofurhetjuhlaup, pílukast og grasblak fyrir fullorðna.

Tónleikar: Sprite Zero Klan, Maron Birnir, DJ Ernir Daði og DJ Ragga Hólm, Úlfur Úlfur og Reynir Snær, Eysteinn og Lillý.

SÉRGREINASTJÓRAR

23 sérgreinastjórar voru á Unglingalandsmótinu. Þeir voru eftirfarandi við hverja grein:

GREIN	SÉRGREINASTJÓRI
Badminton	Helgi Jóhannesson
Bogfimi	Indriði Grétarsson
Dans	Ragndís Hilmarsdóttir
Frisbígolf	Haukur Arnar Árnason
Frjálsar íþróttir	Thelma Knútsdóttir
Glíma	Gunnar Freyr Þórarinsson
Golf	Andri Þór Árnason
Grasblak	Una Sigurðardóttir
Grashandbolti	Guðrún Helga Tryggvadóttir
Hestaíþróttir	Unnur Rún og Freydís Þóra
Hjólreiðar	Pétur Ingi Björnsson
Júdó	Grétar Karlsson
Knattspyrna	Konráð Freyr Sigurðsson
Krakkahreysti	Ægir Björn Gunnsteinsson
Kökuskreytingar	Róbert Óttarsson
Körfubolti	Karl Ágúst Hannibalsson
Motocross	Guðmundur Helgi Gíslason
Pílukast	Júlíu Helgi Bjarnason
Skák	Svavar Viktorsson
Stafsetning	Sigurður Jónsson
Sund	Málfríður Sigurhansdóttir
Upplestur	Laufey Leifsdóttir

SETNING OG SLIT MÓTS

Mótið var sett föstudagskvöldið 31. júlí á íþróttavelli Sauðárkróks. Þar voru flutt nokkur ávörp. Ernir Daði og Lillý héldu utan um setningu mótsins. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, flutti ávarp ásamt Gunnari Þór Gestssyni, formanni Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS). Lára Sigurðardóttir flutti ávarp keppenda og lagði þar áherslu á að mótið væri fyrir öll og að virða beri leikreglurnar sem settar eru.

Lára sagði: „Við skulum vera fordómalaus, efla vináttu og vinabönd og fara héðan með góðar minningar.“

Fánaberar við setninguna voru þau Valþór Máni Helgason, Dagmar Helgadóttir, Anton Jakobsson, Greta Berglind Jakobsdóttir, Brynjar Morgan Brynjarsson og Nína Brynjarsdóttir. Aðalfánaberi var Ingimar Eyberg Ingólfsson.

Kyndilberar voru þau Friðrik Logi Knútsson og Ellen Día Dúfudóttir og báru þau landsmótseldinn á milli sín og tengdruðu hann.

Hefð er fyrir því að þátttakendur á Unglingalandsmótinu gangi fylktu liði með sínu fólki inn á íþróttavöllinn við setningu móts. Sami háttur var hafður á nú. Þátttakendur frá UÍA leiddu lestina en Unglingalandsmótið var haldið á Egilsstöðum árið 2025. Á eftir fylgdu þátttakendur frá aðildarfélögum sambandsaðila UMFI á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra, Vesturlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vestfjörðum. Þátttakendur frá sambandsaðilum á Norðurlandi vestra og UMSS ráku lestina eins og hefð er fyrir.

Eftir setningu Unglingalandsmótsins var boðið upp á fjölskyldufjör í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þátttakendum á öllum aldri gafst þá kostur á að prófa LED-badminton, blindrabolta, frisbígolf, boðið var upp á körfuboltadjamm pickleball, Flag Football og margt fleira.

Mótsslit fóru fram venju samkvæmt að lokinni kvöldvöku á sunnudagskvöldinu. Hljómsveitin Úlfur Úlfur kom fram auk fleira tónlistarfólks sem stýrði meðal annars brekkusöng. Að því loknu hélt Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, stutt ávarp og sleit mótinu.

MÓTSBLAÐ

Sérstakt mótsblað kom út í aðdraganda Unglingalandsmótsins. Það var bæði prenta og aðgengilegt á vefsvæði mótsins. Mótsgestir fengu það afhent með mótsgöngum. Í blaðinu, sem var 52 blaðsíður, voru helstu upplýsingar um Unglingalandsmótið, keppnisgreinar og afþreyingu, auk innslaga frá fulltrúum UMFÍ, UMSS og sveitarfélaginu Skagafirði. Þar var jafnframt viðtal við Jón Sævar Þórðarson, hugmyndasmið mótsins. Í mótsblaði árið 2025 var brugðið út af hefð fyrri ára, sem einkenndist af ávörpum frá áðurnefndum fulltrúum UMFÍ, sambandsaðila og viðkomandi sveitarfélags. Nú sem þá voru viðkomandi spurðir ákveðinna spurninga um gildi mótsins fyrir héraðið og sveitarfélag. Það gafst vel, var bæði léttara og skemmtilegra aflestrar en þungir pistlar. Spurningar og svör verða skemmtilegri aflestrar en ávörp og koma í veg fyrir að sömu einstaklingar sem þar rita endurtaki sig í ávörpum við setningu mótsins.

SAMSTARFSAÐILAR

Helstu samstarfsaðilar mótsins voru: Kaupfélag Skagfirðinga, CCEP, Landsvirkjun, FISK Seafood, Mjólkursamsalan, Íslensk getspá og Getraunir, Steypustöð Skagafjarðar og Góa. Margir fleiri og smærri samstarfsaðilar mótsins voru með og birtist efni þeirra í mótsblaðinu.

MÓTTAKA

Hefð er fyrir því að viðkomandi sveitarfélag haldi hátíðarmóttöku fyrir forsvarsfólk Unglingalandsmóts hverju sinni. Þangað er boðið forsvarsfólki UMFÍ, sveitarfélagsins, framkvæmdanefnd, þingmönnum viðkomandi kjördæmis og ýmsum fleirum. Willum Þór Þórsson, forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), var á meðal gesta við setningu Unglingalandsmótsins og var boðið til móttökunnar. Þangað kom líka Jón Sævar Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Ungmennasambands Eyjafjarðar (UMSE) en hann er eins og áður sagði hugmyndasmiður Unglingalandsmótsins, sem fyrst var haldið á Dalvík árið 1992.

HEIÐRANIR OG VIÐURKENNINGAR

Hefð hefur verið fyrir því að afhenda sambandsaðilum UMFÍ Sigurðarbikar fyrir framkvæmd mótsins. Það hefur verið gert í hátíðarmóttöku. Nú var bikarinn afhentur í samræmi við reglugerð, við slit mótsins enda á bikarinn að undirstrika vel lukkað mótshald. Gunnar Þór Gestsson, formaður UMSS, tók við bikarnum fyrir hönd sambandsins.

Fyrirmyndarbikar er afhentur við slit Unglingalandsmóts til þess félags sem þykir hafa verið til fyrirmyndar á mótinu í háttum og gjörðum. Að þessu sinni hlutu þátttakendur undir merkjum Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) bikarinn. Sjálfboðaliðinn Jóna Finndís Jónsdóttir, fyrrverandi formaður Ungmennafélags Akureyrar (UFA), tók við bikarnum fyrir hönd bandalagsins.

TAKK ÓMAR

Við slit mótsins greindi Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, frá því að þetta hafi verið síðasta mótið sem Ómar Bragi Stefánsson leiði en hann verður sjötugur árið 2027. Fyrsta mót UMFÍ sem Ómar Bragi stýrði var einmitt Unglingalandsmót á Sauðárkróki árið 2004. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Landsmóts UMFÍ 50+ og fleiri viðburða og var síðast fulltrúi UMFÍ í Drulluhlaupinu í ágúst.

„Þúsundir barna og ungmenna hafa á liðnum árum tekið þátt í Unglingalandsmóti og notið þeirra upplifana sem mótið skapar. Ómar Bragi hefur um árabil verið einn af helstu drifkröftum mótsins. Hann hefur lagt metnað sinn í þróun þess, staðið vörð um gildi þess og haft skýra sýn á hvernig það gæti áfram verið vettvangur þar sem ungt fólk hittist, hreyfir sig, eignast vini og skapar minningar," sagði Jóhann Steinar, formaður UMFÍ.

FJÖLDI ÞÁTTTAKENDA

ÁR	STAÐUR	FJÖLDI
2026	Sauðárkrókur	1.088
2025	Egilsstaðir	1.082
2024	Borgarnes	982
2023	Sauðárkrókur	1.018
2022	Selfoss	959
2019	Höfn í Hornafirði	960

ÞÁTTTAKENDUR EFTIR SAMBANDSAÐILUM

SAMBANDS-AÐILI	2026	2025	2024	2023
HHF	17	18	15	6
HSB	0	1	0	2
HSH	31	20	51	0
HSK	117	78	131	108
HSS	8	0	10	9
HSV	0	0	0	1
HSÞ	55	47	24	32
ÍA	9	12	18	13
ÍBA	106	66	85	124
ÍBH	20	36	37	27
ÍBR	102	58	91	56
ÍBV	1	0	0	0
ÍRB	10	25	33	0
ÍS	0	0	0	2
UDN	12	6	21	14
UIA	72	336	24	46
UÍF	0	7	1	5
UMSB	58	49	119	50
UMSE	44	63	56	50
UMSK	72	64	85	99
UMSS	191	53	41	194
USAH	32	25	25	31
USÚ	25	36	17	16
USVH	18	4	9	15
USVS	30	29	30	28
Vesturhlíð	0	0	0	0
Án héraðs	66	49	59	90
Samtals	**1096**	**1082**	**982**	**1018**

FJÖLMENNUSTU GREINAR MÓTSINS

	FJÖLDI	HLUTFALL AF HEILD	FJÖLDI LIÐA
Frjálsar íþróttir	1.993	181,84%	-
Knattspyrna	530	49%	89
Grasblak	508	47%	108
Kökuskreytingar	493	46%	290
Grashandbolti	396	37%	80
Körfubolti	362	33%	88
Pílukast	292	27%	292
Badminton	158	15%	158
Krakkahreysti	146	13%	73

> Mín börn hafa ekki tekið þátt áður og við foreldrarnir erum ótrúlega ánægð með hversu frábært skipulagið er og hvernig öll skráning gengur hratt og örugglega fyrir sig.

> Mitt barn keppti í körfubolta. Ég vil hrósa skipulaginu þar í hástert, allt gekk hundrað prósent upp varðandi tímasetningar og skipulag þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda. Góð upplýsingagjöf fyrir keppnina og skráningarkerfið eiga þar stóran þátt. TAKK!

> Ég dáist að hvað það er boðið upp á fjölbreyttar greinar og alltaf eitthvað nýtt að koma.

> Langar að hrósa framkvæmdinni á Sauðárkróki. Gott að vera með tvo keppendur á svæði þar sem allt er á sama stað. Ekkert mál að hoppa á milli og sjá bæði börnin keppa. Ávaxtatjaldið fær einkunn upp á 10. Frábært framtak!

LYKILTÖLUR ÚR KÖNNUN MEÐAL ÞÁTTTAKENDA

Niðurstöður þátttakendakönnunar. 276 svöruðu könnun eftir mótið samanborið við 218 árið 2025.

98,5%
þátttakenda líkaði að vera á mótinu

97,4%
þátttakenda myndu mæla með mótinu við aðra

92%
fannst framkvæmd mótsins takast mjög vel eða vel

28,3%
þátttakenda kom í fyrsta sinn á mótið

Ný spurning: Hvað finnst þér um að foreldrar / forráðafólk taki þátt í framkvæmd keppnisgreina, svo sem stigatöflum eða tímavörslu?

39,6% MJÖG GOTT

33,1% GOTT

22,2% HVORKI











LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ sameinar fólk á besta aldri til þátttöku á íþróttaviðburði þar sem blandað er saman hreyfingu, keppni og félagslegri skemmtun. Mótið er opið öllum sem verða 50 ára á árinu og eldri.

Mótið hefur verið haldið á hverju ári frá árinu 2011 og aldrei á sama stað. Það var haldið að Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit í lok júní 2026 í samstarfi við Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) og Eyjafjarðarsveit. Undirbúningur Landsmóts UMFÍ 50+ hófst strax að loknu móti ársins 2025.

FRAMKVÆMDANEFND

Framkvæmdastjóri mótsins var Ómar Bragi Stefánsson ásamt því að vera starfsmaður nefndarinnar. Ekki hefur tíðkast að ráða sérstakan verkefnastjóra fyrir mótið líkt og á Unglingalandsmóti. Framkvæmdanefnd samanstóð af fulltrúum UMFÍ, UMSE og frá sveitarfélaginu Eyjafjarðarsveit.

FRAMKVÆMDANEFND:

- Haukur Valtýsson (UMSE) – formaður.
- Einar Hafliðason (UMSE) – gjaldkeri.
- Jónína Guðlaugsdóttir (UMSE) – ritari.
- Þorgerður Guðmundsdóttir (UMSE) – keppnisstjóri.
- Snæþór Arnþórsson (UMSE) keppnisstjórn.
- Erwin van der Werve (UMSE) – keppnisstjórn.
- Kristín Thorberg (UMSE) – afþreyingastjórn.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir (UMSE) – veitinga-, tjaldbúða- og öryggisstjórn.
- Skírnir Már Skaftason (UMSE) – veitinga-, tjaldbúða- og öryggisstjórn.
- Davíð Ágústsson (UMSE) – svæðisstjórn.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson (UMFÍ) – fulltrúi stjórnar UMFÍ.
- Valgerður Reykjalín (UMSE) – framkvæmdastjóri UMSE.

FYRIRKOMULAG MÓTSINS

Dagskrá mótsins var fjölbreytt eins og fyrri ár. Opnir viðburðir voru hugsaðir til að höfða til fólks utan markhópa, það er til yngra fólks. Þátttakendur í brennibolta voru allt konur. Á sunnudeginum var haldið fjölskyldufjör í samstarfi við Ungmennafélagið Samherjar, sem fagnaði 30 ára afmæli. Á meðal viðburða í fjölskyldufjörinu voru göngufótbolti, frisbígolf, petanque, pokavarp, teymt var undir börnum og fjölskylduhlaup.

Mjög góð þátttaka var á mótinu en þátttakendur voru 366 talsins samanborið við 340 á mótinu ári fyrr.

KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru 19 talsins. Á Akureyri var keppt í boccía og ringó, í golfi á golfvellinum á Dalvík og pútti á golfvellinum á Þverá. Keppt var í öðrum greinum í Hrafnagilshverfi.

Greinarnar voru: Badminton, boccía, bogfimi, brennibolti, bridds, frisbígolf, frjálsíþróttir, götuhjólreiðar og pílukast, pokavarp, pönnukökubakstur, skák, skotfimi, stígvélakast og sund.

SÉRGREINASTJÓRAR

Þrír sérgreinastjórar stýrðu greinum mótsins og öll þeirra voru með nokkrar greinar. Þeir voru eftirfarandi við hverja grein:

Badminton	Erwin van der Werve
Boccía	Þorgerður Guðmundsdóttir
Bogfimi	Þorgerður Guðmundsdóttir
Bridds	Snæþór Arnþórsson
Frisbígolf	Snæþór Arnþórsson
Frjálsar íþróttir	Þorgerður Guðmundsdóttir
Golf	Snæþór Arnþórsson
Hjólreiðar	Erwin van der Werve
Pílukast	Snæþór Arnþórsson
Pokavarp	Erwin van der Werve
Pútt	Snæþór Arnþórsson
Pönnukökubakstur	Þorgerður Guðmundsdóttir
Ringó	Þorgerður Guðmundsdóttir
Skák	Þorgerður Guðmundsdóttir
Skotfimi – riffilgreinar	Snæþór Arnþórsson
Skotfimi – haglagreinar	Snæþór Arnþórsson
Stígvélakast	Erwin van der Werve
Sund	Erwin van der Werve
Brennibolti	Snæþór Arnþórsson
Utanvegahlaup	Erwin van der Werve

SETNING MÓTSINS

Landsmót UMFÍ 50+ var sett í Íþróttahöllinni á Akureyri á milli keppni í boccía og ringó föstudaginn 26. júní klukkan 17:00. Á setningunni voru fjórir fánaberar. Kristján Sigurðsson bar fána Íslands, Birgitta Guðjónsdóttir bar Hvítbláann, fána UMFÍ, Svanhildur Ósk Ketilsdóttir bar fána UMSE og Benjamín Örn Davíðsson fána Eyjafjarðarsveitar.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, setti mótið og afhenti fulltrúum Eyjafjarðarsveitar þakkarskjöld UMFÍ eins og venja er. Þau Hermann Ingi Gunnarsson flutti ávarp fyrir hönd Eyjafjarðarsveitar og Þorgerður Guðmundsdóttir fyrir hönd UMSE. Tónlistaratriði var í umsjón Ívars Helgasonar.

Jóhann Steinar sagði í ávarpi sínu að í COVID-faraldrinum hafi orðið til einskonar tilraunaeldhús í íþrótta- og félagsstarfi. Áskorun nú felist í því að falla ekki aftur í sama gamla farið. Þvert á móti verði íþróttafélög og félagasamtök nú sem fyrr að huga að hlutverki sínu í samfélaginu.

„Faraldurinn gat af sér vettvang til að laða fram hugmyndir og leita lausna. Oft tókst það. En eftir að faraldrinum lauk snerum við mörg aftur í gamla farið. Þar liggur áskorunin: við megum ekki staðna. Íþróttafélög og félagasamtök voru hluti af almannavörnum samfélagsins – fólk leitaði lausna saman til að vinna gegn einangrun og einmanaleika,“ sagði hann.

MÓTSBLAÐ

Sérstakt mótsblað kom út í aðdraganda Landsmóts UMFÍ 50+. Það var bæði prentað og aðgengilegt á vefsvæði mótsins. Mótsgestir fengu það afhent með mótsgögnum. Í blaðinu, sem var 32 blaðsíður, voru helstu upplýsingar um mótið, keppnisgreinar og afþreyingu, auk innslaga frá fulltrúum UMFÍ, formanni framkvæmdanefndar mótsins, UMSE og oddvita sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Þar var jafnframt fjallað um sögu mótanna og sögu UMSE ásamt tilvísun í bók sem nýverið kom út um sögu sambandsins.

SAMSTARFSAÐILAR

Fjölmargir samstarfsaðilar voru sem fyrr á bak við Landsmót UMFÍ 50+. Þeir stærstu voru sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit og Skógarböðin. Mikill fjöldi annarra samstarfsaðila í Eyjafirði og víðar um land studdi við mótið með ýmsum hætti. Auglýsingar þeirra, lógó og styrktarlínur voru birtar í mótsblaðinu.

MATAR OG SKEMMTIKVÖLD

Matar- og skemmtikvöld var haldið laugardagskvöldið 27. júní á veitingastaðnum Vitanum á Akureyri. Þátttakendum mótsins stóð til boða að taka rútu frá tjaldsvæðinu í Hrafnagilshverfi að veitingastaðnum og til baka. Kvöldið er orðinn fastur liður í mótahaldinu og er það ætíð vel sótt.

HEIÐRANIR OG VIÐURKENNINGAR

Á matar- og skemmtikvöldinu var sex einstaklingum þakkað fyrir virka þátttöku á Landsmótum UMFÍ 50+ í gegnum tíðina og fyrir að hvetja aðra til þátttöku. Þetta voru þau Flemming Jessen, sem hefur komið að öllum mótunum, Eygló Alexandersdóttir, Margrét Björnsdóttir, Karl Lúðvíksson, Steinunn Ingimarsdóttir og Þorbergur Þórðarson.

Öll hafa þau látið til sín taka með einum eða öðrum hætti á mótinu, verið í forsvari fyrir hópa sem hafa tekið þátt, keppt sjálf á mótunum og verið virkir þátttakendur.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, afhenti þeim blómvönd og þakkir. Mótsgestir stóðu á fætur og klöppuðu fyrir sexmenningunum.

FJÖLDI ÞÁTTTAKENDA

ÁR	STAÐUR	FJÖLDI
2026	Hrafnagilshverfi	366
2025	Siglufjörður og Ólafsfjörður	340
2024	Vogar á Vatnsleysuströnd	313
2023	Stykkishólmur	306
2022	Borgarnes	216
2019	Neskaupsstaður	266

ÞÁTTTAKENDUR EFTIR SAMBANDSAÐILUM

SAMBANDS-AÐILI	2026	2025	2024	2023
HHF	1	0	1	0
HSB	0	0	0	1
HSH	2	2	3	43
HSK	23	35	41	22
HSS	1	1	5	6
HSV	12	17	11	16
HSÞ	5	9	4	5
ÍA	7	3	9	3
ÍBA	69	28	0	8
ÍBH	1	2	7	7
ÍBR	12	7	37	12
ÍBV	0	0	0	0
ÍRB	4	20	28	0
ÍS	1	2	24	0
UDN	1	1	0	0
UÍA	10	2	7	2
UÍF	40	66	0	0
UMSB	32	37	30	42
UMSE	43	11	4	6
UMSK	28	28	48	30
UMSS	3	2	2	0
USAH	5	2	4	3
USÚ	2	2	2	0
USVH	16	17	8	3
USVS	4	2	0	9
Vesturhlíð	5	4	4	0
Án héraðs	39	40	34	88
Samtals	**366**	**340**	**313**	**306**

SKRÁNINGAR Í GREINAR

GREINAR	SKRÁNINGAR	LIÐ
Badminton	6	
Boccia	111	35
Bogfimi	15	
Bridds	66	16
Frisbígolf	3	
Frjálsar íþróttir	139	
Golf	50	
Hjólreiðar	14	
Píla	59	
Pokavarp	37	
Pútt	103	
Pönnukökubakstur	5	
Ringó	86	16
Skotfimi	10	
Stígvélakast	37	
Sund	50	
Samtals greinaskráningar	**791**	

ALDUR ÞÁTTTAKENDA	
50 - 59 ára	57 (15,0%)
60 - 69 ára	91 (24,9%)
70 - 79 ára	175 (47,8%)
80 - 89 ára	40 (11,5%)
90 - 100 ára	3 (0,8%)

366 þátttakendur

791 greinaskráningar



DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR

Drulluhlaupið er samstarf UMFÍ, Krónunnar og frjálsíþróttadeildar Ungmennafélags Aftureldingar í Mosfellsbæ (UMFA). Hlaupið er óhefðbundinn og skemmtilegur viðburður þar sem fjölskyldur, saumaklúbbar, vinir og/eða aðrir hópar og einstaklingar skemmta sér við að komast í gegnum drulluskítuga hlaupabraut.

Hlaupið fór fram laugardaginn 15. ágúst í brakandi blíðu.

Ekki er tímataka í Drulluhlaupi Krónunnar. Þess í stað er lögð áhersla á gleði og þátttöku.

Leiðin í Drulluhlaupinu er 3,5 kílómetra löng og einbeita þátttakendur sér að því að hjálpa hver öðrum yfir meira en 20 þrautir á leiðinni. Kynnir hlaupsins var Jón Jósep Snæbjörnsson, þekktur sem Jónsi í hljómsveitinni Svörtum fötum. Plötusnúður var DJ Bjarni. Jónsi var afar hress og héldu þeir félagar uppi stuðinu frá upphafi til enda.

Drulluhlaupið var fyrst haldið í Mosfellsbæ árið 2022 og hefur síðan þá verið árlegur viðburður. Þetta var því fimmta hlaupið. Krónan sér um hönnun kynningarefnis í samstarfi við UMFÍ, greiðir allan kynningarkostnað, fjármagnar afþreyinguna og útvegar drykki og ávexti fyrir þátttakendur hlaupsins. Á svæðinu var jafnframt lítil útgáfa af Skólahreystibraut sem umsjónaraðilar Skólahreystis stýrðu.

Þátttakendum í hlaupinu hefur fjölgað jafnt og þétt með árunum. Í fyrsta hlaupinu voru um 400 þátttakendur skráðir til leiks, í fyrra 1.025 og í ár um 1.200 á öllum aldri. Þeir hafa aldrei verið fleiri og óvíst hvort viðburðurinn geti ráðið við fleiri þátttakendur.

Þátttökugjald var 3.900 krónur á hvern þátttakanda. Hópar sem skráðu sig saman greiddu aðeins tvö þúsund krónum hærra verð fyrir hvern auk þátttakanda í hverjum hópi. Með þessu fyrirkomulagi var komið til móts við stærri hópa og fjölskyldur og reynt að koma í veg fyrir að þátttakan tæki um of á budduna.

HEIMSÓKN FRÁ LITHÁEN

Hlaupið hefur vakið mikla eftirtekt frá því það hófst fyrir fjórum árum. Hópur gesta frá Litháen kom hingað til lands sérstaklega til að kynna sér viðburðinn. Þar var á ferð Mindaugas Levickis, formaður íþrótta- og menningarsambandsins Nemunas og þrír aðrir fulltrúar á vegum þess.

Viðburðurinn fékk góða athygli. Bein útsending var frá honum í hádegisfréttum RÚV og rætt bæði við fulltrúa UMFÍ og Krónunnar. Um kvöldið var sýnt frá hlaupinu í fréttatíma RÚV.

1.200

ÞÁTTTAKENDUR










FRÆÐSLA OG FORVARNIR

INNLEND SAMVINNA

UMFÍ leggur áherslu á að allir geti tekið þátt í íþróttum og hreyfingu og verið hluti af öflugri liðsheild í samfélaginu. UMFÍ leggur einnig áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í verkefnum og viðburðum með öðrum samtökum.

ALLIR MEÐ

Allir með er samstarfsverkefni UMFÍ, ÍSÍ og ÍF og miðar að því að fjölga tækifærum barna með sér- og stuðningsþarfir í skipulögðu íþróttastarfi. Á tímabilinu 2025–2026 hefur mikilvægum árangri verið náð en þátttaka hópsins hefur aukist úr 4% í 8,5%. Í nóvember 2025 buðu 34 íþróttafélög víðsvegar um landið upp á starf fyrir börn og ungmenni með sér- og stuðningsþarfir.

Unnið hefur verið markvisst að uppbyggingu nýs starfs innan félaga, fræðslu þjálfara, bættu aðgengi að sérhæfðum búnaði og fjölgun íþróttagreina, auk þess sem Íslandsleikar og Allir með leikarnir hafa fest sig í sessi. Stjörnuleikarnir hafa sömuleiðis bæst við sem svæðisbundið grasrótarverkefni.

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar hefur verið mikilvægur liður í uppbyggingunni og í júní 2025 var 38,49 milljónum króna úthlutað til verkefna sem styðja við íþróttastarf fatlaðra. Áframhald verkefnisins hefur verið tryggt með 20 milljóna króna árlegu framlagi árin 2026–2028. Næsta tímabil verður lögð aukin áhersla á samstarf við skóla, frístundaþjónustu og sveitarfélög, svæðisbundið starf, fræðslu þjálfara og sjálfbærni starfs innan íþróttafélaganna. Markmiðið er að inngilding barna með sér- og stuðningsþarfir verði varanlegur hluti íslenskrar íþróttahreyfingar.

Valdimar Gunnarsson lét af störfum sem verkefnastjóri verkefnisins í júní 2026. Thelma Dögg Grétarsdóttir tók við keflinu í hans stað.

RADDIR UNGS FÓLKS

Í mars og apríl 2026 hélt UMFÍ og Ungmennaráð UMFÍ í samvinnu við ÍSÍ, átta svæðisbundna fundi um land allt í samræmi við svæðisstöðvar íþróttahéraða. Á fundina mættu samtals vel yfir 300 þátttakendur, þar á meðal ungmenni á aldrinum 15–25 ára, fulltrúar sveitarfélaga, þjálfarar og stjórnendur íþróttafélaga og íþróttahéraða.

Fundirnir voru skipulagðir af verkefnastjórum UMFÍ og ÍSÍ ásamt svæðisfulltrúum og Ungmennaráði UMFÍ. Erasmus+ styrkti verkefnið.

Markmið fundanna var að skapa vettvang þar sem ungt fólk fékk raunverulegt tækifæri til að koma skoðunum sínum milliliðalaust á framfæri við þá sem taka ákvarðanir í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Ólafur Stefánsson, fyrrum landsliðsfyrirliði í handbolta, flutti erindi á öllum fundum um það hvernig viðhalda megi gleði og áhuga ungmenna í íþróttum. Í kjölfar þess fóru fram skipulagðar umræður þar sem ungmenni og ráðafólk ræddu saman fimm lykilspurningar tengdar þátttöku og brottfalli úr íþróttum. Á hverju borði var borðstjóri sem tók niður helstu umræðuatriði. Niðurstöður fundanna verða meðal annars nýttar í heildstæða stefnumótunarvinnu ÍSÍ og UMFÍ ásamt því að búa til skýrslu fyrir fundina í heild sinni og fyrir hvert landsvæði.

KONUR OG ÍÞRÓTTIR

Í mars 2026 voru frumsýndar upptökur undir merkjum *Konur í íþróttum* – 44 fræðsluupptökur unnar í samstarfi Háskólans í Reykjavík (HR), KSÍ, ÍSÍ og UMFÍ. Þar er sjónum beint að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð íþróttakvenna á öllum aldri.

Í ágúst 2026 var svo hleypt af stokkunum nýju hliðarverkefni, Krafti kvenna (Fuelling Females), þar sem áherslan er á næringu, heilsu og lífeðlisfræði kvenna í íþróttum. Fyrsta málstofan var haldin í Háskólanum í Reykjavík í ágúst 2026 og var húsfyllir.

RÁÐSTEFNA RIG

Miðvikudaginn 21. janúar 2026 fór fram ráðstefna á vegum Reykjavíkurleikanna (RIG) í Háskólanum í Reykjavík (HR). Ráðstefnan var samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ, ÍBR og HR og fjallaði um snemmtæka afreksvæðingu í íþróttum barna og ungmenna og áhrif hennar á ungt fólk.

Áhersla var lögð á jafnvægið á milli afreksstefnu og heilbrigðs íþróttastarfs barna – meðal annars mikilvægi leikgleði og fjölbreytni, því hvernig forðast megi of snemmtæka sérhæfingu, og neikvæð áhrif markaðsvæðingar á íþróttastarf barna og ungmenna. Mark O'Sullivan, dósent við Norges idrettshøgskole (NIH) í Noregi, dró samhengið saman í orðunum: „Íþróttir eiga að vera fyrir börn, en ekki öfugt."

Meðal annarra fyrirlesara voru Siubhéan Crowne, doktorsnemi og rannsakandi í íþróttasálfræði frá Birmingham í Bretlandi, dr. Martin Camiré, prófessor við Ottawa-háskóla í Kanada, og Peter O'Donoghue, prófessor við HR. Hafrún Kristjánsdóttir og Hjördís Guðmundsdóttir stýrðu ráðstefnunni.



REYKLAUST TÓBAK

UMFÍ, í samvinnu við Fræðslu og forvarnir og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, vann að fjórum stuttum, hnitmiðuðum upptökum um skaðsemi og áhrif reyklauss tóbaks og ávinning þess að sleppa því að nota slíkar vörur á líkamlega og andlega heilsu ungmenna.

Félögin telja nauðsynlegt að bregðast við af festu við notkun nikótíns, sérstaklega notkun nikótínpúða, hjá ungmennum. Með öflugri fræðslu og vitundarvakningu um skaðsemi og áhrif nikótíns er hægt að snúa vörn í sókn. Efnið var unnið af dr. Láru G. Sigurðardóttur.



FORVARNARDAGURINN

Miðvikudaginn 1. október 2026 var Forvarnardagurinn haldinn í grunn- og framhaldsskólum landsins. Dagurinn er árlegur viðburður þar sem kastljósinu er beint að ungmennum í 9. bekk og á fyrsta ári framhaldsskóla.

Setning dagsins fór að þessu sinni fram í Verzlunarskóla Íslands. Á Forvarnardeginum ræða nemendur nýjustu niðurstöður rannsókna um aldurshóp sinn og miðla hugmyndum sínum um samveru, skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf.

Embætti landlæknis fer með verkefnastjórn Forvarnardagsins. Meðal samstarfsaðila eru embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greining, Planet Youth, ÍSÍ, UMFÍ, Samfés, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samstarf félagasamtaka í forvörnum, Bandalag íslenskra skáta, Heimili og skóli og ríkislögreglustjóri.



DAGUR GEGN EINELTI

8. nóvember á hverju ári er haldið upp á Dag gegn einelti. Í tilefni dagsins eru veitt Hvatningarverðlaun gegn einelti til einstaklings eða verkefnis sem hefur unnið ötullega að baráttunni gegn einelti.

UMFÍ nýtir daginn til að vekja athygli á einelti og kynna samræmda viðbragðsáætlun fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf. Viðbragðsáætlunin er aðgengileg á vef UMFÍ.

DAGUR SJÁLFBOÐALIÐANS

Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliða er 5. desember ár hvert. Sjálfboðaliðastörf hafa verið uppistaðan í öllu starfi UMFÍ frá því að ungmennafélagshreyfingin var stofnuð árið 1907.

Í tilefni dagsins buðu UMFÍ og ÍSÍ sjálfboðaliðum íþróttahreyfingarinnar til samverustundar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Þar fór fram málþing þar sem Lárus L. Blöndal, heiðursforseti ÍSÍ, ræddi um sinn feril sem sjálfboðaliði. Bjarni Malmquist Jónsson, formaður USÚ og Ungmennafélagsins Vísis, fjallaði um sjálfboðastarfið sem fólst í uppbyggingu frjálsíþróttavallar við Hrollaugsstaði í Suðursveit. Þá deildi Halla Margrét Jónsdóttir, fulltrúi UMFÍ, reynslu sinni úr stjórnarstörfum og sjálfboðaliðastarfi. Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, stýrði málþinginu.

Eftir málþingið var boðið upp á vöfflukaffi. Með viðburðinum vildu UMFÍ og ÍSÍ vekja athygli á ómetanlegu framlagi sjálfboðaliða til íþróttastarfsins – án þeirra væri starfið einfaldlega ekki mögulegt.

Í tilefni dagsins var ráðist í nýtt verkefni þar sem svæðisstöðvar íþróttahreyfingarinnar völdu sjálfboðaliða ársins hver á sínu svæði. Valið var úr tilnefningum sem bárust. Sjálfboðaliði ársins var útnefndur á Suðurlandi: Ragna Gunnarsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni; á Suðurnesjum: Jón B. Olsen, Hestamannafélaginu Mána; á Vesturlandi: Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir frá UDN/Glímufélagi Dalamanna; á Austurlandi: Gunnar Gunnarsson, fyrrverandi formaður UÍA; og á Norðurlandi eystra: Rósa Jónsdóttir hjá Golfklúbbi Fjallabyggðar.

UNGMENNARÁÐ UMFÍ

Ungmennaráð UMFÍ er skipað 12 ungmennum á aldrinum 15 – 25 ára. Við skipan í ráðið er horft til jafnrar aldursdreifingar, kyns og búsetu. Skipað er í ráðið til tveggja ára í senn eftir hvert Sambandsþing UMFÍ.

Hlutverk Ungmennaráðs UMFÍ er að vera stjórn UMFÍ til ráðgjafar í málefnum sem varða ungt fólk, framfylgja stefnu UMFÍ um ungt fólk og standa fyrir viðburðum fyrir ungt fólk. Ráðið fundar að meðaltali einu sinni í mánuði ýmist í gegnum fjarfundarbúnað eða í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa var haldin í Skólabúðum UMFÍ á Reykjum í Hrútafirði dagana 18.–20. september 2026. Ungmenni á aldrinum 15–25 ára tóku þátt í ráðstefnunni ásamt fulltrúum ungmennaráða, þingmönnum og ýmsu áhrifafólki í samfélaginu. Markmið ráðstefnunnar var að skapa öruggan vettvang fyrir samtal, sjálfseflingu og tengslamyndun þátttakenda.

Yfirskrift ráðstefnunnar var: Blómstrum. Styrkjumst. Tengjumst. Hún vísaði til þess hvernig við getum eflt andlega, líkamlega og félagslega heilsu okkar í heimi þar sem áreiti, hraði og skjánotkun hafa sífellt meiri áhrif á daglegt líf.

Skúli Bragi Geirdal, sviðsstjóri hjá Netvís og sérfræðingur í stafrænu umhverfi ungs fólks, samfélagsmiðlum og netöryggi, flutti erindi um hvernig öpp eru hönnuð til að halda fólki föngnu við skjáinn og leiðir til að auka eigin meðvitund og taka aftur stjórnina. Ólafur Stefánsson, fyrrum fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta og einn farsælasti íþróttamaður Íslands, fjallaði um sálfræðilegan sveigjanleika og hvernig sá hæfileiki getur hjálpað fólki til að halda tryggð við eigin gildi og markmið. Eftir erindin fóru fram þrjár vinnusmiðjur sem tengdust yfirskrift ráðstefnunnar. Markmið smiðjanna var að leita svara við spurningunni: Hver á þína athygli?

Þátttakendum var einnig skipt í sex heimahópa þar sem fyrirliðar hvers hóps voru fulltrúar úr Ungmennaráði UMFÍ. Milli heimahópanna fór fram létt stigakeppni alla helgina sem endaði með uppskeruhátíð á sunnudagsmorgni þar sem hver hópur kynnti afrakstur helgarinnar.

Ráðstefnan var skipulögð af Ungmennaráði UMFÍ, sem hefur staðið að viðburðinum frá árinu 2009. Viðburðurinn var styrktur af Erasmus+.

KAFFIHÚSASPJALL MEÐ RÁÐAFÓLKI

Á lokadegi ráðstefnunnar fór fram kaffihúsaspjall þar sem ráðstefnugestum gafst tækifæri til að ræða við þingmenn, sveitarstjórnarfólk og áhrifafólk á jafningjagrundvelli. Jafnframt fengu gestirnir tækifæri til að hlusta á skoðanir og hugmyndir ungmennanna.

Gestirnir voru:

- Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins.
- Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.
- Einar Jóhannes Guðnason, fulltrúi Miðflokksins.
- Embla Líf Hallsdóttir, formaður Ungra athafnakvenna.
- Guðmundur Ari Sigurjónsson, þingmaður Samfylkingarinnar.
- Halla Hrund Logadóttir, þingmaður Framsóknarflokksins.
- Ingileif Friðriksdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.
- Ingvar Þóroddsson, þingmaður Viðreisnar.
- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.
- Kolbrún Ósk Pétursdóttir, verkefnastýra Æskulýðsvettvangsins.
- María Rut Kristinsdóttir, þingmaður Viðreisnar.
- Patrekur Jóhannesson, fyrrum afreksmaður í handbolta, þjálfari og starfsmaður Afreksmiðstöðvar ÍSÍ.
- Salma Björt Önnudóttir, fulltrúi Miðflokksins.
- Silja Sóley Birgisdóttir, borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins í Reykjavík.
- Silja Úlfarsdóttir, íþróttapönkari, þjálfari og umboðsmaður íþróttafólks.
- Þórhildur Vala Kjartansdóttir, varðstjóri hjá lögreglunni.

90% lærðu eitthvað nýtt um helgina

66% mættu í fyrsta skipti á ráðstefnu

93% fannst dagskráin í heild góð eða mjög góð

98% myndu mæla með ráðstefnunni við aðra

Meðal þess sem þátttakendur nefndu að þeir hefðu lært um helgina:

- Hvernig algóritmar samfélagsmiðla eru hannaðir til að fanga athygli okkar
- Að taka aftur stjórn á eigin símanotkun og vera meira til staðar í núinu
- Að þora að stíga út fyrir þægindarammann og kynnast nýju fólki
- Nýja innsýn í stjórnmál og samfélagsmál í gegnum milliliðalaust samtal við þingfólk
- Hvernig gervigreind og tækniþróun hefur áhrif á samfélagið og eigið líf

NORRÆN UNGMENNAVIKA

Dagana 31. október til 6. nóvember 2025 tóku átta fulltrúar úr Ungmennaráði UMFÍ þátt í norrænu ungmennavikunni NordUng í Rovaniemi í Lapplandi í Finnlandi. Yfirskrift ungmennavikunnar var „Loud and Clear: Our Voice Matters". Viðburðurinn var haldinn á vegum norrænu ungmennasamtakanna NordYouth/ NordUng og var ætlaður ungu fólki á aldrinum 14–29 ára frá öllum Norðurlöndunum.

Á dagskránni voru málstofur og hópastarf um málefni minnihlutahópa, sjálfsmynd og margbreytileika. Einn af hápunktum vikunnar var heimsókn í Jólasveinaþorpið við heimskautsbaug.

Þátttakendur voru: Eiður Andri Guðlaugsson, Ernir Daði Arnberg Sigurðsson, Guðný Óladóttir, Halla Margrét Jónsdóttir, Ísleifur Auðar Jónsson, Karen Hulda Finnsdóttir, Kolbeinn Þorsteinsson og Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage.

ÁHRIF UNGMENNARÁÐA

Þriðjudaginn 10. mars 2026 komu um 25 ungmenni á aldrinum 15–25 ára saman í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal til að ræða hvað virkar og hvað ekki í málefnum ungs fólks á Íslandi. Tilefnið var umsögn um fyrstu ungmennastefnu stjórnvalda, sem þá var til umsagnar í samráðsgátt.

Að viðburðinum stóðu ungmennaráð UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Guðmundur Ari Sigurjónsson, þingmaður, flutti kveikju um stefnuna. Hugmyndir og ábendingar frá fundinum voru teknar saman og sendar stjórnvöldum sem innlegg í umsagnarferlið.

SKEMMTIFOLFMÓT

Ungmennaráð UMFÍ stóð fyrir Skemmtifolfmóti í Laugardalnum fyrir ungmenni fimmtudaginn 27. ágúst 2026. Mótið fór fram með svokölluðum Texas Scramble-hætti.

Á mótinu voru tveir saman í liði. Báðir köstuðu folfdiskum sínum. Þátttaka var fín. Að móti loknu var boðið upp á pitsuveislu og samveru í þjónustumiðstöð UMFÍ.

Þetta var í fimmta sinn sem Ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir viðburðinum.












VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

UMFÍ er þjónustu- og samstarfsvettvangur fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeirra. UMFÍ leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og samvinnu með sameinaða krafta að leiðarljósi.

SAMSKIPTARÁÐGJAFI ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS

Samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs starfar sjálfstætt fyrir hreyfinguna með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis. Stöðugildin eru tvö og sinna þeim Eygló Ósk Gústafsdóttir, sálfræðingur, Kristín Skjaldardóttir, félagsráðgjafi, og Þóra Sigfríður Einarsdóttir, sálfræðingur og framkvæmdastjóri Domus Mentis Geðheilsustöðvar. Þær skipa saman málanefnd samskiptaráðgjafa.


Samkvæmt lögum nr. 45/2019 eru helstu verkefni samskiptaráðgjafa:

- Veita upplýsingar um atvik og misgjörðir til að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum.
- Leiðbeina einstaklingum um úrræði, kvartanir til yfirvalda og þjónustu ríkis og sveitarfélaga.
- Aðstoða félög við gerð viðbragðsáætlana og stuðla að samræmingu í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og önnur samtök.
- Veita ráðgjöf um fyrirbyggjandi aðgerðir.
- Fylgjast með rannsóknum og miðla upplýsingum til viðeigandi aðila.
- Taka saman upplýsingar um starfsemi og tilkynningar ár hvert.

Allar tilkynningar sem berast samskiptaráðgjafa eru skráðar í málaskrá og flokkaðar eftir efni. Tilkynningar árið 2025 voru samtals 106 og féllu þær í eftirfarandi flokka: einelti, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi, samskiptavandi, ráðgjöf og annað.

FLOKKAR MÁLA	FJÖLDI MÁLA
Kynferðislegt áreiti/ofbeldi	16 (15%)
Andlegt ofbeldi	21 (20%)
Líkamleg ofbeldi	13 (12%)
Einelti	20 (19%)
samskiptavandi	3 (3%)
Starfrænt ofbeldi	9 (8%)
Ráðgjöf	18 (17%)
Annað	6 (6%)
Samtals	**106 (100%)**

Frekari upplýsinga er að finna í ársskýrslu Samskiptaráðgjafa.



VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Samræmd viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs kom út í nóvember 2022 og er hún verkfæri fyrir íþrótta- og æskulýðsfélög til að auðvelda þeim að bregðast við atvikum og áföllum sem geta komið upp í starfi þeirra.

Áætlunin er í samræmi við lög um samskiptaráðgjafa nr. 45/2019 og stuðlar að samræmdum viðbrögðum á landsvísu í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og aðra aðila.

Viðbragðsáætlunin hefur verið í endurskoðun auk þess sem að nýjum köflum hefur verið bætt við. Ekki er búið að birta endurbætta viðbragðsáætlun en stefnt er að auknu aðgengi hennar á netinu samhliða útgáfum á ensku og pólsku.

Samskiptaráðgjafar hafa umsjón með verkefninu og er Ragnheiður Sigurðardóttir fulltrúi UMFÍ í vinnuhópnum.



SIÐAREGLUR

UMFÍ starfar eftir samræmdum siðareglum Æskulýðsvettvangsins sem síðast voru uppfærðar 2021.

Mikilvægt er fyrir öll sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð. Siðareglurnar gilda fyrir allt starfsfólk og sjálfboðaliða Æskulýðsvettvangsins. Gerist einstaklingur brotlegur við reglurnar er heimilt að vísa honum úr starfi, hvort heldur er tímabundið eða að fullu.



SAKAVOTTORÐ

Samkvæmt Íþrótta- og Æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstakling til starfa með börnum og ungmennum hjá íþrótta- og æskulýðshreyfingunni, sem á fimm undangengnum árum hefur hlotið refsidóm í ofbeldis-, ávana- og fíkniefnamálum.

Þetta gildir jafnt um þá sem starfa sem launþegar, starfsmenn og sjálfboðaliðar.

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra eru hvött til þess að óska eftir samþykki starfsfólks um heimild til að leita eftir upplýsingum úr Sakaskrá ríkisins. Heimild er fyrir því að sækja gögn um viðkomandi einstakling vegna ofbeldis-, ávana- og fíkniefnabrota 3 – 5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru vegna kynferðisbrota. Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta nú sjálf sent inn útfyllt eyðublöð beint til Sakaskrár. Ekki þarf lengur að hafa milligöngu í málinu í gegnum þjónustumiðstöð UMFÍ. UMFÍ vekur reglulega athygli á því við sambandsaðila sína að leita þessara upplýsinga.



VEFSÍÐAN SIU.IS

Vefsíðan siu.is er samstarfsverkefni UMFÍ, ÍSÍ og svæðisfulltrúa íþróttahéraða. Þar er safn hagnýtra upplýsinga, sniðmáta og ýmsu gagnlegu efni sem ætlað er að styðja við starfsemi, skipulag og þróun íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar – einkum fyrir íþróttafélög, þjálfara, stjórnarfólk, starfsfólk og aðra sem koma að starfinu. Á síðunni er meðal annars að finna





fundargögn, fræðslumyndbönd og leiðbeiningar um skipulag, stjórnarhætti, fjármál, mannauðsmál og hegðunarviðmið íþróttafélaga. Þar eru líka upplýsingar um Hvatasjóð sem veitir styrki til að efla íþróttastarf, yfirlit yfir svæðisstöðvarnar átta og tengiliði þeirra og upplýsingar um samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ. Síðan er í stöðugri þróun og ný verkefni og verkfæri bætast þar reglulega við.

FRÆÐSLUMYNDIR

Á árinu voru unnin sex ný fræðslumyndskeið sem birt eru á siu.is. Þau eru ætluð þjálfurum, stjórnendum, foreldrum og öðrum sem starfa með ungmennum í íþróttum. Myndskeiðin fjalla um veðmál og áhrif þeirra á ungt fólk, hagræðingu úrslita og heiðarleika í íþróttum, ábyrgð þjálfara í lyfjamálum, áhrif samfélagsmiðla, þjálfun fólks með fötlun, og móttöku barna í fyrstu æfingum. Markmiðið er að stuðla að jákvæðu, öruggu og farsælu umhverfi fyrir iðkendur. Unnið er að ítarefni sem nýta má samhliða myndskeiðunum. Það mun bætast við á siu.is.

UMFÍ leggur áherslu á öruggt umhverfi fyrir öll sem taka þátt í íþrótta- og æskulýðsstarfi.



ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

UMFÍ tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til að efla íþróttastarf, stuðla að inngildingu og miðla reynslu áfram. Með þátttöku í ýmsum samstarfsverkefnum og ráðstefnum styrkir stjórn og starfsfólk UMFÍ tengslanet sitt og fær nýjar hugmyndir sem nýtast í þróun íþróttastarfs hér heima. Það sama á við um öll þau sem taka þátt í samvinnuverkefnum UMFÍ.

ERASMUS+ AÐILD

UMFÍ sótti um og fékk í desember 2025 staðfesta Erasmus+- aðild (*accreditation*) fyrir náms- og þjálfunarverkefni ungs fólks. Félagið hefur um árabil verið í virku samstarfi við Erasmus+ – áætlunina, sem er styrkjaáætlun Evrópusambandsins, bæði sem umsækjandi og skipuleggjandi styrktra verkefna. Aðildin gildir fyrir tímabilið 2026–2027.

Aðildin felur í sér að UMFÍ getur nú sótt um fjármagn til æskulýðsverkefna á grundvelli langtímaáætlunar (Erasmus Plan) sem félagið lagði fram í umsóknni, í stað þess að sækja um styrk fyrir hvert verkefni fyrir sig. Þetta einfaldar umsóknarferlið til muna og gerir UMFÍ kleift að byggja upp samfellt og fyrirsjáanlegt alþjóðastarf til nokkurra ára í senn.

Í kjölfar aðildarinnar undirritaði UMFÍ samning við Landskrifstofu Erasmus+ um fyrsta verkefnið að fjárhæð 170.634 evrur, fyrir tímabilið 1. júní 2026 til 31. ágúst 2027.

VERDENSHOLDET

Danski sýningarhópurinn Verdensholdet kom til Íslands dagana 4. til 27. mars 2026 í samstarfi við UMFÍ. Verdensholdet er fimleikahópur á vegum DGI í Danmörku og er hann á heimsmælikvarða. Það er eftirsóknarvert að komast í hópinn og fara fram veigamikil úrtökupróf fyrir hópinn hverju sinni. Hópurinn ferðast um allan heiminn og hefur það að markmiði að hreyfa við honum undir slagorðinu *We move the world*. Markmiðið með heimsókninni hingað til lands er að veita innblástur, miðla þekkingu og kynnast mismunandi menningu ekki aðeins með sýningum heldur líka með vinnustofum, æfingum og fræðslu.

Hópurinn dvaldi á eftirfarandi stöðum hjá aðildarfélögum UMFÍ. Í flestum tilfellum gisti hópurinn heima hjá fjölskyldum þar sem 2 til 3 einstaklingar gistu hjá hverri fjölskyldu.

- **Selfoss** – Ungmennafélagið Selfoss.
- **Akranes** – Fimleikafélag IA.
- **Reykjum í Hrútafirði** – Skólabúðir UMFÍ.
- **Egilsstaðir** – Íþróttafélagið Höttur.
- **Garðabær** – Ungmennafélagið Stjarnan.
- **Kópavogur** – Íþróttafélagið Gerpla.

Á hverjum stað æfði hópurinn, hélt vinnubúðir eða minni sýningar ásamt því að kynnast staðnum og skoða sig um. Einnig bauð hópurinn upp á námskeið fyrir þjálfara á þeim stöðum sem þess var óskað. Hópurinn stoppaði á Hvammstanga á leið sinni austur og heimsótti ungmennafélagið Þyt sem bauð hópnum upp á hestafimleikasýningu. Það vakti mikla lukku.

Í tengslum við komu hópsins þurfti að flytja fjóra mjög stóra gáma til landsins. Þeir innihéldu áhöld og búnað. Af þeim sökum voru mörg handtök sem fólust í því að koma sýningum hópsins upp.

UMFÍ þakkar aðildarfélögunum kærlega fyrir aðkomuna að heimsókn hópsins og þá sérstaklega Bergþóru Kristínu Ingvarsdóttur (Selfossi), Eyrúnu Reynisdóttur (IA), Ástu Dís Helgadóttur (Hetti), Unu Brá Jónsdóttur (Stjörnunni) og Olgu Bjarnadóttur (Gerplu). Þá fær Hanna Carla Jóhannsdóttir, sem tók að sér verkefnastjórn fyrir UMFÍ, kærar þakkir sem og Christine Bjørn, verkefnastjóri hjá DGI, fyrir alla hjálpina og fyrir skjót viðbrögð við spurningum og vangaveltum. Christine kom til landsins í janúar 2026 til þess að undirbúa komu hópsins og fundaði þá m.a. með Hönnu Cörlu, heimsótti nokkur félög og hélt undirbúningsfundi með UMFÍ og sendiráði Dana á Íslandi.

HÁTÍÐARSÝNING

Hápunktur heimsóknarinnar til Íslands var hátíðarsýning sem fram fór í Ásgarði í Garðabæ. Formaður og framkvæmdastjóri DGI komu til landsins og voru viðstödd sýninguna. Á hana mættu forsetahjónin: frú Halla Tómasdóttir og Björn Skúlason, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, Övar Ólafsson, sérfræðingur í barna- og menntamálaráðuneytinu, heiðursfélagar og stjórn UMFÍ ásamt fulltrúum sambandsaðila, þeirra félaga sem tóku á móti hópnum, fjölskyldunum sem tóku á móti hópnum og öðrum góðum gestum. Uppselt var á sýninguna. Sýningin sjálf var tæpar 2 klukkustundir. Að henni lokinni var boðið upp á móttöku fyrir Verdensholden og fjölskyldurnar sem hýstu hópinn. Þar voru sannarlega fagnaðarfundir.

HEIMSÓKN DGI TIL ÍSLANDS

Charlotte Bach Thomassen, formaður DGI, og Jens Otto Størup, framkvæmdastjóri DGI, komu til landsins í tengslum við heimsókn Verdensholdet til Íslands. Þau áttu fund með forsetahjónunum og Jóhanni Steinari Ingimundarsyni, formanni UMFÍ, áður en hátíðarsýning hópsins fór fram.

Þau heimsóttu íslensk íþróttafélög og stóðu fyrir opnum fundi í þjónustumiðstöð UMFÍ í Laugardal 14. mars. Yfirskrift fundarins var: Staða íþrótta, hreyfingar og lýðheilsu í Danmörku – tækifæri og áskoranir.

Á dagskrá fundarins var leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvernig hefur samstarf DGI og DIF mótast í gegnum árin?
- Hvernig leiddi lýðheilsuverkefnið *Bevæg Dig for Livet* til þess að fleiri Danir hreyfa sig nú en áður?
- Hvernig tókst íþróttahreyfingunni að fá átta ráðuneyti til að sameinast um íþróttamál?
- Áherslur í stefnumótun íþróttahreyfingarinnar í Danmörku í 10 ár.
- Áskoranir og tækifæri í íþróttahreyfingunni fram undan.

Á fundinn mættu þátttakendur víðs vegar að úr hreyfingunni og að honum loknum fór fram óformlegt spjall.













VERDENSHOLDET Í KAUPMANNAHÖFN

Í lok maí fóru Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, í heimsókn til DGI í Danmörku. Tilefnið var boð á lokasýningu Verdensholdet sem fram fór í Konunglegu óperunni í Kaupmannahöfn. Í tengslum við sýninguna var einnig fundað með forsvarsfólki DGI um ýmis mál sem tengjast samstarfi og íþróttum.

RÁÐSTEFNA ISCA

Ráðstefnan MOVE Congress fór fram í Kaupmannahöfn í Danmörku dagana 29. til 31. október 2025. Ráðstefnan er haldin á tveggja ára fresti á vegum ISCA og DGI. UMFÍ sendi stærsta hóp sinn á ráðstefnuna til þessa – hluta af stjórn félagsins, fulltrúa sambandsaðila, svæðisfulltrúa og starfsfólk. Alls tóku 899 manns þátt í ráðstefnunni frá 62 löndum og 210 stofnunum.

Markmið ferðarinnar var að styrkja tengsl UMFÍ við ISCA og hitta nána samstarfsaðila. Dagskráin var í hefðbundnum anda ráðstefnunnar með móttöku, fyrirlestrum og vinnustofum, undir yfirskriftinni „Virkjun“ – það er hvernig megi virkja fólk og samfélög til þátttöku. Meðal umræðuefna voru andleg og líkamleg heilsa, félagsleg þátttaka, aðlögun flóttafólks, sjálfboðaliðastarf, réttindi og vernd barna, virk öldrun og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi. Ávörp fluttu meðal annarra Mogens Kirkeby (ISCA), Charlotte Bach Thomassen (DGI) og Fiona Bull (frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni – WHO).

Samstarf UMFÍ og ISCA hefur reynst farsælt og mikilvægt að viðhalda því. Samtökin koma reglulega fram með nýjar nálganir og búa yfir dýrmætri þekkingu á stöðu íþrótta- og samfélagsmála á alþjóðavísu.

UEFA LEIÐTOGAVERKEFNI

Í upphafi ársins 2026 var farið af stað með þróunarverkefni UMFÍ, KSÍ og UEFA (Knattspyrnusambands Evrópu) sem fyrirtækið KVAN vann í samvinnu við íþróttafélagið Fram, Dalsskóla, Ingunnarskóla og Sæmundarskóla.

Verkefnið heitir: Við erum öll fyrirliðar. Styrkur fékkst til þess frá UEFA Foundation for Children. Verkefnið byggir á þeirri hugmyndafræði að öll sem vilja geti tileinkað sér leiðtogahæfni og leiðtogahegðun og unnið gegn neikvæðri hegðun. Með verkefninu fylgdu handbækur fyrir kennara, starfsfólk skóla og nemendur.

Verkefninu lauk formlega með lokahátíð í júní í Íþróttahúsi Fram í Úlfarsárdal og voru þátttakendur, krakkar, kennarar og þjálfarar ánægð með verkefnið. Haldið verður áfram með það.

UMFÍ leggur áherslu á að íslenskt íþrótta- og æskulýðsstarf sé hluti af stærra samfélagi þar sem þekking og reynsla flæðir á milli landa.

TOOL FAIR XIX Í MARRAKECH

Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, tók þátt í ráðstefnunni **International Tool Fair XIX** – „Play Fair: Sport as a Tool for Social Impact” sem haldin var í Marrakech í Marokkó dagana 3.–7. nóvember 2025. Þátttakendur voru um 100 og komu víðs vegar að úr Evrópu, allir með það sameiginlegt að vinna með íþróttir og hreyfingu sem leið til jákvæðra félagslegra áhrifa.

Dagskráin samanstóð af fjölbreyttum vinnustofum, fyrirlestrum og umræðum þar sem sjónum var beint að því hvernig íþróttir geta brotið niður hindranir, styrkt samskipti og hjálpað ungu fólki að taka virkan þátt í samfélaginu. Ferðin skilaði bæði faglegum og persónulegum ávinningi – meðal annars nýju alþjóðlegu tengslaneti og hugmyndum að samstarfi við UMFÍ. UMFÍ greiddi ferðakostnað en Rannís endurgreiddi 80% hans.

FRÆÐSLUFERÐ ÆSKULÝÐSRÁÐS

Dagana 26.–29. janúar fór Æskulýðsráð ríkisins, ásamt starfsfólki mennta- og barnamálaráðuneytisins, til Brussel í Belgíu til að kynna sér vinnu við mótun ungmennastefnu þar í landi. Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, á sæti í Æskulýðsráði og tók þátt í ferðinni ásamt fulltrúum frá ÖBÍ, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, FLÆT, mennta- og barnamálaráðuneytinu, LUF, Samfés og Rannís, sem skipulagði ferðina.

Tilefni ferðarinnar var að í nóvember 2025 samþykkti Guðmundur Ingi Kristinsson, þáverandi mennta- og barnamálaráðherra, að hefja vinnu við mótun fyrstu ungmennastefnu Íslands. Í ferðinni átti hópurinn fjóra fundi: með flæmska ungmennaráðinu, ráðuneyti menningar ungdóms og miðla, samtökunum G1000 og loks fund Æskulýðsráðs sjálfs.

ALLIR MEÐ FRÆÐSLUFERÐ

Dagana 24. – 27. maí fór hópur á vegum verkefnisins *Allir með* til Svíþjóðar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi íþróttafélagsins FIFH Malmö Parasport. Félagið sinnir íþróttum fyrir iðkendur með fötlun og eldri borgara. Félagið er eitt það fjölmennasta í þessum geira í Evrópu. Stjórn Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík (ÍFR) horfir til þess að líkja eftir starfsemi félagsins. FIFH Malmö Parasport stendur jafnframt fyrir íþróttamótinu Malmö Open, sem haldið er á hverju ári og Íslendingar hafa sótt í gegnum tíðina. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, fór utan fyrir hönd UMFÍ, fulltrúar voru frá verkefninu Allir með, Patrekur Jóhannesson fyrir hönd ÍSÍ, þrír voru frá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík, tveir fulltrúar frá Gló styrktarfélagi (áður Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra), ÍBR og fleiri. Í heimsókninni fengu gestirnir frá Íslandi góða kynningu á mörgum hliðum FIFH Malmö Parasport, helstu áskorunum og mörgu fleiru. Mikil ánægja var með heimsóknina.

V4 SPORT

Jakub Kalinowski og samstarfsfólk hans hjá pólsku félagasamtökunum V4 Sport heimsóttu Ísland í lok september 2025 og dvöldu í tæpan hálfan mánuð. Hópurinn hefur í gegnum árin átt í góðum samskiptum við UMFÍ í gegnum ISCA, en Jakub situr í stjórn samtakanna. Hópurinn kom hingað til lands fyrir tilstuðlan Erasmus+, styrkjaáætlunar Evrópusambandsins (ESB). Gestirnir heimsóttu UMFÍ og fengu kynningu á starfseminni. Ingi Þór Einarsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, ræddi við þau um þjálfun einstaklinga með mismunandi áskoranir. Þau hittu svæðisfulltrúa íþróttahéraðanna á Suðurnesjum og fræddust um starf þeirra sem snýr að því að fjölga börnum af ýmsum þjóðernum í sveitarfélaginu í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi, fóru norður í land og gistu eina nótt í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum, skoðuðu félagsmiðstöð og margt fleira. Mikil ánægja var með heimsóknina.

KYNNINGAR LÝÐHÁSKÓLA

Fulltrúar frá íþróttalýðháskólunum Sønderborg í Danmörku og Nordjylland (Nordjyllands Idrætshøjskole) halda að meðaltali tvo opna kynningarfundi á ári fyrir ungt fólk í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Á fundunum er farið yfir möguleikana sem felast í námi við skólana og þær áherslur sem skólarnir halda í heiðri.





MIÐLUN OG SAMSKIPTI

STARFSSKÝRSLU-KERFI ÍSÍ OG UMFÍ

Sambandsaðilar og aðildarfélög UMFÍ og ÍSÍ eiga að skila starfsskýrslum sínum í skilakerfi fyrir lok dags 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það er enn nokkuð um að félög skili starfsskýrslum eftir að skilafresti lýkur.

Starfsskýrslur innihalda upplýsingar um félaga og iðkendur á síðasta starfsskýrslutímabili, þ.e. almanaksárið á undan skiladegi, lykiltölur úr ársreikningum, lög viðkomandi félags, ársreikning fyrir síðasta starfsár og upplýsingar um stjórn og starfsfólk frá skilaárinu. Ætlið er það á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Sambandsaðilar og aðildarfélög fylla út upplýsingar um einstaklinga í stjórnum og starfsfólk félagsins.

Hjá þeim félögum sem nota Abler í sínu daglega starfi er hægt með auðveldum hætti að færa þær sjálfkrafa yfir í starfsskýrslu.

LÖG OG ÁRSREIKNINGAR


Í kerfinu þarf að setja lög félags og deilda í viðhengi. Einnig þarf að skila inn fjárhagsupplýsingum viðkomandi félags.

FÉLAGAR, IÐKENDUR OG IÐKANIR

Allir iðkendur eru sjálfkrafa félagar og skapa grunn að félagatali í kerfinu. Ef félög halda að auki sérstakt félagatal fyrir aðra félaga (aðra en iðkendur) þarf að bæta þeim við.

Í kerfinu er hægt að taka út yfirlit um iðkendur sem eru skráðar kennitölur. Auk þess er hægt að sjá iðkanir sem eiga við þegar iðkendur æfa fleiri en eina grein.













Kynjahlutfall í stjórnum íþróttahéraða

51% konur / **49%** karlar

		IÐKENDUR			IÐKANIR			FÉLAGAR		
	ÍÞRÓTTAHÉRUÐ	**2025**	**2024**	**2023**	**2025**	**2024**	**2023**	**2025**	**2024**	**2023**
HSB	Héraðssamband Bolungarvíkur	200	181	179	231	208	203	219	196	491
HSH	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	1.912	1.568	1.492	2.453	2.021	1.938	3.034	2.634	2.999
HSS	Héraðssamband Strandamanna	141	140	129	178	171	176	564	603	552
HSÞ	Héraðssamband Þingeyinga	1.442	1.448	1.767	1.913	1.982	2.655	3.972	3.730	3.697
HSV	Héraðssamband Vestfirðinga	2.035	1.946	1.357	3.250	3.073	1.936	3.684	3.549	4.101
HHF	Héraðssambandið Hrafnaflóki	311	209	217	570	275	298	671	578	578
HSK	Héraðssambandið Skarphéðinn	13.633	12.546	11.626	18.914	17.107	14.885	25.426	23.026	21.769
ÍA	Íþróttabandalag Akraness	2.890	3.233	3.315	3.708	3.965	4.205	3.917	4.181	4.205
ÍBA	Íþróttabandalag Akureyrar	7.040	6.924	6.458	9.942	9.990	8.896	11.124	10.365	10.898
ÍBH	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	12.842	13.509	11.833	18.572	18.918	16.337	17.174	16.720	20.559
ÍBR	Íþróttabandalag Reykjavíkur	40.921	38.447	35.436	52.320	48.767	44.655	63.036	76.890	58.991
ÍRB	Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	6.856	6.126	5.419	9.045	7.721	6.634	9.351	12.488	11.381
ÍS	Íþróttabandalag Suðurnesja	2.356	1.829	2.007	2.786	2.241	2.521	3.656	3.188	2.898
ÍBV	Íþróttabandalag Vestmannaeyja	1.594	1.433		2.420	2.219		3.482	1.914	
UÍA	Ungmenna og íþróttasamband Austurlands	3.144	3.095	2.421	4.935	4.669	3.496	5.090	4.599	4.338
UDN	Ungmenna- og íþróttasamband Dalamanna og N Breiðfirðinga	250	598	258	320	914	404	574	534	976
UÍF	Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar	638	639	589	950	847	875	1.582	1.669	1.495
USAH	Ungmennasamband Austur Húnvetninga	693	1.333	555	942	1.722	757	1.886	1.862	1.781
UMSB	Ungmennasamband Borgarfjarðar	1.694	248	1.333	2.161	318	1.600	2.459	2.232	1.815
UMSE	Ungmennasamband Eyjafjarðar	1.188	1.109	997	1.677	1.613	1.541	2.109	1.899	2.018
UMSK	Ungmennasamband Kjalarnesþings	35.021	33.704	31.236	49.440	47.045	41.975	89.329	78.366	51.179
UMSS	Ungmennasamband Skagafjarðar	2.012	1.879	1.730	3.136	2.943	2.521	4.997	4.745	4.467
USVH	Ungmennasamband Vestur Húnvetninga	360	338	333	540	482	427	1.336	1.280	1.264
USVS	Ungmennasamband Vestur Skaftfellinga	498	386	377	803	609	696	851	711	1.067
USÚ	Ungmennasambandið Úlfljótur	1.009	1.055	989	1.452	1.590	1.512	1.591	2.000	1.506
	FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD									
V	Vesturhlíð									
	SAMTALA	**140.680**	**133.923**	**122.053**	**192.658**	**181.410**	**161.143**	**261.114**	**259.959**	**215.025**

	ÍÞRÓTTAHÉRUÐ	FORMAÐUR	FRAMKVÆMDASTJÓRI
HSB	Héraðssamband Bolungarvíkur	Svana Kristín Guðbjartsdóttir	
HSH	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	Hjörleifur K. Hjörleifsson	
HSS	Héraðssamband Strandamanna	Valgeir Örn Kristjánsson	Sjöfn Sæmundsdóttir
HSÞ	Héraðssamband Þingeyinga	Jón Sverrir Sigtryggsson	Ísak Már Aðalsteinsdóttir
HSV	Héraðssamband Vestfirðinga	Sigríður Gísladóttir	
HHF	Héraðssambandið Hrafna-Flóki	Birna F. Hannesdóttir	Ásgeir Sveinsson
HSK	Héraðssambandið Skarphéðinn	Guðríður Aadnegard	Engilbert Olgeirsson
ÍA	Íþróttabandalag Akraness	Gyða Björk Bergþórsdóttir	Heiðar Mar Björnsson
ÍBA	Íþróttabandalag Akureyrar	Jóna Jónsdóttir	Helga Björg Ingvadóttir
ÍBH	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	Hrafnkell Marinósson	Elísabet Ólafsdóttir
ÍRB	Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	Rúnar V. Arnarsson	Guðni Erlendsson
ÍBR	Íþróttabandalag Reykjavíkur	Ingvar Sverrisson	Frímann Ari Ferdinandsson
ÍS	Íþróttabandalag Suðurnesja	Gunnar Jóhannesson	
ÍBV	Íþróttabandalag Vestmannaeyja	Gunnar Páll Hálfdánsson	
UÍA	Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands	Benedikt Jónsson	
UDN	Ungmenna- og íþróttasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga	Jóhanna Sigrún Árnadóttir	Einar Björn Þorgrímsson
UÍF	Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar	Óskar Þórðarson	Brynja Hafsteinsdóttir
USAH	Ungmennasamband Austur-Húnvetninga	Auðunn Steinn Sigurðsson	
UMSB	Ungmennasamband Borgarfjarðar	Guðrún Hildur Þórðardóttir	Bjarney Bjarnadóttir
UMSE	Ungmennasamband Eyjafjarðar	Þorgerður Guðmundsdóttir	Valgerður Reykjalín
UMSK	Ungmennasamband Kjalarnesþings	Guðmundur Sigurbergsson	Victor Ingi Olsen
UMSS	Ungmennasamband Skagafjarðar	Gunnar Þór Gestsson	Thelma Knútsdóttir
USVH	Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga	Rakel Ósk Ólafsdóttir	Anton Scheel Birgisson
USVS	Ungmennasamband Vestur-Skaftfellinga	Jóhann Bragi Elínarson	Sigurður E. Sigurjónsson
USÚ	Ungmennasambandið Úlfljótur	Bjarni Malmquist Jónsson	
	FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD		
V	Vesturhlíð	Einar Kristján Jónsson	



ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF

UMFÍ sinnir öflugu útgáfu- og kynningarstarfi. Markmið útgáfunnar er að miðla upplýsingum um starf íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar með fjölbreyttum, nútímalegum og aðgengilegum hætti.

VEFSETUR

Heimasíða UMFÍ er helsti upplýsingamiðillinn. Þar birtast reglulega fréttir, upplýsingar um sjóði og aðrar gagnlegar upplýsingar sem þjónusta bæði sambandsaðila og stjórnendur félaga. Allt er það gert til að upplýsa almenning um starfsemi UMFÍ.

TÍMARITIÐ SKINFAXI

UMFÍ gefur út tímaritið *Skinfaxa* þrisvar á ári. Blaðið er mikilvægur upplýsingamiðill og vettvangur til að segja sögur úr starfi ungmennafélagshreyfingarinnar, miðla fræðslu og vekja athygli á nýjum verkefnum og þróun.

Markhópur Skinfaxa er breiður. Horft er til þess að efnið höfði til stjórnenda í íþróttahreyfingunni, bæði stjórnar og starfsfólks, en líka sjálfboðaliða og almennra lesenda. Með þessum hætti gegnir *Skinfaxi* lykilhlutverki við að efla tengsl innan hreyfingarinnar, miðla reynslu og halda utan um sögu og þróun ungmennafélagshreyfingarinnar á hverju ári.

Taka skal fram að áskoranir eru í útgáfu Skinfaxa og Göngubókar UMFÍ. Auglýsingatekjur hafa dregist mikið saman samhliða því að prentkostnaður hefur aukist. Lagt hefur verið til að frá og með þessu ári komi út tvö tölublöð Skinfaxa á ári í stað þriggja. Ákvörðunin byggir m.a. á því að UMFÍ hefur lengi horft til DGI í Danmörku í mörgum málum. Þar í landi var Udspil, tímariti DGI, hætt á vordögum 2025. Vísað var til þess að miðlun efnis hefði aukist mikið á dgi.dk og á samfélagsmiðlum DGI.

Efni Skinfaxa í grófum dráttum:

- Áhersla er á verkefnin fram undan með kynningu á nýjum stefnumálum, viðburðum og hvatningu til félaga og sjálfboðaliða.
- Fræðsluefni, viðtöl og greinar sem styðja við faglegt starf í hreyfingunni. Auk þess er leitað eftir því að ræða við einstaklinga sem hafa sinnt góðu starfi innan hreyfingarinnar og hafa frá ýmsu forvitnilegu að segja. Leitað er eftir því að viðtölin bæði varðveiti upplýsingar úr starfsemi UMFÍ og íþróttahreyfingarinnar en á sama tíma veiti svör við áskorunum samtímans.
- Blaðið er vettvangur til að deila góðum dæmum um starf félaga um allt land.
- Fjallað um ýmsa viðburði og verkefni UMFÍ, Skólabúðir, Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+, ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðheilsu, ráðstefnur og fundi.



TÖLUBLAÐ: 2. TÖLUBLAÐ 116. ÁRGANGUR SKINFAXA 2025

Þema blaðsins: Hvað kostar að stunda íþróttir?

- Frístundastyrkir, keppnisferðir og æfingagjöld íþróttafélaga.
- Samanburður á frístundastyrkjum sveitarfélaga.
- Hvað kostar að eiga börn og ungmenni sem keppa í íþróttum?

Annað efni:

- Leiðari: Ungmennaráð UMFÍ.
- Viðtalið: Engilbert Olgeirsson: Sóknarfæri sem kalli á breytta hugsun.
- Auður Alfa Ólafsdóttir: Erfitt að lækka gjöldin.
- Hafrún Kristjánsdóttir: Ekki öll börn sem hafa efni á íþróttum.
- Hvernig getum við gert íþróttir aðgengilegri fyrir öll börn?
- Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa: Félagslegir töfrar felast í góðum samskiptum.
- Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage: Ungt fólk vill láta heyra í sér.
- Árni Matthías Sigurðsson: Þurfum að hjálpa okkur að hjálpa öðrum.
- Dr. Viðar Halldórsson: Fer út í búð og spjallar við ókunnuga.
- Íþróttafólk duglegt að sækja sér fræðslu Æskulýðsvettvangsins.
- Góð þátttaka og mikil gleði á Landsmóti UMFÍ 50+ í Fjallabyggð.
- Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum.
- Enn meira stuð og enn meiri drulla.
- Hatursorðræða skýtur upp kollinum hjá samskiptaráðgjafa.
- Gamla myndin: Víðtæk umræða á 21. sambandsþingi UMFÍ 1959.



TÖLUBLAÐ: 3. TÖLUBLAÐ 116. ÁRGANGUR SKINFAXA 2025

Þema blaðsins: Framlög til íþróttahreyfingarinnar.

- Framlög og styrkir íþróttahreyfingarinnar fyrir tæpa 1,3 milljarða.
- Framlög og styrkir um allt land.

Annað efni:

- Leiðari: Skúli Bragi Geirdal, varaformaður UMFÍ.
- Viðtal: Sumarbúðir á Reykjum í fyrsta sinn.
- Aðalheiður Elín Ingólfsdóttir: Upplifði frábærar minningar á Reykjum.
- Móta leiðarvísi fyrir erfiðar ákvarðanir.
- Íþróttafélög bjóði fólki að leika sér.
- Landsmót UMFÍ 50+: Mikil gleði framundan í Eyjafjarðarsveit.
- Sjálfboðaliðadagurinn
- Páll Ásgrímur Jónsson: Afslættir á viðburði rjúfi félagslega einangrun.
- Æfingar á prikhestum hjá Gróttu á Seltjarnarnesi.
- Ungmennaráð kom heim frá Finnlandi með gott veganesti.
- Almannaheill: Fundur fólksins – Almannaheillafélög eru ómissandi stoð í samfélaginu.
- Dagur sjálfboðaliðans.
- Fyrsta ár Hvatasjóðsins.
- Ný stjórn UMFÍ 2025–2027.
- Fjölbreytt verkefni svæðisfulltrúa.
- Tengjast við alþjóðlegar rætur.
- Vilja fjölga stelpum í fótbolta.
- Gamla myndin: Starfsmenn UMFÍ prófa seglbreytti á Rauðavatni.



TÖLUBLAÐ: 1. TÖLUBLAÐ 117. ÁRGANGUR SKINFAXA 2026

Þema blaðsins: Framlög og styrkir til íþróttafélaga.

- Iðkanir íbúa sveitarfélaga.
- Stefnumótun íþróttahreyfingarinnar.
- Viðtal við Charlotte Bach Thomassen, formann DGI.
- Íþróttahreyfingin verði sterkari með stefnumótun.

Annað efni:

- Leiðari: Margrét S. Hafsteinsdóttir, stjórnarkona í UMFÍ.
- Stefnumótun á Vestfjörðum.
- Skipulag íþróttamála á Norðurlöndum.
- Ný endurskoðun á íþróttastefnu sem ætlað er að ná til fleiri en áður.
- Víkingar skerpa á vörumerki sínu og miðlum.
- Líf og fjör á Landsmóti UMFÍ 50+.
- Dusti rykið af héraðsmótum.
- Blómstra í fyrirliðaverkefni.
- Suðurnesjamenn sækja fram.
- Íþróttir fyrir alla.
- Danskur sýningarhópur sló í gegn.
- Fjórðungur með fötlun æfi iþróttir.
- Skortur á þjálfurum hamlar vexti taekwondo.
- Brennibolti: Aníta kynntist bestu vinkonum sínum í brennibolta.
- Nýtt fræðsluefni um konur í íþróttum.
- Raddir ungs fólks.
- Gamla myndin: Danskir boðsgestir á Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki.

FRÉTTABRÉF

Fréttabréf og rafræn boðskipti til sambandsaðila UMFÍ eru töluverð. Leitast hefur verið eftir því að senda út fréttabréf til aðildarfélaga og hagsmunaaðila með reglulegum hætti. Í fréttabréfi er fjallað um fréttir af UMFÍ. Frá október 2025 og til loka september 2026 voru sendir út rúmlega 70 tölvupóstar á 109.349 netföng sambandsaðila, forsvarsfólks og til stjórna íþróttafélaga um allt land, til almennra áskrifenda að fréttabréfum UMFÍ og þátttakenda á mótum og viðburðum UMFÍ.

UMFÍ notar norska póstsendingarkerfið Make, sem fjölmörg íþróttafélög og félagasamtök á Norðurlöndunum nota. Það er afar hentugt og þjónustan við það afar góð og persónuleg.

109.349

NETFÖNG SEM FENGU TÖLVUPÓST FRÁ UMFÍ

OKTÓBER 2025 – SEPTEMBER 2026

GÖNGUBÓK



Göngubók UMFÍ var gefin út sumarið 2026. Bókin er lifandi verkefni sem tekið er til endurskoðunar á hverju ári. Við slíka yfirferð er gönguleiðum annaðhvort fjölgað, þeim fækkað, lýsingar þeirra endurbættar eða þær breyttar með öðrum hætti. Oftast eru gönguleiðir gerðar skýrari, ítarlegri og færðar til betri vegar. Í útgáfunni sumarið 2025 voru 277 gönguleiðir, þar af með ítarlegum lýsingum á 20 leiðum og 32 styttri og léttari sem henta vel fyrir alla fjölskylduna. Stefnt er að því að fara ítarlega yfir gönguleiðir í bókinni sem væntanleg er fyrir sumarið 2027.

SÉRBLÖÐ Á MÓTUM

Tvö sérstök mótsblöð voru gefin út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Blöðin eru vettvangur til að birta upplýsingar um mótin, dagskrá og greinar en ekki síður gefa fulltrúum mótshaldara tækifæri til að tjá sig og veita samstarfs- og styrktaraðilum vettvang fyrir auglýsingar.

SKÝRSLUR

Stefnt hefur verið að því að gefa út skýrslur úr gagnaefni Skinfaxa, ýmsu tölulegu efni íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar og kafa þar dýpra en tímaritaútgáfa gefur kost á. Ein slík skýrsla hefur enn sem komið er litið dagsins ljós. Hún er unnin upp úr efni í fyrsta tölublaði Skinfaxa árið 2026 og fjallar um framlag sveitarfélaga til íþróttastarfs. Í skýrslunni er fjallað um skiptinguna eftir sveitarfélögum. Skoða má skýrsluna og annað útgáfuefni UMFÍ á undir liðnum útgáfa.

MÁLSVARI HREYFINGARINNAR

UMFÍ sinnir lýðræðislegu hlutverki sínu og sendir Alþingi umsagnir um ýmis frumvörp á mismunandi stigum. Skrif umsagna eru hluti af stjórnarháttum og aðhaldi við umgjörð íþrótta- og æskulýðsmála. Álit UMFÍ hafa haft áhrif á lög og reglugerðir. Almennt lætur UMFÍ sig málin varða fyrir hönd sambandsaðila og í samræmi við samþykktir og gildi hreyfingarinnar.

UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

Fjárlaganefnd Alþingis: Umsögn UMFÍ við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026.

19. nóvember 2025. Umsögn UMFÍ til fjárlaganefndar Alþingis um frumvarp til fjárlaga 2026 — rökstuðningur fyrir auknum ríkisframlögum til íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar, byggður á forvarnargildi starfsins. Bent á að ríkisframlag til UMFÍ er að rýrna. Þótt krónutalan hækki um 2 m. kr. milli ára, eða um tæp 1,5%, mælist verðbólga 3–4% og lækkar framlagið því að raungildi. Frá 2008 hefur framlagið staðið í stað á meðan rekstrarkostnaður hefur hækkað stórlega. Hefði það fylgt verðlagi væri það um 280 m. kr. í stað 137,5 m. kr. Á sama tíma vantar fjármögnun svæðisstöðva íþróttahéraða, sem er forsenda þess að forvarnarstarfið haldi árangri sínum.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsögn við þingsályktunartillögu um þekkingarsetur til undirbúningsnáms fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

20. nóvember 2025. UMFÍ styður tillöguna en gagnrýnir að fjármagn fylgi henni ekki og að tengingu vanti við íþrótta- og æskulýðsstarf, en það er öflugasta inngildingartækið. Kennarar hafa kallað eftir samræmdum úrræðum. Lagt er til að þekkingarsetrið nýti skipulagt starf, þjálfi þjálfara og leiðtoga, samræmi aðgengi til frístunda með sveitarfélögum, tengi foreldra inn í kerfið og mæli árangur félagslegrar inngildingar.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsögn UMFÍ við tillögu um þingsályktunartillögu um Almannaheillasjóð.

17. mars 2026. Umsögn UMFÍ til efnahags- og viðskiptanefndar um þingsályktunartillögu um Almannaheillasjóð, sem fengi árlega þá fjárhæð sem rennur í ríkissjóð úr dánarbúum án erfingja – um 41 milljón að meðaltali á ári. Sambærilegir sjóðir eru á Norðurlöndunum. Vandinn er ótryggt fjármagn almannaheillafélaga; lýðheilsu-, forvarna- og nýsköpunarverkefni byggja á veikum styrkjum. UMFÍ styður tillöguna en leggur til skýrar og gagnsæjar úthlutunarreglur, þéttara regluverk um hvað sé almannaheillafélag og að fleiri eignir en peningar myndi grunn sjóðsins.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsögn UMFÍ við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (frádráttur vegna tómstunda barna).

24. mars 2026. Umsögn UMFÍ til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp um skattafrádrátt vegna tómstunda barna undir 16 ára aldri, 150.000 kr. á barn. UMFÍ styður frumvarpið en bendir á að upphæðin nái ekki æfingagjöldum í flestum greinum, þar sem þau eru oft um 200.000 kr. eða meira. Lagt er til að frádrátturinn fylgi vísitölu, gildi aðeins um viðurkennt fagstýrt starf og nái einnig til ferðakostnaðar, sem er þungur baggi á fjölskyldum á landsbyggðinni.

Mennta- og barnamálaráðuneyti: Umsögn UMFÍ um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna til ársins 2030.

15. apríl 2026. UMFÍ fagnar tillögu ráðherra um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna til ársins 2030 og telur mikilvægt að stjórnvöld marki heildstæða, samræmda og réttindamiðaða sýn í málefnum barna. Gagnrýnt er að stefnan nái aðeins þrjú ár fram í tímann og að á sama tíma sé fjármögnun svæðisstöðva íþróttahéraða ótryggð. Lagt er til fimm ára stefnutímabil, að íþrótta- og æskulýðsstarf verði viðurkennt sem hluti farsældar, launað starfsfólk um allt land, aukin fræðsla þjálfara, rödd barna og virkir árangursmælikvarðar. Jafnt aðgengi óháð búsetu og efnahag.

Mennta- og barnamálaráðuneyti: Umsögn UMFÍ við áform um mótun ungmennastefnu.

27. mars 2026. Umsögn UMFÍ til mennta- og barnamálaráðuneytis um áform um ungmennastefnu 2026–2033, unnin með ungmennaráðum Æskulýðsvettvangsins. UMFÍ segir hættu á að stefnan verði innantóm yfirlýsing, frístundastyrkir séu ósamræmdir milli sveitarfélaga og að aðgengi að sálfræðiþjónustu og húsnæði sé ótryggt. UMFÍ leggur til að ungmennaráð verði formlegir samstarfsaðilar stjórnvalda, samráð verði stöðugt, frístundastyrkir samræmdir, geðheilbrigðisþjónusta hluti grunnþjónustu, sjálfboðaliðastarf metið til náms og reynslu og húsnæðisöryggi ungs fólks tryggt. Áhersla sé á þátttöku allra óháð bakgrunni, fötlun eða fjárhag.

RÆÐUR OG GREINASKRIF

UMFÍ kemur reglulega fram fyrir hönd hreyfingarinnar.

Þurfum að horfa til umgjarðar íþróttastarfs

28. febrúar 2026. „Umræður hafa verið um sameiningar félaga á Austurlandi – og í Fjarðabyggð er verið að velta fyrir sér kostum þess að mynda eitt sameiginlegt félag. Í dag eru félögin þar fimm. Eftir því sem ég best veit er meiri vilji innan sveitarfélagsins til að styðja eitt sameinað félag fremur en fimm aðskilin. Slíka afstöðu opinberra aðila heyri ég einnig víðar. Við þurfum að horfa til umgjarðarinnar um íþróttastarf í stóra samhenginu og þora að bregðast við.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu 80. ársþings Knattspyrnusambands Íslands á Egilsstöðum.

Þegar fólk vinnur saman

28. febrúar 2026. „Þegar fólk hafði komið sér saman um verkefnið var unnið hratt og vel, hefur tekið tiltölulega stuttan tíma að koma upp íþróttamiðstöð – og einstakt að ná því á áætlun bæði innan fjárhagsáætlunar og verkáætlunar.“

– Skúli Bragi Geirdal, varaformaður UMFÍ, við vígslu nýs íþróttahúss í Búðardal.

Hreyfum hvert við öðru

13. mars 2026. „Þegar við hreyfum okkur saman – og þegar við hreyfum hvert annað – þá hreyfum við heiminn. Þegar öll taka þátt vinna öll.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í ávarpi á sýningu danska hópsins Verdensholdet í íþróttahúsinu Ásgarði í Garðabæ.

Lærum að bera virðingu hvert fyrir öðru

17. júní 2026. „Innan stefnumótunarvinnu innan íþróttahreyfingarinnar er lögð áhersla á samráð, breiða þátttöku og sameiginlega sýn til framtíðar. Slíkt samtal eykur skilning, styrkir samstarf og opnar nýjar leiðir til framfara. Boðskapur 17. júní felst þannig í jafnvægi: Að varðveita það sem mótar sjálfsmynd okkar, en um leið að hafa hugrekki til að þróast, læra af öðrum og vinna með þeim.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í viðtali í Morgunblaðinu í tilefni af 17. júní.

Tækifæri urðu til í faraldrinum

26. júní 2026. „Þegar samfélagið lokaðist þá opnuðust gáttir, fólk brást við. Það leitaði lausna til að vinna gegn einangrun og einmanaleika, íþróttafélög opnuðu dyr sínar fyrir nýjum hópum, nýttu stafrænar lausnir og prófuðu nýjar nálganir. Það má alveg segja að faraldurinn hafi getið af sér tilraunaeldhús – vettvang til að laða fram hugmyndir, búa til tækifæri og leita leiða til lausna. Oft tókst það. Eftir að faraldrinum lauk snerum við mörg aftur í gamla farið. Þar liggur áskorunin. Við megum ekki staðna.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu Landsmóts UMFÍ 50+ í Hrafnagilshverfi.

Sjálfboðaliðar áorka miklu saman

27. júní 2026. „Enginn hristir verk eins og Vísisvöll fram úr jakkaermi. Völlurinn er sönnun þess hverju samfélagið getur áorkað þegar sjálfboðaliðar snúa bökum saman. Hér var Grettistaki lyft. Sannir eldhugar á ferð… Vísisvöllur sameinar sveitina á ný. Efni sem enginn leikstjóri ætti að láta framhjá sér fara í hetjumynd um samfélag sem sameinast í einu verki.“

– Sigurður Óskar Jónsson, stjórnarmaður í UMFÍ, við vígslu Vísisvallar við Hrollaugsstaði í Suðursveit.

Það sem knýr íþróttahreyfinguna áfram

24. júlí 2026. „Þetta er kjarninn í því sem knýr íþróttahreyfinguna áfram: viljinn til að þróast, aðlagast breyttum tímum og vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Samráð, samvinna og traust eru grundvallarforsendur framfara. Þegar við hlustum hvert á annað, lærum hvert af öðru og sameinum krafta okkar skapast ný tækifæri til vaxtar og árangurs.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í ávarpi við setningu 100. Meistaramóts Frjálsíþróttasambands Íslands.

Lærum að bera virðingu hvert fyrir öðru

31. júlí 2026. „Næstum því allir hafa nú heyrt af Ódysseifskviðu, sem hefur slegið í gegn í kvikmyndahúsum um allan hinn vestræna heim. Þetta er þrjú þúsund ára gamalt ævintýri um ferðalag, upplifun og reynslu. Þótt við séum ekki við múra Trójuborgar þá er uppskera okkar sem höfum sótt Unglingalandsmótið og stundað íþróttir sú sama og Ódysseifur öðlaðist á tuttugu ára ferðalagi. Við öll lærum að vinna og tapa, við öðlumst seiglu og þrautseigju, við lærum að vinna saman að lausn áskorana og að bera virðingu fyrir öðrum – bæði innan og utan keppnisvallar.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, ávarp við setningu Unglingalandsmóts UMFÍ á Sauðárkróki.

Íþróttir spara ríkinu háar fjárhæðir

31. júlí 2026. „Það má þess vegna alveg fullyrða að þátttaka á Unglingalandsmótinu sé liður í því að spara ríkinu háar fjárhæðir vegna heilbrigðari einstaklinga. Auðvitað gerist þetta ekki af sjálfu sér. Til að svo góðar og heilbrigðar minningar verði til í íþróttastarfi þurfa íþróttafélög, sveitarfélög, ríki og atvinnulíf að vinna vel saman – rétt eins og á þessu móti. Sjálfboðaliðarnir hafa líka borið þetta starf á herðum sér. En blikur eru á lofti, við vitum það öll. Þess vegna þarf ríkið að stíga fastar inn og styðja betur við íþróttafélög um allt land.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í ávarpi í hátíðarmóttöku sveitarfélagsins Skagafjarðar eftir setningu Unglingalandsmóts UMFÍ.

Ungmennafélagsandinn í hnotskurn

21. ágúst 2026. „Ungmennafélagsandinn er einfaldlega sá að einblína á alla sem vilja bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.“

– Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, við vígslu Hlöðunnar, nýs fjölnota íþróttahúss í Borgarnesi.



MIÐLÆG ÞJÓNUSTA

Miðlæg þjónusta UMFÍ styður við sambandsaðila með nútímalegum lausnum sem einfalda stjórnun og miðlun upplýsinga. Hreyfingin í heild fær aðgengi að skilvirkum verkfærum sem styrkja starfið og samvinnu í gegnum stærð og samlegðaráhrif.

ABLER

UMFÍ og ÍSÍ gengu árið 2025 frá samningi við fyrirtækið Abler í tengslum við svæðisstöðvar íþróttahéraða. Á árinu hefur verið útbúin sýn um allt framboð íþróttafélaga innan ÍSÍ og UMFÍ. Með þeim hætti er einfalt að nálgast upplýsingar um framboð skipulags íþróttastarfs eftir landshlutum, aldri og fleiri áhersluþáttum.

Einnig hefur verið unnið að því að birta yfirlit fyrir þjálfara og starfsfólk félaga þannig að þau geti með einföldum hætti fengið yfirsýn yfir lögbundin námskeið og sakavottorð sem þjálfarar eiga að uppfylla. Eins verður hægt að bæta við öðrum valfrjálsum námskeiðum sem félagið vill halda utan um.

Mælaborð um íþróttastarf er í vinnslu.

UMFÍ hélt áfram að nýta Abler fyrir mótahald samtakanna á árinu. Talsverð reynsla er komin á skráningarkerfið núna. Litlar viðbætur voru gerðar á milli ára. Sambandsaðilar UMFÍ sem þess óskuðu fengu aðgang að svæði fyrir sitt íþróttahérað til þess að sjá skráningar og koma skilaboðum til sinna þátttakenda.

GAGNAGRUNNUR FYRIR MYNDIR

Filecamp er stafrænn og miðlægur geymslu- og miðlunarvettvangur sem UMFÍ nýtir til að safna, geyma og stýra myndefni og öðru hönnunarefni. Með því að hafa efnið á einum stað í skýinu (óháð staðsetningu) er það aðgengilegt starfsfólki og samstarfsaðilum. Lausnin einfaldar samvinnu, bætir yfirsýn og gerir miðlun skilvirkari. Einnig er hægt að deila völdu efni með öðrum einstaklingum eftir þörfum. Sambandsaðilum UMFÍ stendur til boða aðgangur á Filecamp fyrir varðveislu á efni þeirra.

SKJALAVISTUN OG NETFÖNG


UMFÍ bauð á árinu sambandsaðilum sínum aðgang að tölvupósti og aðgengi að skýjalausnum til að geyma, samræma og deila gögnum á öruggan hátt. Með því hafa starfsmenn og sjálfboðaliðar aðgang að skjölum hvar og hvenær sem er, geta unnið saman í rauntíma og deilt efni með samstarfsaðilum á einfaldan og skilvirkan hátt.

Nokkur íþróttahéruð nýttu sér tilboðið á árinu og standa vonir til þess að fleiri muni nýta sér það í framtíðinni.

UMFÍ leggur áherslu á að sambandsaðilar hafi aðgang að nútímalegum lausnum sem einfalda daglegt starf og styðja við samvinnu.













FUNDIR OG SAMSKIPTI

UMFÍ hvetur til faglegra vinnubragða, gagnsæis og rekjanlegrar ákvarðanatöku. UMFÍ stuðlar að virku samráði og lýðræðislegum vinnubrögðum svo sambandsaðilar hafi vettvang til að tjá sig.

SAMBANDSÞING UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ fór fram á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10. – 12. október 2025. Á þingið mættu 116 fulltrúar íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar af öllu landinu auk þess sem 21 gestur mætti. Þar á meðal voru heiðursfélagar UMFÍ, Kristján Thorlacius, lögmaður UMFÍ, Sæmundur Runólfsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri UMFÍ, forsvarsfólk sveitarfélagsins Stykkishólms, Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, Andri Þór Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, og fulltrúar sérsambanda auk Mogens Kirkeby, formanns alþjóðlegu grasrótarsamtakanna ISCA, fulltrúar samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, farsældarfulltrúar landshlutanna og fulltrúi frá Landsbjörgu auk svæðisfulltrúa íþróttahéraðanna.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, bauð gesti velkomna á þingið og flutti setningarræðu. Hann rifjaði upp að íþróttahreyfingin hefði þróast mikið á þeirri rúmu öld sem hún hefur verið starfrækt sem heild og farið frá því að sinna litlu og afmörkuðu starfi í að verða einn af máttarstólpum samfélagsins. Þótt miklu hefði verið áorkað þá ætti hreyfingin enn mikið inni. Máli sínu til stuðnings benti hann á að á árinu 2025 hafi ÍBV bæst í raðir sambandsaðila UMFÍ. Þar með séu öll íþróttahéruð landsins orðin hluti af UMFÍ. Jóhann benti jafnframt á að þótt íþróttahreyfingin samanstandi af ólíkum einstaklingum með ólíka hatta þá séu áskoranir félaga um allt land sambærilegar. Hægt verði að ná góðum árangri í málum hreyfingarinnar þegar hún byggi saman brýr, forgangsraði verkefnum og tali einni röddu.

Jóhann lagði áherslu á breytta úthlutun lottótekna og stofnun svæðisstöðva íþróttahéraðanna, sem væri stærsta samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ. Tilgangur þeirra væri að styðja íþróttahéruðin til að efla íþróttastarf á landsvísu, styðja betur við íþróttafélög landsins, bæta þjónustu við iðkendur og ná betur til þeirra sem standa af öllum mögulegum ástæðum utan við skipulagt íþróttastarf.

Fram kom í máli Jóhanns að breytt úthlutun lottótekna og stofnun svæðisstöðvanna hefðu leitt til fyrsta fjármagnaða samningsins við ríkið utan hefðbundinna fjárliða, undir málaflokknum „farsæld“ — rekstur svæðisstöðva og hvatasjóðs (sem um þetta leyti var með opið fyrir umsóknir í þriðja sinn). Þá væri „Allir með“ annað gott dæmi um samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta, íþróttahreyfingarinnar og félagasamtaka.

Að lokum kom Jóhann inn á verkefnin fram undan, kynningu á starfi svæðisfulltrúa, sem hafi unnið afar gott starf, framlengingu á samningum tengdum farsæld í fjárlagavinnu og skattamál íþróttafélaga sem hafi fengið kröfubréf frá Skattinum, samtali sem íþróttahreyfingin eigi við skattayfirvöld. Hann brýndi jafnframt fyrir þinggestum ólögmæti erlendra veðmálafyrirtækja sem starfi hér á landi og gagnrýndi stjórnvöld fyrir að fylgja ekki gildandi lögum til að tryggja starfsemi Íslenskrar getspár og Getrauna. Að lokum ræddi Jóhann um sameiginlega stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ til framtíðar og nauðsyn þess að uppfæra íþróttalög hér á landi.

Starfsmenn þingsins voru kosnir: Gretar Daníel Pálsson var kjörinn þingforseti og Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður UMFÍ, sem varaþingforseti. Þingritarar voru þau Sigurður Óskar Jónsson og Anna Ragnheiður Möller. Í kjörbréfanefnd voru samþykkt að undangenginni tillögu þingforseta, þau Geir Kristinn Aðalsteinsson, Þuríður R. Sigurjónsdóttir og Gyða Björk Bergþórsdóttir.

Að lokinni kosningu í embætti þingsins flutti Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, skýrslu stjórnar.

Eftir það fluttu gestir þingsins ávörp. Guðmundur Ingi Kristinsson, mennta- og barnamálaráðherra, átti ekki heimangengt og sendi kveðju á upptöku. Greindi hann þar frá því að stjórnvöld hefðu þegar ákveðið að framlengja verkefnið Allir með til þriggja ára og vonaðist hann til þess að verkefni svæðisstöðvanna héldi áfram.













Ávörp annarra í hnotskurn:

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ: Sjálfboðaliðastarf í íþróttum snýst umfram allt um tíma. Í heimi þar sem tími fólks er af skornum skammti er slíkt framlag ómetanlegt. Við lifum á tímum breytinga þar sem fólk metur tíma sinn með öðrum hætti en áður. Því er framlag sjálfboðaliða ekki sjálfgefið — hvorki í daglegu starfi félaganna né þegar kemur að því að mæta á þing.

Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage, formaður Ungmennaráðs UMFÍ: Sara Jóhanna sagði frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðheilsa, sem fór fram á Reykjum og tókst frábærlega. Allir sem tóku þátt í könnun að ráðstefnunni lokinni sögðust mæla með henni. Sara fjallaði líka um störf sjálfboðaliða og benti á mikilvægi þess að gefa ungu fólki tækifæri til þess að fá að taka þátt í starfinu. Hún hvatti þingfulltrúa til að gefa sig á tal við fulltrúa ungmennaráðs á þinginu til að kynna sér málin.

Þórður Hjaltested, formaður Íþróttasambands fatlaðra: Þakkaði fyrir samstarfið undanfarin ár, sérstaklega tengt verkefninu Allir með, og talaði um mikilvægi svæðastöðvanna, sem hjálpa til við að fá ýmsa sem eru undir í samfélaginu til að stunda íþróttir.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms: Hvatti þinggesti til að skoða Stykkishólm.

REIKNA ÚT HAGRÆN ÁHRIF HREYFINGAR

Mogens Kirkeby, formaður alþjóðlegu grasrótarsamtakanna ISCA og varaformaður DGI: Mogens var gestur þingsins. Hann hefur verið formaður ISCA frá árinu 2007, sagði frá markmiðum ISCA um samstarf milli opinberra aðila og íþróttahreyfingarinnar og fjallaði auk þess um mismunandi dæmi um samstarf. Hann nefndi sem dæmi markmið borgarstjóra Parísarborgar, þess efnis að aldrei sé lengra en 5 mínútur í hentugt útivistar- eða hreyfingarsvæði fyrir hvern og einn íbúa borgarinnar. Þá nefndi hann ýmsar óhefðbundnar greinar sem séu að njóta vaxandi vinsælda víða. Þar á meðal sé zumba, padel og pickleball. Hann fór jafnframt yfir ýmsa tölfræði um stöðu Íslands í íþróttastarfi miðað við önnur Evrópuríki. Ísland standi að mörgu leyti vel í samanburðinum. Að lokum sýndi hann reiknivél þar sem hægt er að reikna út hagræn áhrif þess að fá fólk á ýmsum aldri til að auka hreyfingu.

ÞAÐ SEM PÓLITÍKIN SKILUR

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ: Willum átti ekki heimangengt á setningu þings UMFÍ en mætti daginn eftir. Í ávarpi sem hann hélt kom hann inn á fjölmargar áskoranir sem íþróttahreyfingin standi frammi fyrir. Nauðsynlegt sé að nýta íþróttahreyfinguna til að mæta þeim. Mjög mikilvægt sé að ná samtali við ráðamenn þjóðarinnar í sameiningu um gagnadrifna grasrótarstefnumótun. Hann fjallaði líka um reiknivélina sem Mogens sýndi og sagði þar komið verkfæri sem pólitíkin skilur. Pólitíkin hafi reitt sig of mikið á störf sjálfboðaliða. Með auknum faglegum kröfum og íþyngjandi þáttum sé erfiðara að fá fólk í sjálfboðaliðastörf. Íþróttahreyfingin þurfi að fara í samtal um breytingar á skipulagi hennar og sé hann spenntur að ná árangri í vinnunni fram undan.

Nefndir þingsins voru tvær. Allsherjar- og laganefnd. Formaður Þorvaldur Gröndal, UMSS.

Fjárhagsnefnd: Formaður Guðríður Aadnegard, HSK.

Öll íþróttahéruð landsins eru nú hluti af UMFÍ.

28

er sá fjöldi tillagna sem lagður var fram á þinginu

NOKKRAR SAMÞYKKTAR TILLÖGUR

- Farið af stað í heildstæða stefnumótun fyrir íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna. Markmið stefnumótunar í grófum dráttum:
  - Skilgreina skýrt hlutverk og verkaskiptingu milli UMFÍ og ÍSÍ, sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra.
  - UMFÍ hafi það hlutverk að styðja og þjónusta íþróttahéruð, ásamt því að halda utan um almenningsíþróttir.
  - ÍSÍ hafi það hlutverk að styðja og þjónusta sérsambönd, ásamt því að sinna afreks- og ólympíumálum.
  - Skilgreina óskir og forgangsmál hreyfingarinnar varðandi aðkomu ríkis og sveitarfélaga.
  - Leggja fram sameiginlega framtíðarsýn um hlutverk og ábyrgð íþróttahreyfingarinnar í íslensku samfélagi.
- Jafnframt samþykkir sambandsþing UMFÍ að í þessari vinnu verði:
  1. Hlutverk íþróttahéraða endurskilgreint með skýrum hætti.
  2. Kannað og mótað hvernig UMFÍ hyggist styðja við íþróttahéruð fjárhagslega til þess að þau geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.
  3. Að stjórn UMFÍ leiti leiða, í samstarfi við ÍSÍ og í samvinnu við íþróttahéruð, til þess að bregðast við þeim miklu fjárhagslegu skerðingum sem urðu víða um land í kjölfar breytinga á lottóúthlutun með markvissum mótvægisaðgerðum.
- Áskorun til stjórnvalda um að tryggja áframhaldandi fjármagn til reksturs svæðisstöðva íþróttahéraða og Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar og að framlagið verði fest inni í fjárlagagerð hvers árs.
- Stjórn UMFÍ falið í samstarfi við ÍSÍ að fá ríkisvaldið með hreyfingunni í þá vegferð að greina hagræn áhrif íþrótta á samfélagið og eftirfarandi þættir greindir: a. Efnahagsleg áhrif b. Félagsleg áhrif c. Heilsufarsleg áhrif d. Samfélagslegt mikilvægi.
- Stjórn UMFÍ leiti eftir samstarfi við ÍSÍ um að móta skýr tilmæli og reglur um aðgengi að áfengi á viðburðum íþróttafélaga. Vinna starfshóps UMFÍ verði grunnurinn að þeirri vinnu.
- Skorað á stjórnvöld og ríkisstjórn að grípa til aðgerða til að loka á auglýsingar og starfsemi erlendra spilafyrirtækja sem ekki hafa leyfi til starfsemi hér á landi. UMFÍ eigi að standa fyrir fræðslu innan hreyfingarinnar um veðmál með áherslu á forvarnir og ábyrga spilun.
- Skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að veita eftirfarandi ívilnanir til þeirra íþróttafélaga sem eru skráð á almannaheillalista, endurgreiðslu tryggingargjalds af launum starfsfólks hjá félögunum og tryggja að sjálfboðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð á rekstri, skuldbindingum eða alvarlegum atvikum í starfsemi félaganna.

- Samþykktur stuðningur við þau íþróttahéruð sem verst standa eftir þær breytingar sem orðið hafa á lottóúthlutunum síðustu ár. Annars vegar að unnið yrði að því að sækja 25 mkr. styrk úr Fræðslu- og verkefnasjóði og hins vegar að annar rekstrarkostnaður UMFÍ hækki um 35 m.kr, í samtals 60 mkr. á tveimur árum.

BREYTINGAR Á STJÓRN

Töluverðar breytingar urðu á stjórn UMFÍ á sambandsþingi UMFÍ. Sjö ný settust í ellefu stjórnarsæti. Tvö sem áður sátu í stjórn UMFÍ voru kosin í varastjórn. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, var sjálfkjörinn næstu tvö árin.

Atkvæðagreiðslan var rafræn. Það sjaldséða atvik kom upp að tveir frambjóðendur, þau Birgir Már Bragason og Margrét Sif Hafsteinsdóttir, voru jöfn að atkvæðum. Formaður kjörnefndar lét þau draga spil til að skera úr um kjörið. Margrét dró ás, sem skilaði henni sæti í aðalstjórn. Birgir hafði möguleika á að gefa kost á sér í varastjórn. Það gerði hann og hlaut kosningu í hana.

Stjórn UMFÍ skipa:

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.
- Guðný Stefanía Stefánsdóttir, sem kemur frá Héraðssambandi Vestfirðinga – kom ný inn í stjórnina.
- Halla Margrét Jónsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ og kemur af sambandssvæði Íþróttabandalags Akraness – kemur ný inn í stjórnina.
- Helgi Sigurður Haraldsson frá Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK) – kemur nýr inn í stjórn.
- Margrét Sif Hafsteinsdóttir, sem kemur frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur – kemur ný inn í stjórn.
- Skúli Bragi Geirdal, sem kemur frá Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA). Var gerður að varaformanni – kom nýr inn í stjórn.
- Sigurður Óskar Jónsson hlaut kosningu á ný en hann kemur frá Ungmennasambandinu Úlfljóti (USÚ).

Í varastjórn eru:

- Birgir Már Bragason kemur nýr inn í stjórnina. Hann sat þingið í nafni Íþróttabandalags Reykjanesbæjar (ÍRB).
- Gunnar Þór Gestsson, sem sat í stjórn og var varaformaður fyrri stjórnar. Gunnar Þór er jafnframt formaður Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS).
- Ragnheiður Högnadóttir, sem sat áður í stjórninni.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson frá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) – hann kom nýr inn í stjórnina.

Þau sem hættu í stjórn UMFÍ:

Ásgeir Sveinsson, Gunnar Gunnarsson, Guðmunda Ólafsdóttir, Guðmundur G. Sigurbergsson, Hallbera Eiríksdóttir, Málfríður Sigurhansdóttir og Rakel Másdóttir.

HEIÐURSVERÐLAUN UMFÍ

Þau Einar Haraldsson og Magndís Alexandersdóttir voru sæmd sérstökum heiðursfélagakrossi UMFÍ þegar þau bættust í hóp heiðursfélaga UMFÍ á sambandsþinginu. Þetta er æðsta viðurkenning UMFÍ. Einar var um árabil formaður og framkvæmdastjóri Keflavíkur, íþrótta- og ungmennafélags, og Magndís var formaður Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (HSH). Bæði hafa þau auk þess setið í stjórn UMFÍ.

GULLMERKI UMFÍ

Klara Bjarnadóttir, formaður Ungmennafélags Grindavíkur, og Ómar Bragi Stefánsson voru sæmd Gullmerki UMFÍ. Ómar Bragi hlýtur Gullmerkið fyrir sjálfboðaliðastarf sitt fyrir knattspyrnudeild Tindastóls á Sauðárkróki en Klara hefur skilað frábæru starfi sem formaður Ungmennafélags Grindavíkur á fordæmalausum tímum.

HVATNINGARVERÐLAUN

Fern félög hlutu Hvatningarverðlaun UMFÍ.

Hvatningarverðlaun UMFÍ 2025 hlutu:

- Ungmennasambandið Úlfljótur (USÚ) fyrir verkefni Ungmennafélagsins Vísis, sem m.a. vann þá að gerð frjálsíþróttavallar við Hrollaugsstaði í Suðursveit.
- Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) hlaut verðlaunin fyrir verkefni Ungmennafélags Reykdæla sem borið er uppi af miklu hugsjónafólki, svo mjög að það hugsar út fyrir rammann og hefur starfið sprungið út.
- Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) hlaut verðlaunin fyrir starf Íþróttafélagsins Undra, sem stofnað var úr sex félögum úr Dalabyggð og ætlað að taka á móti öllum börnum í íþróttum á svæðinu.
- Að lokum hlaut Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) Hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir vinnu heilbrigðisteymis Skautafélags Akureyrar, sem gætt hefur öryggis og velferðar iðkenda og gesta í Skautahöllinni á Akureyri.

MATMAÐUR ÞINGSINS

Skólameistarinn og íþróttalýsandinn Sigurbjörn Árni Arngrímsson er matmaður UMFÍ. Matmaðurinn er útnefndur á Sambandsþingum UMFÍ, sem haldin eru annað hvert ár.

Sigurbjörn var þingfulltrúi þar og lét til sín taka á þinginu, bæði í ræðum undir störfum þingsins og á matmálstímum. Nær ómögulegt var að taka ekki eftir honum.

Hefð er fyrir því síðan árið 1979 á þingum UMFÍ að velja matmann UMFÍ. Farandgripurinn er útskorinn askur sem Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) gaf á sínum tíma. Hann er afhentur í lok síðustu máltíðar á þingum UMFÍ þeim þingfulltrúa eða stjórnarmanni UMFÍ sem að mati dómnefndar er þess verðugastur að geyma gripinn til næsta þings. Við valið er m.a. horft til framgöngu í matar- og kaffitímum þingsins, beitingu hnífapara, stíls, borðsiða o.fl. Dómnefnd er skipuð forseta þingsins og fyrrverandi matmanni.

VORFUNDUR

Vorfundur er óformlegur samráðsvettvangur sambandsaðila UMFÍ þar sem forsvarsfólk sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ koma saman. Fundurinn er ekki lögbundinn samkvæmt reglum UMFÍ. Í áranna rás hefur myndast hefð fyrir fundinum.

Vorfundur UMFÍ fór fram á Hótel Selfossi laugardaginn 9. maí 2026. Á fundinn mættu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ, í sumum tilvikum formenn og framkvæmdastjórar íþróttahéraða, næstum allir svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna og stjórn og starfsfólk UMFÍ.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, setti fundinn, bauð gesti velkomna og fór í stórum dráttum yfir efni vorfundarins og fyrirkomulag hans.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, tók við af honum og fjallaði um ýmis mál sem komu úr sambandsþingi UMFÍ í október ári fyrr, björgunarpakkann og verkefni á ýmsum sviðum, þar á meðal ýmis konar samstarf sem horft er til að geti hámarkað samfélagslegan ávinning af skipulögðu íþróttastarfi.

Á meðal helstu nýjunganna sem Auður sagði frá er ný vefgátt sem er í smíðum hjá Abler og á að auðvelda fólki að finna íþróttastarf við hæfi, sérstaklega fyrir börn með fatlanir. Vefgáttin er hugsuð fyrir alla hagsmunaaðila innan íþróttahreyfingarinnar. Þá greindi hún frá fræðsluefninu Íþróttir og konur, sem eru tæplega 50 fyrirlestrar á netinu og sérstaklega ætlaðir konum. Sömuleiðis voru í vinnslu upptökur, sem ætlað er að leiðbeina um framkvæmd funda og ýmislegt fleira.

Auður fór jafnframt yfir stöðu stefnumótunar íþróttahreyfingarinnar sem staðið hefur yfir frá því í fyrrahaust. Annar fasi verkefnisins fólst í fundum um allt land með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar.

Auður sagði samfélagslegan ávinning af íþróttastarfi ótvíræðan og rifjaði upp að 50% barna sem stundi íþróttir telji sig hamingjusöm á móti þeim 33% sem geri það ekki. Svo virðist sem frambjóðendur allra stjórnmálaflokka séu sammála um mikilvægi íþróttaiðkunar og lofi þeir að hækka frístundastyrki. Af þeim sökum þurfi að efla hreyfingu barna. Á hinn bóginn sé nauðsynlegt að þróa og laga íþróttastarf að breyttum tímum. Þótt íþróttahreyfingin nái til barna í skipulögðu íþróttastarfi þá sé hópur eldra fólks óræðari hópur. Máli sínu til stuðnings benti hún á að stærsti hópur iðkenda í Danmörku sé fólk á aldrinum 40–59 ára. Hér á landi greinist þessi hópur iðkenda ekki í gögnum íþróttahreyfingarinnar. Það veki upp spurningar um hvort og hvernig íþróttahreyfingin geti náð til þessa aldurshóps.

Að lokum benti Auður á þann efnahagslega ávinning sem felst í því ef börn af tekjulægri













heimilum taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Miðað við norska rannsókn og þarlent reiknilíkan nemi árlegur ávinningurinn af því að 100 einstaklingar, 20 ára og eldri, fari úr því að vera líkamlega óvirkir í það að hreyfa sig reglulega 1,5 milljörðum norskra króna.

STJÓRNARFUNDIR

Stjórn UMFÍ hélt 10 fundi á tímabilinu 2025–2026. Stjórnarfundirnir fóru fram víða um land, til að mynda í Stykkishólmi, á Selfossi, á Reykjum í Hrútafirði, á Ísafirði og í Reykjavík. Alls voru haldnir 7 staðfundir og 2 fundir í gegnum fjarfundabúnað. Einn fundur var fyrirhugaður í tengslum við Vorfund UMFÍ í Vestmannaeyjum. Vegna vandræða í samgöngumálum til Vestmannaeyja var sá fundur færður á Selfoss.

FUNDIR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Alls voru haldnir átta framkvæmdastjórnarfundir á starfstímabilinu 2025 – 2026.

NEFNDARFUNDIR

Alls voru haldnir 55 fundir hjá nefndum UMFÍ á starfstímabilinu 2025 – 2026. Flestir funda fóru fram með fjarfundarbúnaði.

- Fjárhags- og greiningarnefnd | 4 fundir
- Fræðslunefnd | 3 fundir
- Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ 2026 | 15 fundir
- Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ 2027 | 2 fundir
- Miðlun- og samskiptanefnd | 6 fundir
- Móta- og viðburðanefnd | 1 fundur
- Skólabúðanefnd | 1 fundur
- Unglingalandsmótsnefnd 2026 | 4 fundir
- Ungmennaráð | 8 fundir
- Upplýsingatækninefnd |5 fundir
- Úthlutunarnefnd sjóða | 5 fundir
- Þrastaskógarnefnd | 1 fundur

HEIMSÓKNIR TIL SAMBANDSAÐILA

Fulltrúar stjórnar og starfsfólks UMFÍ hafa heimsótt sambandsaðila á starfstímabili stjórnar við hin ýmsu tilfelli. Um er meðal annars að ræða heimsóknir í tengslum við stefnumótun UMFÍ og ÍSÍ, viðburðinn Raddir ungs fólks og aðal- og ársfundi sambandsaðila. Önnur tilefni til heimsókna voru stórafmæli, vígsla íþróttamannvirkja og ýmislegt fleira.

SAMSTARFSAÐILAR

UMFÍ tilnefnir reglulega í ýmsa starfshópa, vinnuhópa og nefndir á vegum stjórnvalda og annarra félagasamtaka. UMFÍ á jafnframt aðild og samskipti við erlend félagasamtök.

STARFSHÓPAR OG NEFNDIR

ÍÞRÓTTANEFND RÍKISINS

Hlutverk nefndarinnar er að veita ráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum, leggja fram tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála og úthluta úr Íþróttasjóði.

Íþróttanefnd starfar skv. 4. gr. Íþróttalaga nr. 64/1998. Fulltrúar UMFÍ eru Haukur Valtýsson og Ragnheiður Högnadóttir er varamaður.

ÆSKULÝÐSRÁÐ

Hlutverk Æskulýðsráðs á samkvæmt Æskulýðslögum að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum.

Æskulýðsráð á að veita umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi, leitast við að efla æskulýðsstarfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Jafnframt efnir Æskulýðsráð til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, tekur þátt í erlendu samstarfi um æskulýðsmál eftir nánari ákvörðun ráðherra, stuðlar að þjálfun og menntun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinnir öðrum verkefnum sem ráðherra felur því. Fulltrúi UMFÍ er Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ.

HÁSKÓLA- OG FRÆÐASAMFÉLAGIÐ

ÍÞRÓTTAFRÆÐIDEILD HR

UMFÍ hefur átt í samstarfi við Háskólann í Reykjavík um styrkt meistaranámsverkefni á sviði íþróttavísinda. Árlega býður HR upp á slíkar stöður sem gefa nemendum tækifæri til að vinna lokaverkefni sitt í samstarfi við félagasamtök.

Samið var um að Emilía Halldórsdóttir, meistaranemi í íþróttavísindum, sinni lokaverkefni sínu í samstarfi við UMFÍ. Verkefnið fjallar um störf sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni og miðar að því að auka skilning á mikilvægi og áhrifum þeirra.

Með verkefninu verður gerð þarfagreining á menntun og fræðslu fyrir sjálfboðaliða, núverandi efni rýnt og unnið að þróun framtíðarkennsluefnis fyrir hreyfinguna.

VETTVANGSNÁM NEMENDA

Karólína Ósk Arndal Sigurlaugardóttir og Sóldís Tinna Eiríksdóttir, nemendur á öðru ári í íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík, voru í þriggja vikna vettvangsnámi í þjónustumiðstöð UMFÍ á vormánuðum.

Þær Karólína og Sóldís unnu að ýmsum verkefnum. Á meðal þess helsta var kortlagning á umfangi sjálfboðaliða á viðburðum sérsambanda í þeim tilgangi að draga upp mynd af fjölda þeirra á leikjum á einni helgi. Þær settu jafnframt upp alla skráningu fyrir Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ auk þess sem þær sóttu ýmsa viðburði innan íþróttahreyfingarinnar.



ÍSLENSKA ÆSKULÝÐSRANNSÓKNIN OG RANNSÓKNIR OG GREINING

Frá árinu 2012 hafa Rannsóknir og greining unnið að *Ánægjuvoginni* fyrir UMFÍ og ÍSÍ. Undanfarin ár hefur slík rannsókn ekki verið birt, en til stendur að sambærilegar niðurstöður verði framvegis teknar úr *Íslenskum æskulýðsrannsóknum* á vegum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands.

UMFÍ og ÍSÍ hafa átt fundi með forsvarsfólki verkefnisins til að tryggja áframhaldandi miðlun og nýtingu gagnanna.

Fulltrúar mennta- og barnamálaráðuneytis, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík (HR) og Rannsókna og greiningar (R&G) undirrituðu um miðjan í apríl á þessu ári nýjan samstarfssamning um þróun samstarfs og miðlun niðurstaðna grunnskólakönnunar Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ) árið 2026.

Eftirfarandi undirrituðu samninginn: Inga Sæland, mennta- og barnamálaráðherra (fyrir miðju), ásamt f.v. Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur, forseta Menntavísindasviðs HÍ, Silju Báru Ómarsdóttur, rektor Háskóla Íslands, Ingu Dóru Sigfúsdóttur, stofnanda Rannsókna og greininga, og Ragnýju Þóru Guðjohnsen, faglegum stjórnanda Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.

Þetta var í fyrsta sinn sem samkomulag er gert við HR og R&G um miðlun niðurstaðna úr grunnskólakönnun ÍÆ. Það markar nýtt skref í auknu samstarfi þessara aðila sem nú standa þétt saman að verkefninu.

Háskóli Íslands er áfram framkvæmdaraðili ÍÆ og ber ábyrgð á framkvæmd rannsóknarinnar fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Samstarfið er sagt endurspegla aukna áherslu stjórnvalda á að efla yfirsýn yfir stöðu barna og ungmenna í íslensku samfélagi, bæði hvað varðar menntun og líðan. Á undanförnum misserum hafa stjórnvöld kynnt ýmis verkefni og aðgerðir sem miða að því að styrkja gagnasöfnun, greiningu og miðlun upplýsinga um hag barna. Með þessu nýja samkomulagi er stigið mikilvægt skref til að tryggja að gögn ÍÆ nýtist enn betur til umbóta í skólastarfi og stefnumótun á öllum stjórnsýslustigum.

FÉLAGASAMTÖK, STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Starfsfólk UMFÍ vinnur mikið og náið með starfsfólki Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Samstarfið er af ýmsum toga, allt frá samvinnu við sameiginleg verkefni, miðlun reynslu og þekkingar og samtali við stjórnvöld um sameiginlega hagsmuni íþróttahreyfingarinnar. Eftir flutning UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal hafa samlegðaráhrif og samskipti samtakanna aukist mikið.

ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hann var settur á laggirnar árið 2007 og þjónustar aðildarfélög með fræðslu og forvörnum, m.a. um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun. ÆV hefur þróað ýmis verkfæri fyrir félög sem starfa með börnum og ungmennum, þar á meðal gjaldfrjálst netnámskeið um barnavernd sem eykur þekkingu á ofbeldi, áreitni og afleiðingum þess. Starfsmaður ÆV er Kolbrún Ósk Pétursdóttir. Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, situr í ráðgjafahópi vettvangsins.

ALMANNAHEILL

UMFÍ var einn af stofnaðilum Almannaheilla, samtaka þriðja geirans. Samtökin voru stofnuð árið 2008. Markmið þeirra er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheillasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa í almannaþágu, vinna að sem hagfelldustu starfsumhverfi fyrir þessa aðila, styrkja ímynd þeirra, efla stöðu þeirra í samfélaginu og koma fram fyrir hönd þriðja geirans gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðlum.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn samtakanna er Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ og er hann varaformaður Almannaheilla.

RANNSÓKNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Rannís styrkir fjölmörg verkefni á sviði æskulýðsstarfs og íþrótta. Evrópusambandsáætlunin Erasmus+ býður einnig upp á margvíslega styrkjamöguleika sem UMFÍ hefur nýtt sér oft, meðal annars til ferðalaga sambandsaðila UMFÍ til Norðurlandanna, til stefnumótunarvinnu og ungmennaráðstefnunnar *Ungt fólk og lýðheilsa*.

Vorið 2023 sótti UMFÍ um gæðavottun (Quality Label) hjá European Solidarity Corps, sem veitir tækifæri til að taka á móti erlendum sjálfboðaliðum. Vottunin var samþykkt í september og gildir til ársins 2027.

Á árinu fékk UMFÍ styrk frá Rannís fyrir ráðstefnu ungmennaráðs. Sömuleiðis sótti UMFÍ um Erasmus-aðild, sem opnar einfaldari leið að frekari styrkjamöguleikum innan styrkjaáætlunar Evrópusambandsins á sviði náms og þjálfunar.

BARNARÉTTINDAVAKTIN

Barnaréttindavaktin er óformlegur samstarfsvettvangur félagasamtaka sem skrifuðu sameiginlega skýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna árið 2020. Skýrslan lagði áherslu á stöðu fátækra barna, fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna. Mannréttindi barna, samkvæmt Barnasáttmálanum, er sameiginleg sýn á málefni barna. Barnaréttindavaktin sér um verkefnið. Hópurinn hélt tengslum eftir að skýrslunni var skilað og breikkaði bæði vettvang sinn og samstarfsaðila. Á meðal verkefna hópsins var að mynda hóp talsmanna barna á Alþingi. Hópinn mynda þingmenn nokkurra flokka sem ætla að hafa málefni barna í fyrirrúmi.

Auk UMFÍ eru í hópnum Barnaheill, Heimili og skóli, Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samfés, UNICEF á Íslandi og Öryrkjabandalagið. Fulltrúar UMFÍ eru Elísabet Hrund Salvarsdóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

ERLEND SAMSKIPTI

DGI

Danmarks Gymnastik og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI.

ISCA

UMFÍ er aðili að International Sport and Culture Association (ISCA), sem eru grasrótarsamtök um almenningsíþróttir og menningu fjölmargra landa. UMFÍ hefur tekið þátt í mörgum verkefnum með ISCA í gegnum tíðina.

HØJSKOLENS HUS

UMFÍ og Højskolernes Hus (HH) í Kaupmannahöfn hafa um árabil átt í samstarfi um námsdvöl íslenskra ungmenna í dönskum lýðháskólum. Samstarfið hefur meðal annars falist í því að UMFÍ hefur notið styrks frá Nordplus til að styðja ungmenni til náms. Í upphafi árs 2026 urðu breytingar á sjóðum Nordplus sem urðu til þess að UMFÍ á ekki lengur kost á styrkjum þaðan. Skólaárið 2025–2026 var því síðasti skólaveturinn í bili sem UMFÍ veitir slíka styrki. Alls hlutu 39 ungmenni styrk til lýðháskóladvalar á þeim vetri.

NORD UNG

Nordisk Ungdomsorganisation (NordUng, var áður stytt sem NSU) eru samtök æskulýðsfélaga á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Á meðal verkefna samtakanna eru ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðaráðstefnur og ungbændaráðstefnur.

Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage, formaður ungmennaráðs UMFÍ, er fulltrúi UMFÍ í stjórn samtakanna.



REKSTUR

GETSPÁ – GETRAUNIR



MIKILVÆGUR REKSTUR OG STUÐNINGUR

Eigendur Íslenskrar getspár eru stærstu og öflugustu fjöldahreyfingar íslensks samfélags, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Ungmennafélag Íslands. Frá stofnun Getspár 1986 hafa eigendur fengið rétt tæplega 70 milljarða króna (uppreiknað miðað við vísitölu) í arðgreiðslur frá Getspá. Þetta eru fjármunir sem hafa mikla þýðingu fyrir rekstur og uppbyggingu innviða og almenna starfsemi eigenda Getspár. Lukkan var svo sannarlega með okkur rekstrarárið 2025. Eftir nokkur mögur ár í Lottó 5/42, þar sem pottarnir gengu mjög hratt út, ákvað stjórn Getspár að bæta þremur nýjum tölum við lottóleikinn og breyta leikjaformúlunni í 5/45. Breytingin á leikjaformúlunni úr 5/42 í 5/45 leiddi til þess að stærri pottar sáust á ný, sem hafði jákvæð áhrif á reksturinn og skilaði auknum ávinningi. Leikjaformúlan þarf ávallt að tryggja jafnvægi milli fjölda vinninga og þess fjárframlags sem rennur til eigenda félagsins. Fjölgun íbúa vegur þar þungt og með auknum íbúafjölda er nauðsynlegt að aðlaga vinningslíkur að því jafnvægi sem gerir leikinn áhugaverðan fyrir alla aðila sem að honum koma. Ákvörðun stjórnar um að bæta þremur tölum við lottóleikinn skilaði bæði fleiri stórum pottum og hærri sölu. Samhliða varð lítils háttar samdráttur í EuroJackpot og Vikinglotto, en heildarsalan jókst umtalsvert.

Rekstrarumhverfi löglegra happdrætta á Íslandi er afar krefjandi. Yfirvöld dómsmála og lögreglu hafa lítið aðhafst til að vernda löglega starfsemi þrátt fyrir skýrar beiðnir um að brugðist sé við í samræmi við gildandi lög. Afleiðingin er sú að tugir milljarða króna renna árlega úr landi til fyrirtækja sem bera engar samfélagslegar skyldur hér á landi. Með hliðsjón af þessari stöðu hafa eigendur Getspár komið því á framfæri við dómsmálaráðherra að vilji sé til að skoða nýtt fyrirkomulag, að uppfylltum skilyrðum, í takt við þá þróun sem átt hefur sér stað á Norðurlöndunum. Þar hefur ríkisvaldið heimilað leyfisskylda starfsemi veðmála- og spilakassa, á meðan lottó og hefðbundin happdrætti eru áfram rekin með einkarétti.

Salan og reksturinn hafa verið stöðug undanfarin ár og samstaða hefur ríkt meðal stjórnenda og starfsfólks.

Stjórnir og starfsfólk Getspár – Getrauna hafa staðið þétt saman í rekstri og áherslum félaganna undanfarin ár og svo verður áfram. Stjórnirnar funda í hverjum mánuði og stjórnarmenn gera sér far um að fylgjast vel með rekstri og stjórnun fyrirtækisins. Áhersla er lögð á öflugt upplýsingastreymi til stjórnarmanna til að tryggja góða stjórnarhætti.

FRAMLÖG Í ÞÁGU SAMBANDSAÐILA UMFÍ

Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Jóhann Steinar Ingimundarson og er hann stjórnarformaður fyrirtækisins. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Framkvæmdastjóri Getspár – Getrauna er Stefán Konráðsson.

ÚTHLUTUN OG AUKAGREIÐSLA

UMFÍ á 13,33% í Íslenskri getspá og 20% í Íslenskum getraunum.

UMFÍ fékk rétt um 377,7 m.kr. greiddar frá Íslenskri getspá árið 2025. Sama ár tók stjórn Getspár ákvörðun um aukagreiðslu upp á 600 m.kr. til eignaraðilanna, það er til ÍSÍ, ÖBÍ og UMFÍ vegna góðrar niðurstöðu í rekstrinum. Hlutur UMFÍ í þeirri greiðslu nam tæpum 80 m.kr. Upphæðin var greidd út til sambandsaðila UMFÍ samkvæmt reglugerð um lottó.

UMFÍ fékk greiddar 10 m.kr. frá Íslenskum getraunum en greiðslur til íþróttahéraða og félaga koma ekki til UMFÍ. Þess í stað fara þær beint frá Getraunum til íþróttahéraðanna.

361,6 milljónir
Greiddar til sambandsaðila UMFÍ auk 49,5 m.kr. úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ 2025

3,4 milljarðar
Arðgreiðsla Getspár til eignaraðila 2025

80 milljónir
Hlutdeild UMFÍ í aukaúthlutun frá Íslenskri getspá til eignaraðila 2025

600 milljónir
Aukaúthlutun frá Íslenskri getspá til eignaraðila 2025


13,33%
eignarhlutur UMFÍ í Íslenskri getspá.
46,67% Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
40,00% Öryrkjabandalag Íslands.

LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA

Reglugerð um lottó var breytt á sambandsþingi UMFÍ í Stykkishólmi, sem haldið var í október 2025.

LOTTÓREGLUR


I. Skipting lottótekna UMFÍ



- **79%** til sambandsaðila
- **16%** til UMFÍ
- **5%** til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ
  úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:



15% til reksturs svæðisstöðva íþróttahéraða

85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs

III. Regla vegna skiptingar til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða

Úthlutun á hluta til reksturs svæðisstöðva íþróttahéraða er ekki háð skilyrðum.

IV. Regla vegna skiptingar til sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

V. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýnir forsendur fyrir úthlutun.

Fyrirvari

Sé fjármögnun til svæðisstöðva íþróttahéraða frá ríkisvaldi ekki framlengd skal taka afstöðu til framhalds málsins á sambandsráðsfundi 2026.

Notast skal við útgefnar tölur frá Hagstofu Íslands í janúar ár hvert og greitt út eftir þeim út árið.

Samþykkt á 54. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Stykkishólmi.



LOTTÓÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

		2025	2024	2023
	Austurland (Svæðisstöðvar)	6.779.447	3.703.202	
UÍA	Ungmenna og íþróttasamband Austurlands	8.876.338	10.765.808	14.792.944
USÚ	Ungmennasambandið Úlfljótur	1.677.081	3.793.192	7.455.884
		17.332.866	**18.262.202**	**22.248.828**
	Höfuðborgarsvæði (Svæðisstöðvar)	6.779.447	3.703.203	
ÍBH	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	26.971.134	14.603.675	
ÍBR	Íþróttabandalag Reykjavíkur	102.221.534	55.904.518	
UMSK	Ungmennasamband Kjalarnesþings	67.006.816	74.248.648	89.114.130
		202.978.931	**148.460.044**	**89.114.130**
	Norðurland eystra (Svæðisstöðvar)	6.779.447	3.703.203	
HSÞ	Héraðssamband Þingeyinga	3.796.672	6.215.101	10.040.192
ÍBA	Íþróttabandalag Akureyrar	16.335.237	8.970.293	
UÍF	Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar	1.395.575	3.150.250	6.624.148
UMSE	Ungmennasamband Eyjafjarðar	3.749.188	5.451.822	8.703.482
		32.056.119	**27.490.669**	**25.367.822**
	Norðurland vestra (Svæðisstöðvar)	6.779.447	3.703.202	
UMSS	Ungmennasamband Skagafjarðar	3.508.014	5.758.471	9.861.963
USAH	Ungmennasamband Austur-Húnvetninga	1.557.945	3.309.212	6.624.148
USVH	Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga	843.722	2.383.947	5.762.715
		12.689.128	**15.154.831**	**22.248.826**
	Suðurland (Svæðisstöðvar)	6.779.447	3.703.203	
HSK	Héraðssambandið Skarphéðinn	21.638.657	27.862.890	31.576.108
ÍBV	Íþróttabandalag Vestmannaeyja	3.522.262	1.906.539	
USVS	Ungmennasamband Vestur-Skaftfellinga	773.571	2.479.160	5.881.531
		32.713.937	**35.951.791**	**37.457.639**
	Suðurnes (Svæðisstöðvar)	6.779.447	3.703.203	
ÍRB	Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	17.783.731	9.594.558	
ÍS	Íþróttabandalag Suðurnesja	5.674.300	4.257.374	
		30.237.478	**17.555.135**	**0**
	Vestfirðir (Svæðisstöðvar)	6.779.447	3.703.203	
HHF	Héraðssambandið Hrafna-Flóki	896.543	2.469.427	1.336.713
HSB	Héraðssamband Bolungarvíkur	765.178	2.175.507	653.503
HSS	Héraðssamband Strandamanna	312.051	1.844.076	5.317.144
HSV	Héraðssamband Vestfirðinga	3.089.521	5.549.630	9.238.165
		11.842.740	**15.741.843**	**16.545.525**
	Vesturland (Svæðisstöðvar)	6.779.447	3.703.202	
HSH	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	3.076.077	5.020.664	9.178.758
ÍA	Íþróttabandalag Akraness	7.436.358	3.959.302	
UDN	Ungmenna- og íþróttasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga	668.449	2.208.113	5.287.439
UMSB	Ungmennasamband Borgarfjarðar	3.758.956	5.747.993	8.198.500
		21.719.287	**20.639.274**	**22.664.697**
	Bein aðild			
	UMFG		930.461	4.039.841
	Keflavík		9.036.942	14.495.898
	UMFN		4.741.527	10.069.897
	Þróttur V		522.590	2.792.244
	Fjölnir		8.680.053	24.833.138
	Kjalarnes		191.190	1.128.779
	Vesturhlíð		191.190	594.095
	UFA		1.223.620	2.881.356
	Skipaskagi		191.190	564.391
			25.708.764	**61.399.639**
	Samtals	**361.570.485**	**324.964.554**	**297.047.106**









STUÐNINGUR STJÓRNVALDA

Styrkir og framlög stjórnvalda skipta lykilmáli í rekstri og starfsemi UMFÍ. Þau gera sambandinu kleift að standa að stórum viðburðum, efla landsmótsstaði og tryggja áframhaldandi starfsemi hreyfingarinnar.


STUÐNINGUR VIÐ UPPBYGGINGU LANDSMÓTSSTAÐA

UMFÍ hlaut árið 2025 12 m. kr. aukaframlag frá stjórnvöldum sem ráðstafað var til uppbyggingar landsmótsstaða. Þetta var þriðja skiptið sem slíkur samningur var undirritaður. Í nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar fyrir fjárlagafrumvarp 2026 kom fram að UMFÍ fengi 8 m. kr. tímabundið aukaframlag. Þegar UMFÍ gekk eftir því við mennta- og barnamálaráðuneytið að ofangreindir fjármunir, sem tilgreindir voru í fyrrgreindu nefndaráliti og samþykktir voru í meðförum þingsins, yrðu greiddir til félagsins, fengust þau svör að mistök hefðu orðið og fyrrgreindar 8 miljónir kr. hefðu átt að renna til Landssambands ungmennafélaga (LUF). Því væri ekki hægt að verða við óskum UMFÍ um greiðslu á þessum fjármunum. UMFÍ með aðstoð lögmanns félagsins gerði athugasemdir við þessa afgreiðslu við Mennta- og barnamálaráðuneytið. Eftir skeytasendingar og samtöl milli fulltrúa UMFÍ og ráðuneytisins var niðurstaðan sú að UMFÍ fengi aukaframlag uppá 4 m.kr. frá stjórnvöldum.

RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ

Líkt og undanfarin ár hefur ríkisframlag til UMFÍ nánast staðið í stað á milli ára, þrátt fyrir að verðlag hafi hækkað verulega á sama tímabili. Árið 2018 nam ríkisframlag til UMFÍ 129,6 m. kr. en árið 2026 nemur framlagið 138,9 m.kr. – hækkun sem nemur aðeins broti af þeirri verðbólgu sem hefur orðið á tímabilinu. Ef framlagið hefði haldið í við þróun verðlags frá 2018 næmi ríkisframlagið í árið 2026 um 193,8 m. kr. Sé litið lengra aftur í tímann eða til ársins 2008 þegar framlagið var 123,4 m. kr. þá væri ríkisframlagið 2026 í kringum 292,1 m. ef það hefði haldið í við þróun verðlaga, sem er rúmlega tvöfalt hærra en núverandi framlag. Miðað þróun verðlags þá má sjá að ríkiframlag til UMFÍ hefur rýrnað verulega og útlit er fyrir að bilið haldi áfram að breikka að óbreyttu.

RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ Í SAMANBURÐI VIÐ ÞRÓUN VERÐLAGS 2008 -2026



SJÓÐIR

FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóður UMFÍ var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson, formann UMFÍ á árunum 1930–1938. Verkefnasjóður bættist við árið 1987 með það markmið að styðja við fjölbreytt verkefni innan hreyfingarinnar.

Á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 var samþykkt að sameina sjóðina undir einu nafni sem beri heiti þeirra beggja. Markmið sjóðsins er að efla félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, meðal annars með því að auka menntun og þekkingu félagsmanna á íþróttagreinum, félagsmálum og þátttöku í fjölbreyttu starfi.

Tekjustofn sjóðsins er 5% af lottótekjum UMFÍ.

Umsóknir í sjóðina má senda tvisvar á ári, fyrir 1. maí og 1. nóvember. Að jafnaði berast um eða yfir eitt hundrað umsóknir fyrir hvern frest, sem sjóðsstjórn fer yfir og metur með hliðsjón af markmiðum sjóðsins.

Í sjóðsstjórn sitja Sigurður Óskar Jónsson (formaður), Ásdís Helga Bjarnadóttir, Gunnar Þór Gestsson, Hallbera Eiríksdóttir og Valdimar Leó Friðriksson.

ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til:

- Fræðslu- og forvarnarverkefna sem eru til þess fallin að auka þekkingu og fagmennsku innan félags og/eða héraðs.
- Þjálfara- og/eða dómaranámskeiða.
- Verkefna sem stuðla að aukinni þekkingu og varðveislu á menningu og sögu félags og/eða héraðs.
- Verkefna og/eða viðburða sem hafa það að markmiði að efla þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða í íþróttastarfsemi.
- Verkefni sem stuðla að stærðarhagkvæmni og samnýtingu í upplýsingatæknimálum.

ÚTHLUTUN

Alls bárust 160 umsóknir í sjóðinn haustið 2025 og voru 122 umsóknir styrktar. Vorið 2026 bárust sjóðnum 124 umsóknir og hlutu 105 umsóknir styrk.

	VERKEFNI	UPPHÆÐ
2026*	105	16.276.228
2025	195	53.460.552
2024	177	39.221.922
2023	169	20.571.712
2022	163	25.000.000
2021	217	19.590.825
2020	272	20.238.788
2019	206	16.832.000

* Fyrri úthlutun

105 verkefni styrkt

	2026	2025
Höfuðborgarsvæðið	6.234.828	12.212.752
Suðurnes	2.113.000	2.009.000
Vesturland	293.650	4.327.900
Vestfirðir		350.000
Norðurland vestra	4.289.000	1.680.000
Norðurland eystra	1.130.000	1.620.000
Austurland	163.500	2.502.900
Suðurland	2.052.250	3.758.000
Samtals	**16.276.228**	**28.460.552**
Úthlutun björgunarpakka 2025		25.000.000

UMHVERFISSJÓÐUR

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ árin 1979–1993. Stofnféð var framlag frá fjölskyldu Pálma og UMFÍ. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

Pálmi Gíslason (1938–2001) var í forystusveit UMFÍ um áratugaskeið. Hann gegndi m.a. formennsku í íþróttanefnd Ungmennasambands Austur-Húnvetninga (USAH), sat í stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks og Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) auk setu í fjölmörgum landsmótsnefndum. Hann lést af slysförum árið 2001.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Umsóknarfrestur er til 15. maí ár hvert. Skilyrði fyrir styrkúthlutun er að styrkþegi sé félag í UMFÍ og að verkefnið snúi að umhverfismálum.

ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til umhverfisverkefna sem:

- Tengjast ungu fólki.
- Stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.
- Fela í sér nýjungar í umhverfisverndun og nýtingu.



	VERKEFNI	UPPHÆÐ
2026	9	2.825.000
2025	15	6.230.000
2024	6	3.400.000
2023	5	1.850.000
2022	2	675.000
2021	10	730.000
2020	8	1.050.000
2019	8	1.050.000

9 verkefni styrkt

	2026	2025
Höfuðborgarsvæðið	0	2.250.000
Suðurnes	225.000	400.000
Vesturland	300.000	1.180.000
Vestfirðir	250.000	700.000
Norðurland vestra	1.400.000	500.000
Norðurland eystra	400.000	250.000
Austurland	0	350.000
Suðurland	250.000	600.000
Samtals	**2.825.000**	**6.230.000**

ÞRASTASKÓGUR

Þrastaskógur er í eigu UMFÍ og hefur lengi verið vinsæll vettvangur útivistar, fræðslu og samveru. Með verndun og rekstri svæðisins stuðlar UMFÍ að því að almenningur geti notið heilnæmrar útivistar í fallegu umhverfi.

Líkt og undanfarin ár hefur reksturinn í kringum tjaldsvæðið í Þrastaskógi gengið fremur brösuglega og samskipti UMFÍ við leigutaka verið erfið. Eins og áður hefur verið komið inn á í eldri ársskýrslum réðst leigutakinn V63 ehf. í framkvæmdir á tjaldsvæðinu án þess að afla sér tilskilinna leyfa. Hann hefur virt að vettugi beiðnir og tilmæli skipulagsyfirvalda og UMFÍ. Um mitt ár 2025 leit úr fyrir að nýr rekstraraðili kæmi að rekstri Þrastarskógar þegar stjórn UMFÍ féllst á tilboð Mosala ehf. sem nýs rekstraraðila í Þrastaskógi. Tilboðið var sett fram með fyrirvara um fjármögnun. Í mars 2026 rann hins vegar fjármögnunarfresturinn út án þess að félaginu tækist að ljúka fjármögnun og nýr samningur tók þarf að leiðandi ekki gildi. Stjórn UMFÍ tók þá ákvörðun að framlengja ekki umræddan frest og í kjölfarið óskaði stjórn UMFÍ eftir því að V63 ehf. fjarlægði þau mannvirki sem félagið hafði reist án tilskilinna leyfa á tjaldsvæðinu í Þrastaskógi. Félaginu var veittur frestur til 30. júní 2026 til að fjarlægja mannvirkin. Jafnframt var áréttað að V63 ehf. bæri ábyrgð á öllum kostnaði sem hlytist af hinum óleyfisframkvæmdum fyrir landeiganda, þar á meðal kostnaði við að fjarlægja mannvirkin og mögulegum dagsektum. Þar sem mannvirkin höfðu ekki verið fjarlægð innan tilskilins frests var í ágúst 2026 send aðfararbeiðni til Héraðsdóms Suðurlands vegna málsins.

Eins og undanfarin ár hefur verið unnið að grisjun í skóginum í samstarfi við Skógræktarfélag Árnesinga samkvæmt fimm ára grisjunaráætlun. Á næstu árum er jafnframt fyrirséð aukið umfang framkvæmda og viðhalds, meðal annars við endurbætur á göngustígum, grisjun nýrra svæða og almenna umhirðu skógarins. Þessar framkvæmdir munu kalla á aukin útgjöld og gera meiri kröfur til reksturs skógarins en verið hefur. Stjórn UMFÍ hefur því á síðustu misserum leitað leiða til að auka tekjur af starfsemi í skóginum með það að markmiði að rekstur hans verði sem mest sjálfbær og þeirri vinnu verður haldið áfram.





MANNAUÐUR

STJÓRN OG NEFNDIR 2025–2027

STJÓRN

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður.
- Helgi Sigurður Haraldsson, formaður framkvæmdastjórnar.
- Skúli Bragi Geirdal, varaformaður.
- Margrét Hafsteinsdóttir, gjaldkeri.
- Sigurður Óskar Jónsson, ritari.
- Guðný Stefanía Stefánsdóttir, meðstjórnandi.
- Halla Margrét Jónsdóttir, meðstjórnandi.
- Birgir Már Bragason, varastjórn.
- Gunnar Þór Gestsson, varastjórn.
- Ragnheiður Högnadóttir, varastjórn.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, varastjórn.

NEFNDIR

FRAMKVÆMDASTJÓRN

- Helgi Sigurður Haraldsson, formaður.
- Guðný Stefanía Stefánsdóttir.
- Halla Margrét Jónsdóttir.
- Jóhann Steinar Ingimundarson, varamaður.

FJÁRHAGS- OG FASTEIGNANEFND

- Margrét Sif Hafsteinsdóttir, formaður.
- Birgir Már Bragason.
- Benedikt Jónsson.
- Guðmundur Sigurbergsson.
- Hreiðar Mar Björnsson.
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar.

LAGANEFND

- Margrét Sif Hafsteinsdóttir, formaður.
- Kristján B. Thorlacius.
- Þórir Haraldsson.
- Ragnheiður Högnadóttir.
- Rakel Másdóttir.
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, starfsmaður nefndar.

MÓTA- OG VIÐBURÐANEFND

- Helgi Sigurður Haraldsson, formaður.
- Ásgeir Sveinsson.
- Ernir Daði Arnberg Sigurðsson.
- Guðmundur Jónasson.
- Gunnar Gunnarsson.
- Ragnheiður Högnasdóttir.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.
- Sigurður Óskar Jónsson.
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar













UNGLINGALANDSMÓTSNEFND 2026

- Sigfús Ólafur Guðmundsson, formaður
- Helgi Freyr Margeirsson, gjaldkeri
- Þorvaldur Gröndal, ritari
- Ísak Óli Traustason, keppnisstjóri
- Svavar Atli Birgisson, tjaldbúðir og öryggi
- Gunnar Þór Gestsson, tjaldbúðir og öryggi
- Kristinn Briem, tjaldbúðir og öryggi
- María Neves, afþreying
- Thelma Knútsdóttir, sjálfboðaliðar
- Gunnar Páll Ólafsson, svæðisstjórn
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar.

LANDSMÓTSNEFND UMFÍ 50+ 2026

- Haukur Valtýsson, formaður.
- Einar Hafliðason, gjaldkeri.
- Jónína Gunnlaugsdóttir, ritari.
- Þorgerður Guðmundsdóttir, keppnisstjóri.
- Snæþór Arnþórsson, keppnisstjóri.
- Erwin van der Werve, keppnisstjóri.
- Kristín Thorberg, afþreyingarstjórn.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir, veitinga-, tjaldbúða- og öryggisstjórn.
- Skírnir Már Skaftason, veitinga-, tjaldbúða- og öryggisstjórn.
- Davíð Ágústsson, svæðisstjórn.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, fulltrúi stjórnar UMFÍ.
- Valgerður Reykjalín, framkvæmdastjóri UMFE
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar.

FRÆÐSLUNEFND

- Skúli Bragi Geirdal, formaður.
- Birgir Már Bragason.
- Guðný Stefanía Stefánsdóttir.
- Margrét Kristjánsdóttir.
- Nanna K. Kristjánsdóttir.
- Aldís Baldursdóttir, starfsmaður nefndar.
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar.

ÞRASTASKÓGARNEFND

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður.
- Ástþór Ragnheiðarson.
- Helga Guðrún Guðjónsdóttir.
- Helgi Sigurður Haraldsson.
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar.

UNGMENNARÁÐ

- Sara Jóhanna Geirsdóttir, formaður.
- Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson, varaformaður.
- Ágúst Bragi Daðason.
- Daði Þór Jóhannsson.
- Dagur Jónsson.
- Gerður María Sveinsdóttir.
- Guðný Óladóttir.
- Hólmfríður Bjartmarsdóttir.
- Ísleifur Auðar Jónsson.
- Karen Hulda Finnsdóttir.
- Kolbeinn Þorsteinsson.
- Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir.
- Aldís Baldursdóttir, starfsmaður nefndar.
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar.

SKÓLABÚÐANEFND

- Guðný Stefanía Stefánsdóttir, formaður.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.
- Guðrún Aadnegard.
- Sigurður Guðmundsson, starfsmaður nefndar.

UPPLÝSINGATÆKNINEFND

- Halla Margrét Jónsdóttir, formaður.
- Gunnar Gunnarsson.
- Gunnar Þór Gestsson.
- Elísabet Hrund Salvarsdóttir, starfsmaður nefndar.

MIÐLUNAR- OG SAMSKIPTANEFND

- Skúli Rafn Geirdal, formaður.
- Arnór Ásgeirsson.
- Gunnar Gunnarsson.
- Kolbeinn Þorsteinsson, ungmennaráð.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.
- Aldís Baldursdóttir, starfsmaður nefndar.
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, starfsmaður nefndar.

ÚTHLUTUNARNEFND FRÆÐSLU- OG UMHVERFISSJÓÐS

- Sigurður Óskar Jónsson, formaður.
- Ásdís Halla Bjarnadóttir.
- Gunnar Þór Gestsson.
- Hallbera Eiríksdóttir.
- Valdimar Leó Friðriksson.
- Rakel Másdóttir.
- Jóhann Steinar Ingimundarson, varamaður.
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar.

STARFSFÓLK

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ Í REYKJAVÍK

Í þjónustumiðstöð UMFÍ er haldið utan um starf UMFÍ og sambandsaðilum og félagsmönnum veitt ýmis þjónusta. Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík er á 3. hæð í Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg 6.

Í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík starfa (í stafrófsröð):

- Aldís Baldursdóttir, verkefnastjóri.
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri.
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, fjármála- og rekstrarstjóri.
- Elísabet Hrund Salvarsdóttir, fjármál og bókhald.
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa, Göngubókar og fleira.
- Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri.

UMFÍ útvistar upplýsingatækni til Björgvins Jónssonar hjá Certus.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ Á SAUÐÁRKRÓKI

UMFÍ starfrækir þjónustumiðstöð við Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Starfsmaður þar er Ómar Bragi Stefánsson, verkefnastjóri og framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

SKÓLABÚÐIR Á REYKJUM

Í Skólabúðum UMFÍ að Reykjum starfa (í stafrófsröð):

- Elísabet Sif Gísladóttir, eldhús og þrif.
- Gísli Kristján Kjartansson, eldhús.
- Gréta Róbertsdóttir, frístundaleiðbeinandi.
- Hulda Signý Jóhannesdóttir, frístundaleiðbeinandi.
- Ingimar Oddsson, frístundaleiðbeinandi.
- Luis Augusto Aquino, frístundaleiðbeinandi.
- Oddný Bergsveina Ásmundsdóttir, í eldhúsi.
- Rannveig A. Hjartardóttir, frístundaleiðbeinandi.
- Róbert Júlíusson, húsvörður.
- Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður.









SVÆÐISFULLTRÚAR ÍÞRÓTTAHÉRAÐA

- Álfheiður Sverrisdóttir, Vesturland.
- Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Suðurland.
- Emilía Halldórsdóttir, Vesturland.
- Erla Gunnlaugsdóttir, Austurland – í fæðingarorlofi.
- Guðlaugur Arnarsson, verkefnastjóri svæðisstöðva.
- Gunnhildur Gunnarsdóttir, Vesturland – í fæðingarorlofi.
- Halldór Lárusson, Norðurland vestra.
- Jóhanna Íris Ingólfsdóttir, Austurland.
- Jóna Lind Kristjánsdóttir, Vestfirðir.
- Jónas Halldór Friðriksson, Norðurland eystra.
- Ólöf Sara Gregory, Höfuðborgarsvæðið.
- Páll Janus Þórðarson, Vestfirðir.
- Petra Ruth Rúnarsdóttir, Suðurnes.
- Rakel Magnúsdóttir, Suðurland.
- Rebekka Rán Egilsdóttir, Austurland.
- Sigríður Inga Viggósdóttir, Norðurland vestra.
- Sigurður Friðrik Gunnarsson, Suðurnes.
- Stefán Þór Borgþórsson, Höfuðborgarsvæðið.
- Þóra Pétursdóttir, Norðurland eystra.



VIÐURKENNINGAR

HEIÐURSFÉLAGAR

Heiðursfélagar eru að öllu jöfnu kjörnir á sambandsþingum UMFÍ. Þeir hljóta við hátíðlega athöfn heiðursfélagakross UMFÍ, sem er æðsta heiðursmerki sambandsins.

Heiðursviðurkenningar eru að jafnaði afhentar þeim sem áður hafa hlotið gullmerki UMFÍ. Merkum brautryðjendum í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni er jafnframt sýnd þessi sæmd. Á 46. Sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var í Stykkishólmi í október 2025 voru tvö útnefndir heiðursfélagar UMFÍ. Það voru þau Magndís Alexandersdóttir og Einar Haraldsson sem sæmd voru æðstu viðurkenningu UMFÍ.

2025 Einar Haraldsson
2025 Magndís Alexandersdóttir
2023 Haukur Valtýsson
2023 Guðmundur Kr. Jónsson
2021 Anna Ragnheiður Möller
2021 Kristján Elvar Yngvason
2019 Helga Guðrún Guðjónsdóttir
2011 Björn B. Jónsson
2005 Þórir Jónsson
1997 Pálmi S. Gíslason
1993 Sigurður Geirdal
1987 Guðjón Ingimundarson
1987 Hafsteinn Þorvaldsson
1982 Þorsteinn Einarsson
1971 Skúli Þorsteinsson

1969 Eiríkur J. Eiríksson
1969 Sigurður Greipsson
1957 Anders Skåsheim
1957 Bernharð Stefánsson
1957 Guðbrandur Magnússon
1957 Helgi Valtýsson
1957 Jóhannes Jósefsson
1957 Jón Helgason
1946 Björn Jakobsson
1943 Björn Guðmundsson
1940 Vigfús Guðmundsson
1933 Guðmundur Jónsson frá Mosdal
1927 Helgi Valtýsson
1927 Jóhannes Jósefsson
1927 Þórhallur Björnsson



GULLMERKI UMFÍ

Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ.

Gullmerki er veitt þeim sem hefur um árabil unnið öflugt starf fyrir ungmennafélagshreyfinguna, verið í forystu hennar í héraði eða á vettvangi UMFÍ eða í áratugi unnið ötullega að eða tekið þátt í verkefnum UMFÍ. Gullmerki er að jafnaði afhent þeim sem áður hafa hlotið starfsmerki UMFÍ.

Nöfn þeirra sem hlutu gullmerki 2025 – 2026

2026	Óskar Þórðarson	UÍF
2026	Sesselja Kristín Eggertsdóttir	USVH
2026	Katrin Schmitt	USVH
2026	Guðbjartur Gunnarsson	HSH
2026	Sigurþór Hjörleifsson	HSH
2026	Gunnar Gunnarsson	UÍA
2026	Erla Þórey Ólafsdóttir Dýrfjörð	USVS
2026	Fanney Ólöf Lárusdótir	USVS
2026	Sigurður Óskar Jónsson	USÚ
2026	Guðrún Kristín Einarsdóttir	UMSK
2026	Hildur Ýr Arnardóttir	UMSK
2026	Örvar Möller	UMSK
2026	Algirdas Slapikas	UMSK
2026	Eiríkur Mörk Valsson	UMSK
2026	Björn Ingi Gíslason	HSK
2026	Svanur Ingvarsson	HSK
2026	Gísli Árni Jónsson	HSK
2026	Kristinn M. Bárðarson	HSK
2026	Lísa Thomsen	HSK
2026	Sigurður Viggósson	HHF
2025	Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir	ÍBR
2025	Ómar Bragi Stefánsson	UMSS
2025	Klara Bjarnadóttir	ÍSÍ
2025	Lárus Blöndal	ÍSÍ
2025	Ragnheiður Högnadóttir	USVS
2025	Jón Karl Ólafsson	ÍBR
2025	Lilja Sigurðardóttir	ÍBR
2025	Ingvar Sverrisson	ÍBR
2025	Gunnar Kristjánsson	HSH
2025	Steinn Björgvin Jónasson	ÚÍA

*Listi yfir alla gullmerkishafa er á umfi.is

STARFSMERKI UMFÍ

Starfsmerki UMFÍ er veitt fyrir frábært forystustarf í félagi, deild félags eða á vettvangi sambands.

Þar á meðal eru eftirtektarverð átaksverkefni eða nýjungar í starfi, góð virkni eða árangur í skipulags- og félagsstörfum, svo sem með setu í stjórnum eða nefndum og fyrir mikið framlag til ungmenna- og íþróttastarfs.

Nöfn þeirra sem hlutu starfsmerki 2026

2026	Selma Erludóttir	USAH
2026	Péturína Laufey Jakobsdóttir	USAH
2026	Skjöldur Pálmason	HHF
2026	Lilja Sigurðardóttir	HHF
2026	Kjartan Helgason	HSK
2026	Hörður Óli Guðmundsson	HSK
2026	Guðrún Ása Kristleifsdóttir	HSK
2026	Þórarinn Ingólfsson	HSK
2026	Þröstur Ingvarsson	HSK
2026	Guðmundur Ingvarsson	HSK
2026	Elínborg Gunnarsdóttir	HSK
2026	Jónas Páll Björnsson	UMSK
2026	Magnús Valgeir Gíslason	UMSK
2026	Teitur Ingi Valmundarson	UMSK
2026	Guðrún Björg Elíasdóttir	UMSK
2026	Halldór Þórðarson	UDN
2026	Pálmi Jóhannsson	UDN
2026	Árni Jóhannsson	USVS
2026	Ólafur Magnússon	USVS
2026	Þórdís Erla Ólafsdóttir Dýrfjörð	USVS
2026	Sigurmon Þórðarson	UMSS
2026	Helga Daníelsdóttir	UMSS
2026	Sigurður Bjarni Rafnsson	UMSS
2026	Jón Steindór Árnason	ÍBA
2026	Birna Baldursdóttir	ÍBA
2026	Jenný Hólmsteinsdóttir	HSB
2026	Brynja Hafsteinsdóttir	UÍF

*Listi yfir alla starfsmerkishafa er á umfi.is

VERNDARI UMFÍ

Forseti Íslands hefur í áraraðir verið verndari ungmennafélagshreyfingarinnar. Halla Tómasdóttur er verndari ungmennafélagshreyfingarinnar í embætti forseta Íslands.

VERÐLAUN

HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ eru veitt bæði á Sambandsþingi og Sambandsráðsfundi UMFÍ. Verðlaunin eru veitt fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara fram úr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

Á 54. Sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var í Stykkishólmi, hlutu eftirfarandi sambandsaðilar hvatningarverðlaun:

UMSB – veitt verðlaun fyrir eftirtektarvert, fjölbreytt og framsækið starf Ungmennafélags Reykdæla í þágu félagsins og samfélagsins. **ÍBA** – veitt verðlaun fyrir heilbrigðisteymi félagsins sem stuðlar að öryggi og velferð iðkenda og gesta í Skautahöllinni á Akureyri. **UDN**- veitt verðlaun fyrir öflugt og eftirtektarvert starf Íþróttafélagsins Undra í þágu félagsins og samfélagsins. **USÚ** – veitt verðlaun fyrir öflugt og eftirtektarvert starf Ungmennafélagsins Vísis í þágu félagsins og samfélagsins.

FYRIRMYNDARBIKARINN

Hefð er fyrir því við slit Unglingalandsmóts UMFÍ að formaður UMFÍ afhendi Fyrirmyndarbikar UMFÍ þeim sambandsaðila sem hefur sýnt fyrirmyndarframkomu jafnt innan vallar sem utan meðan á mótinu stendur.

Við tilnefningu handhafa Fyrirmyndarbikars UMFÍ er meðal annars horft til þess hvernig fulltrúar sambandsaðila eru við inngöngu á setningarhátíð Unglingalandsmóts hverju sinni, framkomu stuðningsfólks og félagsmanna og annars í þeim dúr, sem skilar því að aðrir líti upp til ungmennafélaganna. Bikarinn var ekki afhentur árin 2020 og 2021 þar sem mótið féll niður þau ár.

Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) hlaut Fyrirmyndarbikar UMFÍ árið 2026.

SIGURÐARBIKARINN

Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu um Sigurð Geirdal, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ.

Sigurðarbikar er afhentur framkvæmdaaðila mótsins hverju sinni í hátíðarmóttöku að lokinni setningu Unglingalandsmóts UMFÍ ár hvert. Mótshaldari varðveitir bikarinn í eitt ár eða fram að næsta móti.

Sigurðarbikarinn er virðingarvottur af hálfu stjórnar UMFÍ fyrir fjölþætta og frábæra framkvæmd sem skilur eftir sig stórbætta uppbyggingu í mannvirkjagerð til íþrótta- og félagsmálastarfs í héraði og félagslegt átak af margvíslegum toga.

Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) fékk bikarinn afhentan árið 2026.

MATMAÐUR UMFÍ

Sú hefð varð til á þingi UMFÍ árið 1979 að velja matmann UMFÍ.

Í lok síðustu máltíðar á þingi UMFÍ er matmaður UMFÍ útnefndur. Þetta getur verið þingfulltrúi eða stjórnarmaður UMFÍ. Dómnefnd sér um valið hverju sinni. Hún horfir meðal annars til framgöngu viðkomandi í matar- og kaffitímum þingsins, beitingu hnífapara, borðsiða og stíls ásamt mörgu fleiru. Dómnefnd er skipuð forseta þingsins hverju sinni og fyrrverandi matmanni. Matmaður UMFÍ fær afhentan ask úr tré og er hann farandgripur til varðveislu í tvö ár eða til næsta þings.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, skólameistarinn og íþróttalýsandi, sem kom á þingið undir merkjum Héraðssambands Þingeyinga (HSÞ) var útnefndur Matmaður sambandsþings UMFÍ árið 2025.














ÁRSREIKNINGUR 2025

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og aðildarfélaga í Ungmennafélagi Íslands

ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settum reikningsskilareglum.

GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Ungmennafélagi Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ungmennafélags Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal veruleg annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 8. maí 2026

ODT ehf.

Sigrún Guðmundsd.

Sigrún Guðmundsdóttir,
löggiltur endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Rekstur UMFÍ 2025 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Rekstrarafkoma ársins er jákvæð uppá 73,3 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 834,8 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er 717,6 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall félagsins var 85%, samanborið við 84% árið 2024.

Starfsemi Skólabúðanna á Reykjum gekk vel og líkt og undanfarin ár voru allar vikur á skólaárinu fullbókaðar. Þá voru í fyrsta skipti haldnar sumarbúðir UMFÍ í júní og var góð þátttaka í þeim en alls komu um 80 krakkar í búðirnar. Rekstur Skólabúðanna gekk heilt yfir vel þrátt fyrir verðhækkanir í aðkeyptum vörum og þjónustu.

Í mars 2025 var undirritaður lóðaleigusamningur við nýjan rekstraraðila að Þrastaskógi. Nýr samningur átti að auka leigutekjur UMFÍ verulega frá fyrri samningi. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um fjármögnun en í mars 2026 rann sá frestur út án þess að nýr rekstraraðili næði að klára fjármögnun. Eldri lóðaleigusamningur mun þar af leiðandi taka gildi á ný en áfram verður unnið að því að eyða óvissu varðandi rekstur tjaldsvæðisins.

Á 54. Sambandsþingi UMFÍ sem haldið var í Stykkishólmi í október 2025 var samþykktur 60 milljóna króna björgunarpakki til íþróttahérað sem greiddur verður út í tvennu lagi í samræmi við tillögur starfshóps sem stjórn UMFÍ skipaði. Greiddar voru út 25 milljónir króna úr fræðslu- og verkefnasjóði og 5 milljónir króna úr aðalsjóði árið 2025. Eftirstöðvarnar, 30 milljónir króna, verða greiddar út seinni hluta árs 2026.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Í stjórn

Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður

Skúli Bragi Geirdal

Margrét Sif Hafsteinsdóttir

Sigurður Óskar Jónsson

Helgi Sigurður Haraldsson

Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Halla Margrét Jónsdóttir

Birgir Már Bragason

Gunnar Þór Gestsson

Ragnheiður Högnadóttir

Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson

Framkvæmdastjóri

Auður Inga Þorsteinsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2025

	Skýr.	2025	2024
REKSTRARTEKJUR			
Ríkisframlag	3	137.556.100	136.190.000
Lottó	4,12	457.684.158	411.347.409
Þátttökugjöld	5	159.466.268	133.684.874
Aðrar tekjur	6	188.093.499	184.635.336
		942.800.025	**865.857.619**
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	7	201.352.038	188.547.129
Lottó til sambandsaðila		361.570.485	324.964.454
Annar rekstrarkostnaður	8	270.016.911	270.597.557
Veittir styrkir	9	68.048.052	41.371.922
Fyrning ársins	11	2.388.000	2.388.000
		903.375.486	**827.869.062**
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða		**39.424.539**	**37.988.557**
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Fjármagnstekjur	10	35.768.767	36.122.415
Fjármagnsgjöld	10	(409.480)	(531.981)
		35.359.287	**35.590.434**
Rekstrarniðurstaða ársins		**74.783.826**	**73.578.991**
ÖNNUR HEILDARAFKOMA			
Liðir sem verða færðir yfir rekstrarreikning: Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	12	(1.465.475)	(21.228.609)
Heildarafkoma ársins		**73.318.351**	**52.350.382**

YFIRLIT UM REKSTUR 2025

	Aðalsjóður	Ungmenna- og skólabúðir	Mótahald (UMFÍ og mótshaldari)	Fræðslu & verkefna sj.	Umhverfis-sjóður	Millideilda viðskipti	Samtals
REKSTRARTEKJUR							
Ríkisframlag	130.678.400		6.877.700				**137.556.100**
Lottó	427.752.572			29.931.586			**457.684.158**
Þátttökugjöld		146.466.954	12.999.314				**159.466.268**
Aðrar tekjur							
Framlög til verkefna og viðburða	53.495.704						**53.495.704**
Jöfnunarsjóður vegna Skólabúða		87.874.190					**87.874.190**
Söluteljur útgáfu	7.197.500		11.842.572				**19.040.072**
Leigutekjur	1.565.280						**1.565.280**
Þátttökugjöld móta og ungmennabúða	2.062.821						**2.062.821**
Ýmsar tekjur	25.992.367			5.713.065	2.550.000	(10.200.000)	**24.055.432**
	648.744.644	**234.341.144**	**31.719.586**	**35.644.651**	**2.550.000**	**(10.200.000)**	**942.800.025**
REKSTRARGJÖLD							
Laun og launatengd gjöld	96.769.386	97.623.066	6.959.586				**201.352.038**
Lottó til sambandsaðila	361.570.485						**361.570.485**
Annar rekstrarkostnaður							
Húsnæðiskostnaður	13.810.094	62.735.973					**76.546.067**
Rekstur tæki og áhöld	4.100.406	3.876.672					**7.977.078**
Fæðiskostnaður Ungmennabúðir		24.621.151					**24.621.151**
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða	10.417.378	6.940.176	61.354				**17.418.908**
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	13.894.720	482.816	25.440				**14.402.976**
Þing-, samráðsfundir og kostn. ársskýrslu	12.726.541						**12.726.541**
Svæðisstjóðvar kostnaður	1.707.682						**1.707.682**
Endurskoðun og bókhaldsþjónusta	1.683.386						**1.683.386**
Önnur aðkeypt þjónusta	775.995	10.200.000				(10.200.000)	**775.995**
Rekstur tölvukerfa	16.261.749	228.461					**16.490.210**
Fræðsluverkefni og erlend samskipti	14.427.229	959.222					**15.386.451**
Útgáfa og kynningarkostnaður	17.601.478	909.786	2.338.380				**20.849.644**
Mótahald	50.623.412	52.278	12.755.132			(4.000.000)	**59.430.822**
Niðurfærsla krafna breyting m ára							**0**
Veittir styrkir	12.290.000			49.528.052	7.430.000	(1.200.000)	**68.048.052**
Afskriftir	2.388.000						**2.388.000**
	631.047.941	**208.629.601**	**22.139.892**	**49.528.052**	**7.430.000**	**(15.400.000)**	**903.375.486**
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða	**17.696.703**	**25.711.543**	**9.579.694**	**(13.883.401)**	**(4.880.000)**	**5.200.000**	**39.424.539**
Fjármagnstekjur	26.646.719			7.832.115	1.289.933		**35.768.767**
Fjármagnsgjöld	(407.480)	(2.000)					**(409.480)**
	26.239.239	**(2.000)**	**0**	**7.832.115**	**1.289.933**	**0**	**35.359.287**
Rekstrarniðurstaða ársins	43.935.942	**25.709.543**	**9.579.694**	**(6.051.286)**	**(3.590.067)**	**5.200.000**	**74.783.826**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2025

EIGNIR	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir: Bifreiðar	11	3.090.000	5.478.000
		3.090.000	**5.478.000**
Áhættufjármunir og langtímakröfur: Eignarhlutur í Íslenskri getspá	12	225.464.788	226.930.263
		225.464.788	**226.930.263**
VELTUFJÁRMUNIR			
Óinnheimtar kröfur	13	42.846.833	32.116.802
Ógreiddar lottótekjur		25.335.271	26.825.715
Aðrar skammtímakröfur	14	10.719.000	6.000.000
Bundið fé sjóða	14	387.204.699	384.243.107
Handbært fé	14	140.096.565	87.804.087
		606.202.368	**536.989.711**
Eignir		**834.757.156**	**769.397.974**

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé	15	717.652.453	644.334.102
		717.652.453	**644.334.102**
SKAMMTÍMASKULDIR			
Óskipt lottófé		25.335.271	21.192.315
Viðskiptaskuldir	16	19.290.805	16.498.787
Aðrar skammtímaskuldir	16	72.478.627	87.372.770
		117.104.703	**125.063.872**
Skuldir		**117.104.703**	**125.063.872**
Eigið fé og skuldir		**834.757.156**	**769.397.974**

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
REKSTRARHREYFINGAR			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarniðurstaða ársins		74.783.826	73.578.991
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	11	2.388.000	2.388.000
Breyting á skuldbindingu vegna sérverkefna		0	(5.000.000)
		77.171.826	**70.966.991**
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(13.958.587)	(6.298.285)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		(7.959.169)	9.274.981
Handbært fé frá rekstri		**55.254.070**	**73.943.687**
Breyting handbærs fjár		**55.254.070**	**73.943.687**
Handbært fé í upphafi árs	14	**472.047.194**	**398.103.507**
Handbært fé í lok árs	14	**527.301.264**	**472.047.194**

SKÝRINGAR

1. STARFSEMI

Ungmennafélag Islands er landssamband ungmennafélaga skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er “Ræktun lýðs og lands” og kjörorðið er “fslandi allt”. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 25 talsins sem skiptast í 24 íþróttahérað og 1 félag með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ með rúmlega 290 þúsund félagsmenn.

Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og f erlendum samskiptum. UMFÍ stendur ennfremur fyrir verkefnum og mótahaldi í samstarfi við aðildarfélög sín.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

GRUNDVÖILUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2025 er gerður með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Arsreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu ársreiknings þessa árs. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

MAT OG ÁKVARÐANIR

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

SKRÁNING TEKNA

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti tilafslátta.

Vaxtatekjur eru færðar á viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu nema ef verulegur vafi ríkir um innheimtu beirra.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Eignarhlutdeild félagsins í samrekstri Íslenskrar getspár sf. hefur verið skilgreind sem fjáreign til sölu til samræmis við markmið stjórnar tengt eigninni. Bókfært verð eignarhlutarins er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð og er eignarhlutdeildin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstrarafkomu Íslenskrar getspár. Mótteknar arðstekjur (lottótekjur) frá Íslenskri getspá eru tilgreindar meðal rekstrartekna en hluteild í afkomu umfram arögreiðslur eru nú færðar meðal eigin fjár og tilgreindar í annarri heildarafkomu.

VIÐSKIPTAKRÖFUR

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

LANGTÍMASKULDIR

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð tilgjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. RÍKISFRAMLAG

	2025	2024
Ríkisframlag - UMFÍ	130.678.400	129.379.250
Ríkisframlag - ULM	6.877.700	6.810.750
	137.556.100	**136.190.000**

4. LOTTÓ

Lottótekjur - UMFÍ	351.771.572	320.568.590
Lottótekjur - UMFÍ viðbótarframlag	75.981.000	61.984.500
Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasjóður	25.932.586	24.128.819
Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasj viðbótarframlag	3.999.000	4.665.500
	457.684.158	**411.347.409**

5. ÞÁTTTÖKUGJÖLD

Þátttökugjöld ungmenna- og skólabúða	146.466.954	123.154.700
Þátttökugjöld móta	12.999.314	10.530.174
	159.466.268	**133.684.874**

6. AÐRAR TEKJUR

	2025	2024
Framlög til verkefna og viðburða	53.495.704	62.468.917
Jöfnunarsjóður vegna Skólabúða á Reykjum	87.874.190	80.826.000
Sölutekjur útgáfu	19.040.072	19.238.856
Leigutekjur	1.565.280	2.531.464
Íslenskar Getraunir	10.000.000	8.000.000
Ýmsar tekjur	16.118.253	11.570.099
	188.093.499	**184.635.336**

7. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

Laun	163.012.092	154.866.666
Áunnið orlof, breyting	1.968.564	(1.635.841)
Tryggingagjald	12.025.412	11.692.676
Lífeyrissjóðsframlag	21.337.974	20.627.454
Sjóðagjöld - mótframlag	3.007.996	2.996.174
	201.352.038	**188.547.129**
Stöðugildi að meðaltali	16,5	16,5

8. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Húsnæðiskostnaður	76.546.067	88.439.111
Rekstur áhalda og tækja	7.977.078	12.328.958
Fæðiskostnaður ungmennabúða	24.621.151	26.375.623
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða	17.418.908	15.836.453
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	16.110.658	12.912.645
Þing- og samráðsfundir	12.726.541	4.713.016
Endurskoðun og bókhaldsþjónusta	1.683.386	1.592.879
Önnur aðkeypt þjónusta	775.995	7.225.833
Rekstur tölvukerfa	16.490.210	16.128.120
Fræðsluverkefni	15.386.451	13.525.882
Útgáfa og kynningarkostnaður	20.849.644	22.004.665
Mótahald	59.430.822	49.514.372
	270.016.911	**270.597.557**

9. VEITTIR STYRKIR

	2025	2024
Veittir styrkir - Fræðslu- og verkefnasjóður	55.228.052	39.221.922
Veittir styrkir - Umhverfissjóður	6.230.000	4.600.000
Veittir styrkir - Lýðháskólar	6.380.000	5.350.000
Veittir styrkir - Aðalsjóður	5.910.000	300.000
Millideilda færslur	(5.700.000)	(8.100.000)
	68.048.052	**41.371.922**

10. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur	35.768.767	36.122.415
	35.768.767	**36.122.415**
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Greiddir vextir og verðbætur	409.480	531.981
	409.480	**531.981**

11. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

	Bifreiðar og kerra	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	11.940.000	11.940.000
Staða í árslok	**11.940.000**	**11.940.000**
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	6.462.000	6.462.000
Afskrift ársins	2.388.000	2.388.000
Staða í árslok	**8.850.000**	**8.850.000**
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	5.478.000	5.478.000
Bókfært verð í árslok	**3.090.000**	**3.090.000**
Afskriftarhlutföll	20%	

Vátryggingaverðmæti lausafjármuna, annarra en bifreiða, nam í árslok 101,5 milljónum króna.
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir - Þrastaskógi	4.480.000	3.500.000
Aðrar lausafjártryggingar		98.073.000
	4.480.000	**101.573.000**

12. EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Félagið hefur eftirfarandi hagsmuni í sameiginlegu verkefni:

Félagið á 13,33% hlutdeild í Íslenskri getspá sf. sem er sameignarfélag en meðeigendur félagsins eru Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands sem á 46,67% hlut og Öryrkjabandalag Íslands sem á 40% hlut.

	Hlutdeild	Stofnfé
Íslensk getspá sf.	13,33%	440.864

	31.12.2025	31.12.2024
Staða í ársbyrjun	226.930.263	248.158.872
Hlutdeild í afkomu	456.218.683	390.118.801
Lottótekjur	(377.704.158)	(344.697.410)
Viðbótaruthlutun Íslenskrar getspár sf.	(79.980.000)	(66.650.000)
Staða í árslok	**225.464.788**	**226.930.263**
Hækkun (lækkun) á milli ára	(1.465.475)	(21.228.608)

13. ÓINNHEIMTAR KRÖFUR

Viðskiptakröfur félagsins um áramótin eru útistandandi gjöld fyrir Ungmenna- og skólabúðir, lóðarleigu í Þrastarlundi og veiðileyfi í Soginu auk tekna af útgáfu Skinfaxa.

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur	43.886.833	33.156.802
Niðurfærsla krafna	(1.040.000)	(1.040.000)
	42.846.833	**32.116.802**

	31.12.2025	31.12.2024
Niðurfærslureikningur krafna í upphafi árs	1.040.000	1.040.000
Breyting á niðurfærslureikningi á árinu	0	0
	1.040.000	**1.040.000**

14. AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR OG PENINGALEGAR EIGNIR

	31.12.2025	31.12.2024
Aðrar skammtímakröfur		
Húnaþing vestra húsaleigutrygging	6.000.000	6.000.000
Aðrar kröfur - inneign á virðisaukaskatti	4.719.000	0
	10.719.000	**6.000.000**
Handbært fé og bundið fé sjóða		
Bankainnistæður aðalsjóður	140.096.565	87.804.087
Bankainnistæður Þrautavarasjóður	89.705.982	83.253.812
Bankainnistæður Fjárfestingasjóður	181.773.255	168.699.077
Bankainnistæður Fræðslu- og verkefnasjóður	96.339.994	111.564.683
Bankainnistæður Umhverfissjóður	19.385.468	20.725.535
	527.301.264	**472.047.194**

15. YFIRLIT YFIR EIGIÐ FÉ

	Eignarhluti í Ísl. getspá	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í upphafi árs 2024	248.158.872	343.824.847	591.983.720
Rekstrarniðurstaða ársins		73.578.991	73.578.991
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	(21.228.609)		(21.228.609)
Eigið fé í lok árs 2024	**226.930.263**	**417.403.838**	**644.334.102**
Rekstrarniðurstaða ársins		74.783.826	74.783.826
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	(1.465.475)		(1.465.475)
Eigið fé í lok árs 2025	**225.464.788**	**492.187.664**	**717.652.453**

16. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	19.290.805	16.498.787
	19.290.805	**16.498.787**
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd laun og launatengd gjöld	24.012.285	20.949.921
Ógreiddir styrkir	39.934.526	38.753.187
Fyrirfram innheimtar tekjur	8.531.816	27.669.662
	72.478.627	**87.372.770**
Fyrirfram innheimtar tekjur - frekari greining:		
Lýðháskólastyrkir	0	7.227.136
Ríkissjóður	0	11.463.000
Aðrir ónotaðir styrkir	3.707.775	8.825.014
	3.707.775	**27.515.150**

17. UPPLÝSINGAR UM LEIGUSAMNINGA

Félagið leigir Reyki í Hrútafirði. Húsaleigusamningurinn gildir í 10 ár frá 22.8.2022 með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Leigufjárhæðin er verðtryggð mv. vísitölu neysluverðs og breytist tvisvar sinnum á ári 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Þjónustumiðstöð Umfí er í leiguhúsnæði að Engjavegi 6, 104 Reykjavík sem leigt er af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands. Samningurinn gildir í 10 ár frá 1.9.2022 og er verðtryggður með byggingarvísitölu til breytinga á 6 mánaða fresti.

	2025	2024
Áhrif ofangreindra leigugreiðslna í rekstrarreikningi er:		
Annar rekstrarkostnaður	**44.541.114**	**43.611.732**

Áætlaðar ónúvirtar leigugreiðslur félagsins greinast þannig á næstu árum:

Leigugreiðslur 2026	44.762.711
Leigugreiðslur 2027	44.762.711
Leigugreiðslur 2028	44.762.711
Leigugreiðslur 2029	44.762.711
Leigugreiðslur síðar	119.367.230
	298.418.074

18. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ungmennafélag Íslands er skráður eigandi að 45 hektara landspildu í Þrastaskógi við Sog. Félagið fékk landið að gjöf á árinu 1911, með þeirri kvöð að ekki er heimilt að selja eða veðsetja umrædda landspildu. Í ljósi takmarkaðs ráðstöfunar- og nýtingaréttar er þessi eign ekki skráð í efnahagsreikning með öðrum eignum félagsins.

UMFÍ og ísí hafa komið á fót átta svæðisstöðvum með stuðningi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Þetta samstarfsverkefni er ætlað að styðja við íþróttahéruð landsins við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og ríkisins í íþróttamálum auk þess að auka þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi með sérstaka áherslu á þátttöku fatlaðra barna, barna af tekjulægri heimilum og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í tengslum við þetta samstarfsverkefni var stofnaður Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar, til að styrkja verkefni sem miða að útbreiðslu íþrótta og aukinni þátttöku barna í íþróttum með áherslu á þátttöku barna með fötlun, af tekjulægri heimilum og með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. ÍSí heldur utan um uppgjörvegna svæðisstöðva og hvatasjóðs.

19. FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

	2025	2024
REKSTRARREIKNINGUR		
Tekjur		
Lottótekjur	29.931.586	24.128.819
Ósóttir bakfærðir styrkir	5.713.065	9.912.010
	35.644.651	**34.040.829**
Gjöld		
Veittir styrkir	53.528.052	39.221.922
	53.528.052	**39.221.922**
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	**(17.883.401)**	**(5.181.093)**
Fjármagnstekjur og (gjöld)		
Vaxtatekjur	7.832.115	8.164.231
	7.832.115	**8.164.231**
Rekstrarniðurstaða	**(10.051.286)**	**2.983.138**

19. FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR (FRAMHALD)

	31.12.2025	31.12.2024
EFNAHAGSREIKNINGUR		
Eignir		
Krafa á eigin sjóði	71.889.719	1.877.800
Handbært fé	96.349.894	111.564.683
	168.239.613	**113.442.483**
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Eigið fé 01.01	74.939.796	67.291.158
Afkoma ársins	(17.883.401)	2.983.138
	57.056.395	**70.274.296**
Skuldir		
Ógreiddir styrkir	38.120.916	38.502.687
	38.120.916	**38.502.687**
	95.177.311	**108.776.983**

20. UMHVERFISSJÓÐUR

	2025	2024
REKSTRARREIKNINGUR		
Tekjur		
Önnur framlög	1.200.000	1.200.000
Ósóttir bakfærðir styrkir	1.350.000	0
	2.550.000	**1.200.000**
Gjöld		
Veittir styrkir	7.430.000	3.400.000
	7.430.000	**3.400.000**
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	**(4.880.000)**	**(2.200.000)**
Fjármagnstekjur og (gjöld)		
Vaxtatekjur	1.289.933	200.592
	1.289.933	**200.592**
Rekstrarniðurstaða	**(3.590.067)**	**(1.999.408)**

20. UMHVERFISSJÓÐUR (FRAMHALD)

	31.12.2025	31.12.2024
EFNAHAGSREIKNINGUR		
Eignir		
Krafa á eigin sjóði	1.200.000	0
Handbært fé	18.155.732	19.365.799
	19.355.732	**19.365.799**
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Eigið fé 01.01	15.115.299	17.114.707
Afkoma ársins	(4.880.000)	(1.999.408)
	10.235.299	**15.115.299**
Skuldir		
Ógreiddir styrkir	9.230.500	4.250.500
	9.230.500	**4.250.500**
	19.465.799	**19.365.799**

SVÆÐISSTÖÐVAR – REKSTRARREIKNINGUR 2025

	2025	2024
REKSTRARTEKJUR		
Framlag ríkissjóðs	182.603.169	35.323.485
Lottótekjur frá ÍSÍ	101.138.695	50.152.000
Lottótekjur frá UMFÍ	54.235.574	29.625.622
	337.977.438	**115.101.107**
REKSTRARGJÖLD		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	211.626.898	101.189.115
Húsaleiga	8.901.811	3.570.639
Ferða- og fundakostnaður	15.652.143	4.596.309
Annar kostnaður	15.206.586	5.745.044
Styrkir úr Hvatasjóði	86.590.000	0
	337.977.438	**115.101.107**
Afkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	**0**	**0**
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)		
Vaxtatekjur	28.093.813	36.074.329
Vaxtagjöld	(1.528)	0
	28.092.285	**36.074.329**
Afkoma ársins	**28.092.285**	**36.074.329**

SVÆÐISSTÖÐVAR – EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2025

EIGNIR	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptareikningur ÍSÍ	0	10.538.945
Viðskiptareikningur UMFÍ	4.241.552	0
Handbært fé	309.794.842	390.211.899
Eignir	**314.036.394**	**400.750.844**

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé 1.1.	36.074.329	0
Afkoma ársins	28.092.285	36.074.329
	64.166.614	**36.074.329**
LANGTÍMASKULDIR		
Fyrirfram innheimtar tekjur	0	100.000.000
SKAMMTÍMASKULDIR		
Ógreidd starfsmannagjöld	15.717.611	0
Ógreiddir styrkir	5.190.000	0
Viðskiptaskuldir	7.407.293	0
Viðskiptareikningur ÍSÍ	39.481.530	0
Fyrirfram innheimtar tekjur	182.073.346	264.676.515
	249.869.780	**264.676.515**
Eigið fé og skuldir samtals	**314.036.394**	**400.750.844**

LÖG UMFÍ

LÖG UMFÍ

I. KAFLI: NAFN, FÁNI OG KJÖRORÐ

1. grein

Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.

II. KAFLI: HLUTVERK UMFÍ

3. grein

Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykktri stefnu UMFÍ sem skal vera staðfest á sambandsþingi, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:

- Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átthaga og ættjörð.

III. KAFLI: RÉTTINDI OG SKYLDUR

4. grein

Sambandsaðilar UMFÍ eru íþróttahéruð og Ungmennafélagið Vesturhlíð. Aðildarfélög UMFÍ eru þau félög sem eru í íþróttahéruðum.

5. grein

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja sambandsaðilum úr UMFÍ, með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

6. grein

Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi tillaga þess efnis. Skal sú úrsögn lögð fyrir næsta Sambandsþing UMFÍ og taka gildi frá þeim degi sem sambandsaðili samþykkti úrsögn. Aðili sem gengið hefur úr eða verið vikið úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

7. grein

Hver sambandsaðili innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félaga eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Skattskyldur félagi telst vera sá einstaklingur sem skráður er í félagatal og nær 16 ára aldri á almanaksárinu. Sambandsaðilar semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert eða eftir atvikum innan annars tilgreinds frests sem stjórn UMFÍ hefur staðfest.

8. grein

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í félagaskýrslukerfi UMFÍ, sem skal skila í síðasta lagi innan tilgreinds tímafrests það ár sem þing er haldið, sem hér segir:

- 1 fulltrúa fyrir 1 – 200 skattskylda félaga.
- 2 fulltrúa fyrir 201 – 1999 skattskylda félaga.
- 3 fulltrúar fyrir 2000 – 2999 skattskylda félaga.
- 4 fulltrúar fyrir 3000 – 3999 skattskylda félaga.
- 5 fulltrúar fyrir 4000 – 4999 skattskylda félaga.
- 6 fulltrúar fyrir 5000 – 5999 skattskylda félaga.
- 7 fulltrúar fyrir 6000 – 6999 skattskylda félaga.
- 8 fulltrúar fyrir 7000 – 7999 skattskylda félaga.
- 9 fulltrúar fyrir 8000 – 8999 skattskylda félaga.
- 10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félaga.

Þingfulltrúar geta að hámarki verið 10 fulltrúar. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sameining íþróttahéraða skal ekki leiða til þess að þau fái færri þingfulltrúa á næsta Sambandsþingi en þau höfðu samanlagt á síðasta Sambandsþingi.

Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum
- Afgreiða tillögur
- Staðfesta stefnu UMFÍ hverju sinni
- Lagabreytingar
- Kjósa stjórn
- Kjósa kjörnefnd
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ

Aukaþing skal boða innan tveggja vikna ef 2/3 sambandsaðila óska þess með skriflegum hætti og skal halda þingið eigi síðar en tveimur vikum frá boðun. Einnig getur stjórn boðað til aukaþings. Fulltrúafjöldi á aukaþingi skal vera sá sami og á síðasta lögmæta þingi.

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem sambandsþing UMFÍ er ekki haldið.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu.

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum sem kosnir eru til fjögurra ára. Kosning stjórnar skal vera skrifleg eða rafræn.

Formaður skal kosinn sérstaklega á öðru hvoru Sambandsþingi. Til að formaður hljóti kosningu þarf frambjóðandi að hljóta meirihluta greiddra atkvæða nema hann sé einn í framboði en þá telst hann sjálfkjörinn. Ef slík niðurstaða fæst ekki í fyrstu umferð er kosið aftur milli þeirra tveggja frambjóðenda sem flest atkvæði fengu í fyrri umferð.

Kjósa skal aðra stjórnarmenn í einu lagi og

skal kjósa þrjá á hverju Sambandsþingi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa þrjá einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skulu tveir kosnir á hverju Sambandsþingi til fjögurra ára. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa tvo einstakling sem gefið hefur kost á sér til varastjórnarkjörs. Draga skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar um röð varamanna.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd sem starfar til loka næsta Sambandsþings, og tvo til vara.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir félagar.

Þeir sem kjörnir eru í stjórn eða varastjórn skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá UMFÍ eða sambandsaðilum, né sitja í stjórnum þeirra.

Stjórn kýs úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

• Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.

• Gefa út álit á þeim ágreiningsmálum sem skotið er til hennar.

• Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar

• Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna sbr 16. grein.

V. KAFLI: LANDSMÓT OG UNGLINGALANDSMÓT

13. grein

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ.

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili skuli halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.

Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til íþrótta sé eins góð og kostur er.
- Almenningi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

VI. KAFLI: HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenjumikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukaþingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða.

Á aukaþinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukaþingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukaþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

16. grein

Lögum þessum og reglugerð um skiptingu lottótekna má aðeins breyta á lögmætu Sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

17. grein

Bráðabirgðaákvæði með lögum.

Haustið 2027 verður formaður kjörinn til fjögurra ára. Jafnframt verða 6 meðstjórnendur kosnir, þrír til tveggja ára og þrír til fjögurra ára. Varamenn verða kosnir með sama hætti.

Samþykkt á 54. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Stykkishólmi.

ÁRSSKÝRSLA 2026

46. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR
ÍSAFIRÐI 10. OKTÓBER 2026.



UMFÍ

Ársskýrsla Ungmennafélags Íslands 2026

Ungmennafélag Íslands
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929 / umfi@umfi.is

Október 2026

umfi.is